


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur




PÓSTURINN FYLGIR BLAÐINU Í DAG





# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
18. mars 2011
64. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




**Fjárfestingu þarf til**

*Forstjóri NMÍ telur litlar fjárfestingar standa þjóðfélaginu fyrir þrifum.*

**föstudagsviðtalið 16**

**Lét drauminn rætast**

*Oddur Snær Magnússon tók upp sólóplötu í tilefni af þrítugsafmæli sínu.*

**fólk 38**



**KR og Grindavík leiða**

*Úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla fór af stað í gærkvöldi.*

**sport 34**

**veðrið í dag**




**KALT Í VEÐRI** Í dag verður fremur stíf vestanátt og víða él einkum vestan til en úrkomulítið SA-lands. Dregur úr vindi og ofankomu í kvöld. Frost 1-10 stig.

**VEÐUR 4**








**VORVERK Í HRÍÐINNI** Skipverjar á rússnesku togurunum sem hafa haft vetursetu í Hafnarfjarðarhöfn eru farnir að gera klárt áður en þeir halda út á miðin á ný og voru að hífa kost um borð þegar ljósmyndari átti leið hjá í gær. Skipin þrjú eru jafnan hér yfir háveturinn, en halda aftur til veiða á Reykjaneshrygg með vorinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mennirnir á svarta bílnum ekki hættir

**Menn á svörtum bíl reyndu að lokka drengi upp í bílinn í Engjahverfi í Grafarvogi. Fjórða tilkynningin í þá veru á skömmum tíma. Lögreglan tvístígandi. Málið þykir óvenjulegt og ekki útilokað að mennirnir séu að gera að gamni sínu.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn á svörtum bíl reyndu að lokka tvo drengi upp í bílinn í Engjahverfi í Grafarvogi á miðvikudag. Staðgengill skólastjóra í Engjaskóla sendi foreldrum nemenda tilkynningu um þetta í gær og bað þá um að vera vel á varðbergi.

Þetta er í fjórða sinn sem tilkynnt er um menn á svörtum bíl sem reyna að lokka börn til sín inn í bílinn með ýmsum gylliboðum.

Fyrstu tilvikin voru í Hafnarfirði og Garðabæ í síðustu viku. Lýsingarnar á þeim atvikum voru svipaðar. Í bæði skiptin var um tvo unga menn að ræða sem buðu börnunum sælgæti, leikföng og „flottar fótboltavörur“ gegn því að þau kæmu inn í bílinn. Lýsingarnar þóttu nægilega áþekkar til að draga mætti þá ályktun að sennilega væri um sömu menn að ræða. Ekkert barnanna þáði boðið.

Fyrir réttri viku virðist sem mennirnir hafi aftur verið á ferð við Húsaskóla í Grafarvogi. Aðstoðarskólastjórinn sendi foreldrum þá tilkynningu um málið. Í henni kom fram að tveir menn á svörtum bíl hefðu boðið dreng inn í bílinn að skoða Legókubba. Annar mannanna var sagður með yfirvaraskegg og mjóan hökutopp.

> Börnin sofa sum órólega eftir þetta og eru mjög hrædd þannig að þetta er auðvitað alls ekkert grín.
>
> BJÖRGVIN BJÖRGVINSSON
> YFIRMAÐUR KYNFERÐISBROTADEILDAR

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að málið sé í alla staði mjög óvenjulegt. Nánast algilt sé að menn sem hyggjast níðast á börnum athafni sig einir og beini auk þess athygli sinni nær alltaf að einu barni, en ekki mörgum í einu eins og raunin hefur verið í sumum þessara tilfella.

Af þessum sökum sé lögreglan tvístígandi, þótt hún taki málið mjög alvarlega. Björgvin segir að í ljósi þessa sé ekki hægt að útiloka að mennirnir geri sér þetta að leik og séu í raun alls engir barnaníðingar.

En hvað ef í ljós kæmi að mennirnir væru að gera að gamni sínu? Hvernig tæki lögreglan á því? „Við myndum taka mjög fast á því,“ segir Björgvin, jafnvel þótt ekki væri endilega hægt að refsa þeim fyrir þá háttsemi lögum samkvæmt. „Börnin sofa sum órólega eftir þetta og eru mjög hrædd þannig að þetta er auðvitað alls ekkert grín,“ segir hann.

Fleiri atvik, óskyld þessum, þar sem menn reyna að lokka börn í bíla, hafa komið inn á borð lögreglu að undanförnu. Á einu þeirra hefur fengist eðlileg skýring. - sh

Unnið að viðgerð í Fukushima:

## Rafmagn komst á kjarnakljúf

**JAPAN** Verkfræðingum tókst í gærkvöldi að tengja rafmagn við einn af fjórum kjarnakljúfum í kjarnorkuverinu í Fukushima í Japan. Vonir stóðu til að þeim tækist að ná dælum fyrir kælibúnað kjarnakljúfsins í gang á nýjan leik.

Kjarnakljúfurinn var kældur með sjó í gær til að koma í veg fyrir kjarnorkuslys. Fólki er ráðlagt að halda sig fjarri.

Íslenska utanríkisráðuneytið hvetur Íslendinga til að yfirgefa Tókýó og halda sig í að minnsta kosti 90 kílómetra fjarlægð frá Fikushima. Sendiráð Íslands í Japan býður þeim aðstoð sem þurfa.

Staðfest hefur verið að 5.400 manns hafi látist í hörmungunum og 9.500 sé saknað. Tugir þúsunda hafast við í neyðarskýlum.

- bj / sjá síðu 12

Grein Sigurðar Einarssonar:

## Engin rússnesk fyrirtæki hjá Kaupþingi í Lúx

**HRUNIÐ „Engin rússnesk fyrirtæki voru nokkru sinni með nokkur viðskipti við Kaupthing Luxembourg,“ segir Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag. „Uppspuninn um rússneska leynisjóði og peningaþvætti er innistæðulaus þvættingur.“**

**Í greininni rekur Sigurður nokkur dæmi um það sem hann kallar „óvandaða blaðamennsku á undanförnum dögum“.**

**Hann fjallar um aðgerðir breskra lögregluyfirvalda vegna rannsóknar á Kaupþingi á dögunum og segir Björn Þorvaldsson, aðstoðarsaksóknara hjá sérstökum saksóknara, hafa tekið þátt í þeim sem túlkur. „Sjálfur var ég frjáls ferða minna í eftirmiðdag þessa dags eftir 15 mínútna langa yfirheyrslu og ekki krafinn um neinar tryggingar frekar en aðrir,“ segir Sigurður.** Sjá síðu 22







## SPURNING DAGSINS



*Þórir, var þetta dómaraskandall?*

„Þetta er að minnsta kosti ekki að finna í knattspyrnulögunum.“

Knattspyrnusamband Íslands hefur áminnt nokkra dómara fyrir að hafa farið yfir strikið við busavígslu á árshátíð félagsins. Þórir Hákonarson er framkvæmdastjóri KSÍ.

Þjófar brutust inn í nýbyggingu í hesthúsahverfi Sörla í Hafnarfirði:

# Stálu glænýjum heimilistækjum

**ÞJÓFNAÐUR** Bífræfnir þjófar létu greipar sópa í nýju hesthúsi við Fluguskeið í Sörlahverfinu við Kaldárselsveg aðfaranótt miðvikudags. Meðal þess sem þjófarnir höfðu á brott með sér eru glæný og ónotuð heimilistæki.

Halldóra Einarsdóttir, eigandi hesthússins, segir í samtali við Fréttablaðið að tjónið sé talsvert.

„Það voru menn að vinna í húsinu fram til klukkan tíu á þriðjudagskvöld, en þegar við komum aftur upp eftir á miðvikudagsmorgun var búið að stela þaðan þvottavél, þurrkara, kæliskáp, helluborði, veggofni og örbylgjuofni.“ Öll tækin eru af gerðinni AEG, nema örbylgjuofninn sem er af gerðinni Samsung.

Halldóra segir að lögreglu hafi verið gert viðvart, en þau hafi heyrt af því að reynt hefði verið, án árangurs, að brjótast inn í nágrenninu.

„Þetta er mikill skaði fyrir okkur og gífurlegt áfall. Við erum mjög leið yfir þessu en ef einhver hefur orðið var við dularfullar mannaferðir þessa nótt viljum við biðja viðkomandi um að hafa samband við lögregluna.“ - þj



**STÁLU TÆKJUM** Halldóra Einarsdóttir utan við hesthúsið þaðan sem heimilistækjum var stolið í innbroti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Deilt um för á vinabæjarmót:

# Þrír frá bænum til Finnlands

**SVEITARSTJÓRNIR** Meirihluti bæjarráðs Hafnarfjarðar hefur ákveðið að senda þrjá fulltrúa á vinabæjarmót í Tartu í Finnlandi.

Fulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks segja að í núverandi árferði séu ýmis önnur verkefni í sveitarfélaginu brýnni en ferð bæjarfulltrúa eða embættismanna á vinabæjarmót með tilheyrandi kostnaði.

Meirihlutinn segir hins vegar rétt að „halda þessu áratuga vinabæjarsamstarfi áfram með lágmarkstilkostnaði“. - gar

Kynningarefni á Icesave:

# Afgreiðslan tók fjórar mínútur

**ALÞINGI** Það tók Alþingi aðeins fjórar mínútur að fjalla um og samþykkja þingsályktunartillögu þingflokksformanna allra flokka um að innanríkisráðherra fæli Lagastofnun Háskóla Íslands að útbúa kynningarefni vegna Icesave-atkvæðagreiðslunnar hinn 9. apríl.

Skiptar skoðanir voru meðal fólks í ráðuneytum og á þingi hvort og þá hvernig kynna bæri Icesave. Varð að niðurstöðu að innanríkisráðuneytið stæði að slíkri kynningu og fengi Lagastofnun til verksins.

Var talið nauðsynlegt að þingið ályktaði sérstaklega um málið svo því mætti ýta úr vör. - bþs

Skoðanakönnun um Icesave:

# Um 52 prósent vilja samþykkja

**KÖNNUN Um 52,2 prósent landsmanna myndu samþykkja lög um Icesave yrði gengið til þjóðaratkvæðagreiðslu nú en 47,8 prósent myndu hafna lögunum. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar sem MMR gerði fyrir Viðskiptablaðið.**

**Þeir sem vilja að Ísland gangi í Evrópusambandið eru samkvæmt könnuninni mun líklegri til að vilja samþykkja Icesave en þeir sem andvígir eru aðild.**

**Um 55,7 prósent eru frekar eða mjög andvíg inngöngu í ESB, 14,2 prósent eru hlutlaus og 30,0 prósent eru frekar eða mjög hlynnt.** - bj

## HAMFARIR

### Minningarbók í sendiráði

Minningarbók þar sem fólk getur ritað samúðarkveðju vegna þeirra sem eiga um sárt að binda vegna náttúruhamfaranna í Japan liggur frammi í sendiráði landsins í Reykjavík. Bókin mun liggja frammi til 23. mars.

# Fá sólpall og heitan pott í lóðarkaupum

**Akraneskaupstaður eignast sólpall á Langasandi fyrir að kaupa lóðarskika af Ingibjörgu Pálmadóttur og Haraldi Sturlaugssyni. Minningarsjóður vill gefa heitan pott við pallinn. Fólk á eftir að njóta lífsins hér enn betur segir Ingibjörg.**



**SÓLPALLI MARKAÐUR STAÐUR** Vinir Agnars Sigurðssonar minntust þess í síðustu viku að hundrað ár eru frá fæðingu hans og mörkuðu væntanlegum sólpalli stað með vískídreitli. Sólpallurinn ber nafn Agnars og heitir Aggapallur. Neðan við hann verður heiti potturinn Guðlaug. MYND/ÚR EINKASAFNI

**UMHVERFISMÁL** Akraneskaupstaður hyggst taka tilboði hjónanna Haralds Sturlaugssonar útgerðarmanns og Ingibjargar Pálmadóttur, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, og kaupa 1.200 fermetra lóðarhluta þeirra á útivistarsvæðinu á Breið. Hjónin ætla að nota andvirðið til þess að reisa sólpall fyrir almenning.

Ingibjörg segir að pallurinn verði byggður í minningu Agnars Sigurðssonar, góðs vinar sem hefði orðið 100 ára 10. mars síðastliðinn. Agnar vann hjá fjölskyldufyrirtækinu Haraldi Böðvarssyni undir stjórn fjögurra ættliða. Sólpallurinn mun heita Aggapallur eftir Agnari.

Á eitt hundrað ára afmæli Agnars kölluðu þau Haraldur og Ingibjörg til vini Agnars að bakhlið stúkunnar við íþróttavöllinn á Jaðarsbökkum. „Þegar Agnar varð sjötugur fékk hann mikinn viskíkút frá starfsfélögum sínum. Þótt honum þætti sopinn ekki vondur þá vildi hann geyma þennan kút þar til hundrað ára fæðingardagurinn rynni upp,“ segir Ingibjörg. „Við ákváðum að gera eitthvað táknrænt og því var hellt viskíi á Langasand þar sem sólpallurinn á að rísa.“

Að sögn Ingibjargar stendur einnig til að koma fyrir setlaug neðan við sólpallinn ef leyfi bæjarins fæst. Heita pottinn eigi að kosta úr styrktarsjóði sem Ólafur Guðmundsson úr Sandgerði hafi, ásamt systkinum sínum, stofnað um foreldra þeirra. „Laugin á að heita Guðlaug eftir formóðurinni sem sjóðurinn er kenndur við,“ segir Ingibjörg sem á von á því að framkvæmdir hefjist um leið og veður leyfir.

> Við höldum að með þessu eigi fólk eftir að njóta lífsins enn þá betur á Langasandi.
>
> **INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR**
> FYRRVERANDI HEILBRIGÐISRÁÐHERRA

Pallurinn og laugin verða tengd íþróttamannvirkjunum sem fyrir eru og útivistarsvæðinu Langasandi sem Ingibjörg segir vera mikla paradís. „Við höldum að með þessu eigi fólk eftir að njóta lífsins enn þá betur á Langasandi. Á sumrin leika börnin sér oft í sjónum og þá er gott að ylja sér í pottinum. Foreldrarnir geta svo legið á pallinum og fylgst með,“ segir hún.

Bæjarráð Akranes segir tilboð Ingibjargar og Haraldar vera rausnarlegt og sýna velvilja í garð bæjarfélagsins. Búist er við að endanlega verði gengið frá málinu á bæjarstjórnarfundi á þriðjudag. Ingibjörg segir pallinn og setlaugina munu kosta í kringum tíu milljónir króna. „Síðan erum við að láta okkur dreyma um að bæta við þetta seinna en ætlum ekki að fara lengra í bili,“ segir ráðherrann fyrrverandi. gar@frettabladid.is



**TORGIÐ RÝMT** Her og lögregla beittu mótmælendur hörku. NORDICPHOTOS/AFP

Hörku beitt í Barein:

# Reynt að berja niður mótmæli

**BAREIN, AP Hermenn og lögregluþjónar konungsstjórnarinnar í Barein hafa með aðstoð hermanna frá Sádi-Arabíu reynt að berja niður mótmæli sjía-múslima, sem eru í minnihluta í landinu en segja sér mismunað.**

**Að minnsta kosti sjö leiðtogar stjórnarandstöðunnar voru handteknir í gær. Á miðvikudag var bæði táragasi og vopnum beitt til að ryðja Perlutorgið í höfuðborginni Manama þar sem mótmælendur hafa hafst við.**

**Að minnsta kosti fimm manns létu lífið í átökum víða í borginni og nágrenni hennar.** - gb

## LÖGREGLUMÁL

### Rúta fór út af veginum

Engin slys urðu á fólki þegar rúta, full að ferðamönnum, fór út af þjóðvegi eitt við Vík í Mýrdal um fimm leytið í gær. Mildi þykir að rútan hafi ekki oltið því vegkanturinn sem hún fór út af er töluvert brattur. Björgunarsveitin Víkverji í Vík dró rútuna aftur upp á þjóðveg.

## SKÓLAMÁL

### Foreldrafundir á morgun

Reykjavíkurborg stendur á morgun fyrir opnum fundum með foreldrum skóla og leikskólabarna vegna fyrirhugaðra sameininga. Fyrir Laugardal, Háaleiti og Bústaðahverfi verður fundur klukkan 11 í Réttarholtsskóla og klukkan 14 verður fundað með foreldrum í Vesturbæ og Miðborg/Hlíðum, í Hlíðaskóla.






Liðsmenn Gaddafís virðast vera að ná yfirhöndinni í Líbíu á ný:

# Herjað á höfuðvígi uppreisnar

**LÍBÍA, AP** Uppreisnarmenn í Líbíu skutu niður að minnsta kosti tvær sprengjuflugvélar stjórnar Múammars Gaddafí í gær. Vélarnar gerðu árásir á borgina Tubruk, sem uppreisnarmenn hafa haft á valdi sínu.

Hörð átök hafa haldið áfram í landinu. Stjórnarherinn stefnir í áttina að borginni Bengasí, sem hefur verið höfuðvígi uppreisnarmanna.

Liðsmenn Gaddafís höfðu umkringt borgina Ajdabiya, sem er síðasta stóra borgin á veginum við strönd Miðjarðarhafs áður en komið er að Bengasí. Allt benti til þess að Ajdabiya myndi falla í hendur stjórnarliða, sem ættu þá greiða leið að Bengasí.

Uppreisnarmenn hafa nú sett allt sitt traust á öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Ráðið sat á fundi þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Sérfræðingar töldu líklegt að ráðið myndi samþykkja að setja á flugbann yfir Líbíu þó að einhverjar þjóðir kynnu að sitja hjá við afgreiðslu málsins. - gb



**SKÓLABÖRN MEÐ GADDAFÍMYNDIR** Í höfuðborginni Trípólí voru skólabörn send út á götur til stuðnings Gaddafí. NORDICPHOTOS/AFP

Ár slaufunnar

CHEVROLET
Gæði í 100 ár

Samhent hjón:

**Hjón fengu afhenta bíla nr. 100 og 101**



**FÓLK** Halldór Gunnlaugsson sölufulltrúi hjá Bílabúð Benna afhenti á dögunum hjónunum Guðbjörgu Benónýsdóttur og Gunnari Sizemore lyklana af sitt hvorum Chevrolet Spark. „Það er skemmtileg tilviljun, á 100. afmælisári Chevrolet, að hjón skildu kaupa bíla númer 100 og 101. Við hjá Bílabúð Benna færum þeim því tvöfaldar hamingjuóskir,“ segir Halldór.

CHEVROLET





# Söluhæstur á Íslandi!

**108 Chevrolet bílar hafa verið nýskráðir það sem af er ári á Íslandi.**

Ekkert lát er á sókn Chevrolet á íslenska bílamarkaðnum. Nú hafa borist sölutölur fyrir febrúarmánuð. **Þær staðfesta að sífellt fleiri Íslendingar kjósa skynsamlega kostinn og gera Chevrolet gæðin að sínum.**

**Sölutölur nýrra fólksbíla til 11.03.2011**

| **Tegund:** | **Alls:** |
|---|---|
| CHEVROLET | 108 |
| Toyota | 46 |
| Kia | 30 |
| Volkswagen | 30 |
| Skoda | 27 |
| Honda | 26 |
| Nissan | 23 |
| Suzuki | 22 |
| Hyundai | 19 |
| Aðrar tegundir | 15 |

Samtals fjöldi nýrra fólksbíla á árinu: 346

Heimild: Upplýsingatorg Umferðastofu - www.us.is
17.03.2011




www.benni.is

Við erum á Facebook
Like
www.facebook.com/bilabudbenna

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000 - www.benni.is
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3330
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - sími 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## GENGIÐ 17.03.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,87 | 115,41 |
| Sterlingspund | 185,41 | 186,31 |
| Evra | 160,98 | 161,88 |
| Dönsk króna | 21,580 | 21,706 |
| Norsk króna | 20,372 | 20,492 |
| Sænsk króna | 17,833 | 17,937 |
| Japanskt jen | 1,4625 | 1,4711 |
| SDR | 160,98 | 161,88 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,0823

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Traust á forseta Íslands eykst verulega en traust á forystumönnum stjórnarflokkanna hefur dalað umtalsvert:

# Traust á Jóhönnu fellur úr 64 í 17 prósent

**KÖNNUN** Verulega hefur dregið úr trausti almennings á Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra samkvæmt skoðanakönnun MMR.

Alls segjast 16,9 prósent treysta Jóhönnu í nýrri könnun MMR, en 23,9 prósent báru traust til hennar í síðustu könnun, sem gerð var í maí í fyrra. Fallið er þó mun hærra ef farið er lengra aftur, en 63,6 prósent treystu Jóhönnu í sambærilegri könnun sem gerð var í desember 2008.

Traust almennings á Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra hefur einnig minnkað. Nú segjast 22,3 prósent bera traust til Steingríms, en 37,6 prósent sögðust treysta honum í maí í fyrra.

Traust á Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, eykst hins vegar milli kannana, og nálgast nú það sem var árið 2008. Nú segjast 41,7 prósent þeirra sem afstöðu tóku treysta forsetanum, en 26,7 prósent treystu honum í maí í fyrra.

Traust almennings á Bjarna Benediktssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins, eykst milli kannana. Um 19,1 prósent segist treysta honum nú, en 13,8 prósent treystu honum í síðustu könnun.

Litlar breytingar hafa orðið á trausti almennings á Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanns Framsóknarflokksins. Alls segjast 15,3 prósent treysta honum nú, svipað hlutfall og í maí í fyrra.

Könnunin var síma- og netkönnun, gerð 8. til 11. mars. Alls tóku 902 þátt í könnuninni. **- bj**



**TRAUST** Færri treysta Jóhönnu Sigurðardóttur nú, en fleiri Ólafi Ragnari Grímssyni.

Krónan innkallar lasagna:

## Ofnæmisvaldur ekki merktur

**NEYTENDUR** Krónan, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, hefur innkallað úr verslunum sínum „Lasagna ferskt“, merkt versluninni.

Er það gert vegna þess að ofnæmis- og óþolsvaldurinn glúten er ekki merktur á umbúðum vörunnar. Ekki kemur fram í innihaldslýsingu á umbúðum vörunnar að hún inniheldur afurðir úr korni sem inniheldur glúten. Korn sem inniheldur glúten og afurðir úr því eru á lista yfir ofnæmis- og óþolsvalda og eiga að vera skýrt merktar á umbúðum matvæla. **- sv**

Mottumars að ná hámarki:

## Mottudagurinn haldinn í dag

**SAMFÉLAGSMÁL Mottudagurinn er haldinn í dag, en þessi dagur er hluti af átakinu Mottumars, þar sem safnað er áheitum til að kosta forvarnir og rannsóknir á krabbameini í körlum.**

**Í dag eru landsmenn hvattir til að láta karlmennskuna njóta sín, eins og segir í tilkynningu frá Krabbameinsfélaginu, og skarta öllum mögulegum karlmennskutáknum. Þá verða mottunælur seldar um land allt um helgina.**

**Þegar hafa safnast 12 milljónir það sem af er mánuðinum, en einstaklingar og fyrirtæki eru hvött til að láta sitt ekki eftir liggja. - bj**

### LEIÐRÉTTING

Ranglega var sagt í blaðinu í gær að Ragnar Önundarson hefði ítrekað vænt Fjármálaeftirlitið um að leka gögnum um samráð á greiðslukortamarkaði til fjölmiðla. Hið rétta er að hann hefur vísað til Samkeppniseftirlitsins.



**NÝBYGGINGAR RISNAR ÚR ÖSKUNNI** Húsin í Lækjargötu 2 og Austurstræti 22 eyðilögðust í stórbruna í apríl fyrir þremur árum. Í maí verða ný hús á reitnum tilbúin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LAUGAVEGUR 4 OG 6** Endurgerðinni er að ljúka og leigjendur taka við 1. apríl.

# Hafnar 500 milljóna boði í brunareitshús

**Framkvæmdum við nýbyggingar á brunareitnum við Lækjartorg lýkur í maí og endurbyggð hús á Laugavegi 4 og 6 verða tilbúin í apríl. 500 milljóna króna tilboði í brunareitshúsin var hafnað. Talsverður hluti er kominn í útleigu.**

**REYKJAVÍKURBORG** Áætlað er að framkvæmdum við uppbyggingu á Laugavegi 4 og 6 og á brunareitnum svokallaða við Lækjartorg ljúki á næstu vikum. Í apríl verða húsin á Laugavegi tilbúin og byggingarnar á brunareitnum í maí.

Allar þessar byggingar eru reistar af Reykjavíkurborg. Kristín Einarsdóttir, aðstoðarsviðsstjóri framkvæmda- og eignasviðs, segir bæði Laugaveg 4 og 6 vera komna í útleigu og verða afhenta leigjendum 1. apríl. Fyrirtækið Timberland hyggist opna verslun á Laugavegi 6 og félagið Power muni reka lífsstílsbúð á Laugavegi 4.

Við Lækjartorg hafa eigendur Fiskmarkaðarins tryggt sér fyrstu hæðina og kjallarann í svokölluð Nýja bíós húsi í Austurstræti 22b. Þar á að vera veitingastaður á tveimur hæðum. Efri hæðirnar tvær í því húsi eru enn lausar. Þær eru ætlaðar fyrir skrifstofur eða vinnustofur.

Í húsinu við Lækjargötu 2 hefur skartgripa- og úraverslunin Leonard leigt rými. Þar verður einnig Nordic Store sem sérhæfir sig í íslenskum vörum. Í Austurstræti 22 – nýja húsinu sem snýr út að Lækjartorgi – verður heilsuveitingastaðurinn Happ.

Að sögn Kristínar Einarsdóttur vill borgin allt eins selja húsin á brunareitnum. „Við viljum selja húsin í einu lagi enda eru þau á einni lóð,“ segir Kristín. Hún bætir við að enginn verðmiði sé á eignunum en að öllum sé frjálst að gera tilboð. Reyndar hafi nokkrum tilboðum þegar verið hafnað því að þau hafi ekki verið nógu há.

„Það hafa engin alvörutilboð komið. Ég kalla það að minnsta kosti ekki alvöru eins og einn aðili nefndi við mig að hann vildi borga fimm hundruð milljónir fyrir eignirnar,“ segir Kristín. Að frádregnu tryggingarfé greiddi borgin í 369 milljónir fyrir byggingarréttinn á brunareitnum. Áætlaður byggingarkostnaður er í kringum eitt þúsund milljónir króna. Kostnaðurinn nálgast því hálfan annan milljarð.

Byggingarkostnaður við Laugaveg 4 og 6 er um 130 milljónir. Borgin keypti þær eignir ásamt Skólavörðustíg 1a með byggingarrétti á 560 milljónir króna. Húsin þrjú standa á sameiginlegum reit og þar er enn hægt að byggja töluvert á baklóðinni. **gar@frettabladid.is**



**FASTEIGNAMARKAÐURINN** Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað lítillega að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fasteignamarkaðurinn:

## Hækkun á vísitölu íbúðaverðs

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu var 308,1 stig í febrúar síðastliðnum og hafði hún hækkað um 1 prósent frá janúar. Þetta kemur fram í tölum Þjóðskrár Íslands.

Síðastliðna þrjá mánuði hefur vísitalan hækkað um 0,6 prósent, síðastliðna sex mánuði um 1,8 prósent og um 2 prósent síðastliðna tólf mánuði.

Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu sýnir breytingar á vegnu meðaltali fermetraverðs og er upphafspunktur hennar janúar 1994. Hæst fór vísitalan í 357,3 í október árið 2007. **- þj**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ölvaður keyrði utan í bíla**

Ölvaður, dópaður og próflaus ökumaður ók á jeppa sínum utan í fjóra kyrrstæða bíla og ljósastaur við Hverfisgötu í Hafnarfirði um miðnætti í fyrrinótt. Maðurinn var handtekinn. Jeppinn er stórskemmdur en bílarnir fjórir eitthvað minna.

**Innbrot í fimm bíla**

Brotist var inn í fimm bíla í Reykjavík í fyrrinótt. Úr þeim var stolið GPS-tækjum og fartölvum en þjófarnir voru á ferðinni í miðborginni, Vesturbænum og Skerjafirði. Sem fyrr ítrekar lögreglan að verðmæti séu ekki skilin eftir í bílum.




**Afmælistilboð Domo**

BBQ svínarif, franskar eða bökuð kartafla og hrásalat 1.490 kr.

DOMO

ÞINGHOLTSSTRÆTI 5 · SÍMI 552 5588

DOMO.IS


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**ÁFRAM NOKKUÐ VETRARLEGT** Það verður nokkuð vetrarlegt um að litast um helgina enda verður áfram kalt í veðri og er spá éljum í allflestum landshlutum. Á morgun hlýnar þó lítillega sunnan og austan til og suðvestanlands á sunnudag.



**Á MORGUN** Stíf SV-átt A-til, annars hæg norðlæg.

**SUNNUDAGUR** 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 10° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 20° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | -1° |
| París | 13° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# Danske dager




**Jensen´s BBQ svínarif**
- sem þarf aðeins að hita í ofni eða á grilli

**Jensen´s sósur**
- þarf aðeins að hita
frábærar með öllum mat




**Graasten brauðsalöt**
fjöldi tegunda




**Svínasíða**
ribbensteg að dönskum sið




**Fylltar svínalundir**
með dönskum gráðosti




**Hamborgarhryggur**
að dönskum sið




**Svínabuff**
að dönskum sið




**Jaka Bov skinka**




**Kökur**
Krókant og súkkulaði




**Dr. Oetker íssósur**
3 tegundir




**Kims beikon snakk**




**Bisca kex og kökubitar**




**Hreinn djús**
3 tegundir




**Guf danskt ískrem**
jarðaberja




**Dönsk glassúr kaka**




**Danskir gosdrykkir**

SPILUM SAMAN

Gildir til 20. mars á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Ert þú búin(n) að skila skattaframtalinu?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 25,9% |
| NEI | 74,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er eðlilegt að handhafar forsetavalds þiggi laun þegar forseti Íslands er erlendis?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Mahmoud Abbas býður Hamas aðild að nýrri Palestínustjórn:

# Ætlar til Gasa á sáttafund

**PALESTÍNA, AP** Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, hefur tilkynnt að hann ætli ekki að bjóða sig fram til forseta aftur. Hann býðst jafnframt til að gefa Hamas-samtökunum tækifæri til að vera með í nýrri stjórn.

Á miðvikudag sagðist hann reiðubúinn að fara til Gasa að hitta Ismaíl Haniyeh, leiðtoga Hamas þar. Haniyeh tók vel í tilboðið og ætlar að skipuleggja heimsóknina, sem stefnt er að á næstu dögum.

Abbas hefur ekki komið til Gasa síðan blóðugum átökum milli Fatah og Hamas lauk árið 2007 með því að Hamas-liðar tóku völdin á Gasa-strönd en Fatah á Vesturbakkanum.

Abbas hefur boðað til kosninga í haust, en þó aðeins ef sættir takast fyrst milli þessara tveggja helstu fylkinga Palestínumanna.

Á þriðjudag héldu þúsundir Palestínumanna út á götur bæði á Vesturbakkanum og á Gasasvæðinu og kröfðust þess að leiðtogar fylkinganna bindi enda á djúpstæðan ágreining sinn. **- gb**



**MAHMOUD ABBAS** Hefur tilkynnt að hann ætli ekki að bjóða sig aftur fram til forseta Palestínustjórnar. NORDICPHOTOS/AFP

Ósætti í Hólabrekkuskóla:

# Fordæma sameiningu skóla

**MENNTAMÁL Foreldrar nemenda við Hólabrekkuskóla í Breiðholti eru afar ósáttir við fyrirhugaðar breytingar á starfi skólans en til stendur að sameina skólann við Fellaskóla.**

**Ályktun var samþykkt á fundi sem haldinn var um málið þar sem tillögur um sameiningu voru fordæmdar.**

**„Þetta eru róttækar breytingar sem skapa óróa og óstöðugleika í viðkvæmu samfélagi okkar," segir meðal annars í yfirlýsingu frá foreldrum. - sv**








**GÓÐUR DAGUR** Edwin van der Sar, markvörður Manchester United, og Tryggvi Jón eftir sigurleik liðsins gegn Arsenal á laugardaginn var. MYND ÚR EINKASAFNI

# Draumurinn rættist

**Fimmtán ára strákur með sjaldgæfan hrörnunarsjúkdóm er enn að átta sig á að heimsókn á heimavöll Manchester United um síðustu helgi var ekki draumur. Liðið hans sigraði og markvörður United heilsaði upp á hann að leik loknum.**

**FÓLK** Langþráður draumur Tryggva Jóns Jónatanssonar, fimmtán ára stráks frá Akureyri, rættist um síðustu helgi. Hann heimsótti Old Trafford, heimavöll uppáhaldsfótboltaliðsins síns, Manchester United. Og ekki nóg með það því United lagði Arsenal að velli og að leik loknum heilsaði markvörður United, Edwin van der Sar, upp á Tryggva.

„Tryggvi Jón hefur þráð það heitast í lífi sínu að komast á Old Trafford og nú hefur draumur hans ræst," segir Ásta Reynisdóttir, móðir hans.

Tryggvi Jón er með sjaldgæfan hrörnunarsjúkdóm og er háður hjólastól. Hann hefur misst allan mátt í höndum, hefur örlítinn mátt í fótum, heyrir ekki og sér vart.

Að sögn Ástu bar utanförina brátt að og þurfti að fara krókaleiðir til að fá miða á völlinn. Er Ásta þakklát Kristni Halldóri Einarssyni, formanni Blindrafélagsins, og nokkrum styrktaraðilum sem gerðu ferðina mögulega. Fimm voru í föruneyti Tryggva Jóns; foreldrar hans, tveir aðstoðarmenn og Kristinn Halldór.

Ásta segir Tryggva Jón hafa setið á besta stað ásamt aðstoðarmanni sem hjálpaði honum að fylgjast með öllu sem fram fór með aðstoð tölvubúnaðar. Sjálf sat hún skammt frá og fylgdist með honum. „Hann sat sem aðdáandi númer eitt í sæti fyrir fatlaða og ég fylgdist með svipbrigðunum á honum og bara grét. Slíkar voru tilfinningarnar."

Ásta segir þennan viðburð í lífi sonar síns afskaplega mikils virði. Hann sé mjög hamingjusamur og þakklátur þeim sem gerðu honum kleift að láta drauminn rætast. Hann sé reyndar enn að átta sig á ferðin hafi verið raunveruleg en ekki draumur. „Hann spurði mig síðast í gær hvort þetta hefði verið draumur eða hvort við hefðum í raun farið á Old Trafford."

Það var svo til að kóróna allt að eftir leikinn heilsaði markvörður Manchester-liðsins Edwin van der Sar upp á Tryggva, gaf honum eiginhandaráritun og sat fyrir á mynd með honum. „Ég hef aldrei séð hann jafn hamingjusaman á nokkurri mynd og þessari. Það lýsir af honum," segir Ásta.

**bjorn@frettabladid.is**

### Brown - vialetto - Wan Laere Syndrom

Hrörnunarsjúkdómurinn sem Tryggvi Jón er með heitir Brown - vialetto - Wan Laere Syndrom. Hann er afar sjaldgæfur og er Tryggvi eini Íslendingurinn sem hefur greinst með hann, svo vitað sé. Að sögn Ástu er heyrnarskerðing fyrsta einkenni sjúkdómsins en blinda og lömun fylgja í kjölfarið. Fyrstu einkenni Tryggva Jóns komu í ljós þegar hann var á fimmta ári. Ásta segir að hrörnunin hafi fyrst komið í stökkum en frá ágústmánuði síðastliðnum hafi hrörnunin verið stöðug.






Þingmenn í öllum flokkum lýsa yfir miklum áhyggjum af ástandinu í Líbíu:

# Alþjóðasamfélagið hefur brugðist

**ALÞINGI** Þingmenn úr öllum flokkum lýstu miklum áhyggjum af ástandi mála í Líbíu í utandagskrárumræðu í gær.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sagði að alþjóðasamfélagið hefði brugðist almenningi í landinu. Fyrir fáum dögum hefði virst sem almenningur væri að ná völdum en nú virtist Gaddafí einræðisherra vera kominn með yfirhöndina. Bengasí, síðasta vígi uppreisnarmanna, virðist við það að falla.

Össur tók undir með Gunnari Braga Sveinssyni, þingflokksformanni Framsóknar, sem hóf umræðuna, og harmaði að alþjóðasamfélagið hefði ekki skorist í leikinn.

Þegar umræðan stóð yfir þóttu, að sögn Össurar, litlar líkur á að öryggisráð SÞ kæmist að þeirri einróma niðurstöðu sem þurfi til að ljá hernaðaraðgerðum gegn Gaddafí nauðsynlegt lögmæti.

Gunnar Bragi sakaði alþjóðasamfélagið um hræsni. Þjóðarleiðtogar hefðu fyrir skömmu keppst við að hvetja líbísku þjóðina til dáða og hallmæla harðstjóranum.

„Nokkrum dögum seinna hefur dæmið snúist við," sagði Gunnar Bragi. Gaddafí noti hergögn á almenning sem Vesturlönd hafa séð honum fyrir í skiptum fyrir olíu og gas. „Getur verið að viðskipti með olíu og vopn komi í veg fyrir að íbúum Líbíu sé hjálpað?" spurði Gunnar Bragi. **- pg**




Bílarnir sem vísað er til í þessari auglýsingu eru: IQ 1.0l, Yaris 1.4 Dísel, Auris HSD og Prius HSD. Útlit bílanna í auglýsingunni getur að einhverju leyti verið frábrugðið útliti þeirra bíla sem vísað er til.

**VEISTU SVARIÐ?**

icesave

1. Hvaða stofnun er ætlað að undirbúa kynningarefni fyrir Icesave-bæklinginn?
2. Hvað fékk árásarmaðurinn í Laugardalnum þungan dóm?
3. Hvaða íslenska sjónvarpsefni verður sýnt í Kína?

SVÖR

1. Lagastofnun HÍ 2. Þriggja ára fangelsi 3. Latibær

Íslendingar sjá um að búa til veðurspá fyrir rústabjörgunarsveitir í Japan:

# Belgingur fylgist með hamfarasvæðum

**TÆKNI** Íslenski veðurspávefurinn Belgingur hefur síðastliðna viku reiknað veðurspár í þéttu neti fyrir átakasvæði í Trípólí, höfuðborg Líbíu, og hamfarasvæðið við Fukushima-kjarnorkuverið í Japan.

Veðurspárnar eru reiknaðar í nýju veðurspákerfi sem nefnist SARWeather (Search And Rescue Weather) og lýsa staðbundnu veðri af mikilli nákvæmni. Þær eru unnar í samvinnu við ýmsar alþjóðlegar stofnanir, þar á meðal Sameinuðu þjóðirnar, og nýtast björgunarsveitunum á svæðunum við áætlanagerð. Ef illa fer í Fukushima má nýta gögnin til að áætla dreifingu geislavirkni í næsta nágrenni kjarnorkuversins.

Framkvæmdastjórinn Ólafur Rögnvaldsson segir spákerfi Belgings hafa verið í þróað í nánu samstarfi við Almannavarnir og Slysavarnafélagið Landsbjörgu frá 2007.

„Þegar Gísli Ólafsson, liðsstjóri íslensku rústabjörgunarsveitarinnar á Haítí, bað okkur um veðurspá fyrir svæðið, þá tók það okkur innan við tvo tíma að vinna hana. Þá fyrst áttuðum við okkur á því hversu öflugt tæki við vorum með í höndunum,“ segir Ólafur.

Við spágerðina notar Belgingur opin gögn og hugbúnað frá Bandarísku veðurstofunni og bandaríska háskólasamfélaginu. Annað nýnæmi SARWeather-spákerfisins er að nauðsynlegur tölvubúnaður er leigður af tölvuskýi GreenQloud í Hafnarfirði. Með því móti er nægt reikniafl alltaf tryggt.

Reiknistofa í veðurfræði og GreenQloud verða á meðal þátttakenda í upplýsingatæknimessu sem hefst á morgun. - jab



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÓLAFUR** Björgunarsveitir víða um heim geta bætt áætlanagerð sína með veðurspágögnum Belgings.

Clinton ekki aftur í framboð:

## Segir eitt kjörtímabil nóg

**BANDARÍKIN** Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, ætlar ekki að bjóða sig aftur fram til forseta Bandaríkjanna. Hún ætlar heldur ekki að sækjast eftir því að verða varaforseti né varnarmála- eða utanríkisráðherra. Þetta segir Hillary í samtali við CNN-fréttastofuna.



**HILLARY CLINTON**

„Ég er í besta starfi sem ég get haft. Þetta er tímabil í sögunni þar sem það er nánast erfitt er að ná andanum. Ég er að gera það sem ég vil gera núna og hef hvorki fyrirætlanir né nokkrar hugdettur um að bjóða mig fram aftur,“ segir Hillary. - jhh

Efnahags- og viðskiptaráðherra á ársfundi SVÞ:

## Hafnar hugmyndum um ofurskatta á laun

**EFNAHAGSMÁL** Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, hafnar hugmyndum um „ofurskatta á ofurlaun“.

Í ræðu sinni á ársfundi Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ) í gær sagði ráðherra að stjórnvöld mættu ekki falla í þá gryfju nú að leggja á skatta í pólitískum tilgangi sem gætu haft neikvæð efnahagsleg áhrif. Umboð meirihlutans nái ekki til þess að leggja á skatta „til að mæta pólitískum dægurþörfum“.

Þessi afstaða Árna Páls er í andstöðu við háværar raddir, jafnvel innan stjórnarliðsins, sem kalla eftir sérstökum hátekjusköttum á laun yfir ákveðinni upphæð.

Árni sagði í ræðunni að ekki væru nú forsendur til þess að hækka skatta á launatekjur. „Ofurskattar kunna að eiga við til að hemja óviðráðanlegt launaskrið á þenslutímum en eiga ekkert erindi þegar landsframleiðsla hefur dregist saman í tvö ár í röð [...]. “

Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVÞ, gagnrýndi í ræðu sinni meint afskiptaleysi stjórnvalda gagnvart verslun og þjónustu og kallaði eftir einu öflugu atvinnuvegaráðuneyti þar sem öllum yrði gert jafnt undir höfði.

Þá sagði Margrét að samþykkt Icesave-laga sé „forgangsverkefni þjóðarinnar númer eitt“ og kallaði eftir ríkisstjórn um þjóðarhag, helst samsteypustjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks. - þj



**HÖRÐUR RÆÐIR UM VIRKJUNINA** Norræni fjárfestingarbankinn hefur fram til þessa verið tregur til að lána fjármagn hingað til lands eftir hrunið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Landsvirkjun brýtur ísinn

**Norræni fjárfestingarbankinn leggur 8,6 milljarða króna til Búðarhálsvirkjunar. Erfitt að finna lán til tuttugu ára, segir forstjórinn Hörður Arnarson.**

**VIÐSKIPTI** „Það er ánægjulegt að þetta er í höfn, ágætt að brjóta ísinn. Það er alltaf erfiðast að fá fyrsta lánið,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar. Fyrirtækið tilkynnti í gær að skrifað hafi verið undir lánasamning við Norræna fjárfestingarbankann (NIB).

Lánið, sem er til sextán ára, hljóðar upp á sjötíu milljónir dala, jafnvirði 8,6 milljarða króna, og er ætlað til fjármögnunar á framkvæmdum við Búðarhálsvirkjun. Upphæðin jafngildir þriðjungi af heildarfjármögnun virkjunarinnar sem reist verður fyrir lánsfé. Fyrirvarar eru í lánasamningi þess efnis að Landsvirkjun ljúki fjármögnun virkjunarinnar áður en lánið verður greitt út. Enginn fyrirvari er um lausn Icesave-deilunnar, að sögn Harðar.

Landsvirkjun hefur ekki gefið upp lánskjör að öðru leyti en því að það beri Libor-millibankavexti, vexti á milli fjármálastofnana í London í Bretlandi, auk hagstæðs álags.

Hörður segir það að frumkvæði NIB að kjör séu ekki gefin upp. „En þau eru mjög ásættanleg enda með hóflegu vaxtaálagi miðað við lengd lánsins,“ segir hann og bendir á að tiltölulega auðvelt sé að fá þriggja til fimm ára lán á viðunandi kjörum. Landsvirkjun leiti hins vegar eftir því að fá fimmtán til tuttugu ára lán, sem sé öllu erfiðara.

Hörður og fleiri sem Fréttablaðið hefur rætt við, segja lántökuna mikilvægan áfanga. Norræni fjárfestingarbankinn hefur verið tregur til lánveitinga eftir hrunið og er lánið til Landsvirkjunar það fyrsta til fyrirtækis hér á landi síðan í október 2008. Það eitt og sér sé gæðastimpill á Landsvirkjun og framkvæmdina við Búðarhálsvirkjun. Framkvæmdir þar eru á áætlun og stendur til að hún verði tilbúin til notkunar í lok árs 2013.

Hörður segir haldið áfram að tryggja fjármögnun Búðarhálsvirkjunar. „Þetta er mikil vinna og tekur tíma. Við bindum vonir við að henni ljúki á næstum vikum og mánuðum.“

jonab@frettabladid.is

### Hver eru vaxtakjör Landsvirkjunar?

Lán Landsvirkjunar, jafnt í krónum sem erlendri mynt, bera almennt 2,2 prósent vexti, samkvæmt síðasta hálfsársuppgjöri. Þar af bera lán í Bandaríkjadölum 2,4 prósenta vexti. Lán fyrirtækisins í breskum pundum eru því undanskilin en þau bera tæplega ellefu prósent vexti. Landsvirkjun fékk hundrað milljón dala skuldabréfalán til fimm ára frá milligöngu Deutsche Bank í september í fyrra. Lánið bar fasta 6,5 prósenta vexti.

Opinn kynningarfundur
um samkomulag um úrvinnslu skuldamála
lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

BEINA BRAUTIN

FYRIRTÆKIN TAKI FRUMKVÆÐIÐ

Opnunarávarp: Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra

Fulltrúar þriggja fyrirtækja sem nýtt hafa úrræði Beinu brautarinnar munu kynna reynslu sína. Frummælendur:

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands
Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Pallborðsumræður með fulltrúum bankanna verða í lok fundar.

Fyrir og eftir fundinn geta fundargestir ráðfært sig við fulltrúa frá ýmsum fyrirtækjum sem veita ráðgjöf í tengslum við Beinu brautina.

Fundarstjóri: Rakel Sveinsdóttir, hjá Creditinfo Group

Fundurinn er á Grand Hótel Reykjavík, Gullteig þriðjudaginn, 22. mars frá klukkan 8:30-10:00.

Morgunverður í boði frá kl. 8:00 - Þátttaka á fundinum er endurgjaldslaus.
Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á vef Viðskiptaráðs: www.vi.is

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ SFF VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS FÉLAG ATVINNUREKENDA SAMTÖK ATVINNULÍFSINS EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ


Þú...
... getur leitað lausna í samstarfi við okkur.
HVAÐ GETUM VIÐ GERT FYRIR ÞIG?
Við bjóðum viðskiptavinum okkar sértækar lausnir á greiðsluvanda heimilsins.
Lítill greiðsluvandi:
Greiðslujöfnun
110% leiðin
5.000 kr. fastar greiðslur í erlendri mynt
Meðal greiðsluvandi:
Lenging lánstíma
Frysting vaxta og/eða afborgunarhluta
Vanskil lögð við höfuðstól
Mikill greiðsluvandi:
Sértæk skuldaaðlögun
Kynntu þér lausnir fyrir heimilin á byr.is. Með persónulegri þjónustu reynum við að finna lausnina fyrir þig.
Sími 575 4000 I byr@byr.is I www.byr.is
BYR
Dynamo Reykjavík



**PATREKI FAGNAÐ** Fjölmargir íbúar New York borgar fögnuðu í gær degi heilags Patreks og skrýddust margir grænum lit af því tilefni. NORDICPHOTOS/AFP

Íslendingar telja eigin stöðu góða en stöðu nágrannans slæma, samkvæmt könnun Evrópusambandsins:

# Treysta Evrópusambandinu betur en Alþingi

**EVRÓPUMÁL** Íslendingar treysta alþjóðlegum stofnunum eins og ESB og Sameinuðu þjóðunum mun betur en eigin stjórnvöldum.

Um 28 prósent Íslendinga segjast treysta Alþingi og ríkisstjórninni en um 54 prósent Evrópuþinginu. Vantraust til Alþingis mælist hins vegar 68 prósent en 28 prósent í garð Evrópuþings. Seðlabanki Evrópu er sú stofnun ESB sem flestir treysta á Íslandi, eða 56 prósent. Sameinuðu þjóðunum treysta 84 prósent Íslendinga.

Þetta kemur fram í Eurobarometer-skoðanakönnun sem Capacent gerði fyrir Evrópusambandið og kynnt var fyrir nokkru.

Flestir aðspurðra taka undir að þeir treysti lögreglunni (92 prósent) en fæstir segjast treysta stjórnmálaflokkum (12 prósent).

Þar kemur og fram að fólk á Íslandi telur annað fólk í samfélaginu í verri aðstæðum en það sjálft: 77 prósent aðspurðra telja eigin atvinnuaðstæður góðar, um leið og 85 prósent telja atvinnuaðstæður annarra slæmar.

Séu svör Íslendinga borin saman við svör annarra þjóða, en spurt er á sama hátt í 32 ríkjum innan ESB og utan, kemur í ljós að fáar Evrópuþjóðir upplifa sig í betri aðstæðum en Íslendingar. Einungis Svíar telja persónulegar atvinnuaðstæður sínar betri.

- kóþ

**Traust Íslendinga á stofnunum**




ESA samþykkir ríkisframlag:

## Íbúðalánasjóður lýtur fyrirvörum

**EFNAHAGSMÁL** Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, samþykkti á miðvikudag með fyrirvara 33 milljarða króna eiginfjárframlag íslenska ríkisins til Íbúðalánasjóðs. Alþingi samþykkti framlagið í desember í fyrra.



PER SANDERUD

Samþykki ESA er tímabundið og háð því skilyrði að stjórnvöld leggi nákvæma áætlun um ÍLS.

Haft er eftir Per Sanderud, forseta ESA, að framlagið hafi verið samþykkt öðru fremur þar sem það komi viðskiptavinum hans til góða með afskrift á lánum til þeirra.

- jab

Bæjarráð harmar fall SpKef:

## Landsbankinn skoði Suðurnes

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar segist harma örlög SpKef sparisjóðs sem Landsbankinn hefur yfirtekið.

„Sjóðurinn hafði mjög sterka stöðu í samfélaginu og mikla markaðshlutdeild. Sú mikla markaðshlutdeild náðist með góðri og persónulegri þjónustu, og miklum stuðningi sjóðsins við hin ýmsu samfélagsverkefni. Fall sparisjóðsins er því gríðarlegt áfall fyrir svæðið, bæði fjárhagslega og tilfinningalega,“ segir bæjarstjórnin. Hún kveðst vonast eftir góðu samstarfi við Landsbankann og hvetur stjórnendur hans til þess „að heimsækja hvert samfélag á Suðurnesjum til að átta sig á mikilvægi þeirrar þjónustu og þess samfélagslega stuðnings sem bankinn þarf að veita“.

- gar

# Ráðuneyti í vanskilum vegna samninga

**Innanríkisráðuneytið er eina ráðuneytið sem ekki hefur skilað inn þjónustusamningum til Ríkisendurskoðunar. Farið að tefja vinnu stofnunarinnar sem hefur ítrekað málið. Alls eru þetta 16 samningar sem hljóða upp á 6,3 milljarða.**

**STJÓRNSÝSLA** Innanríkisráðuneytið er eina ráðuneytið sem er í vanskilum við Ríkisendurskoðun, sem kallaði eftir öllum þjónustusamningum ráðuneytanna í desember.

Samningarnir eru alls 141 talsins og hafa þeir allir skilað sér í hús að undanskildum 16 samningum sem liggja hjá innanríkisráðuneytinu. Ítrekað hefur verið kallað eftir þeim og skilafrestur lengdur. Miðað er við alla núgildandi samninga sem eru í fjárlagafrumvarpinu 2011.

Ákveðið var að endurskoða alla samningana í kjölfar úttektar Ríkisendurskoðunar á þjónustusamningum menntamálaráðuneytisins við Menntaskólann Hraðbraut og félagsmálaráðuneytisins við meðferðarheimilið Árbót. Verið er að ganga úr skugga um að eftirfylgni með fjárlögum ráðuneytanna til hinna ýmsu stofnana sé samkvæmt áætlun.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi segir að sá tími sem liðinn er frá því að Ríkisendurskoðun óskaði fyrst eftir samningunum til endurskoðunar sé orðinn allt of langur. Beiðni til innanríkisráðuneytisins hafi verið ítrekuð en Sveinn segir engar útskýringar hafa borist.

„Þetta hefur ekki háð okkur fram að þessu, en nú fer þetta að tefja vinnuna,“ segir Sveinn. „Við gefum mönnum frest og höfum ekki verið með nein læti fram að þessu, en ítrekuðum þetta engu að síður. En við fáum engin viðbrögð.“

**Gildandi þjónustusamningar innanríkisráðuneytisins**

| Samningur | 2010 (m.kr) |
|---|---|
| ***Áður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið:*** | |
| 1. Samningar um áætlunarflug innanlands | 290 |
| 2. Slysavarnaskóli sjómanna | 61,2 |
| 3. Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta | 2.847 |
| 4. Samningar við sérleyfishafa | 298 |
| 5. Rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars | 55 |
| 6. Rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara | 76 |
| 7. Rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs | 416 |
| 8. Rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs | 106 |
| 9. Samningur um Mjóafjarðarferjuna Skrúði | 10 |
| 10. Flutningar til og frá Vigur í Ísafjarðardjúpi | 6 |
| 11. Samningur um Vaktstöð siglinga | 309 |
| ***Áður dómsmála- og mannréttindaráðuneytið:*** | |
| 12. Rekstrarkostnaður Þjóðkirkju Íslands | 1.409 |
| 13. Neyðarlínan | 303 |
| 14. Þjóðskrá, afnot af þjóðskrá | 6,8 |
| 15. Slysavarnafélagið Landsbjörg | 108 |
| 16. Slysatryggingar lögreglumanna | 32 |
| ***Milljarðar í samninga ráðuneytis:*** | ***6.3*** |
| ***Milljarðar í samninga allra ráðuneyta:*** | ***44210*** |

**6,3** milljarðar er sú upphæð sem þjónustusamningar innanríkisráðuneytisins gera ráð fyrir í rekstrarkostnað.

Ríkisendurskoðun mun ekki byrja að skoða neina samninga fyrr en innanríkisráðuneytið hefur skilað af sér.

Þeir 16 samningar sem ráðuneytið á eftir að skila í hús eru meðal annars þjónustusamningur við Þjóðkirkju Íslands, sem hljóðar upp á 1,4 milljarða króna, og við Isavia, upp á 2,8 milljarða.

Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins, segir töfina fyrst og fremst Ríkisendurskoðun að kenna vegna ónákvæmra fyrirmæla.

„Fyrst mátti skilja fyrirspurnina eins og verið væri að biðja um alla samninga sem ráðuneytið hefur gert; eins og við almenna verktaka og Vegagerðina, sem nema hundruðum,“ segir Jóhannes. „En hún var svo umorðuð og það er verið að tína saman upplýsingarnar.“ Hann segir líklegt að samningunum verði skilað inn til Ríkisendurskoðunar í næstu viku.

sunna@frettabladid.is







Hafni þjóðin nýjum samningi um Icesave á ríkið erfiðara með fjármögnun:

# Nei við Icesave framlengir höft

**EFNAHAGSMÁL** Hafni þjóðin nýjum Icesave-samningi í þjóðaratkvæðagreiðslu er það mat seðlabankastjóra að það tefji fyrir og torveldi endurkomu ríkissjóðs á erlenda fjármálamarkaði. „Og þar með mun það hafa þau áhrif að áform um afnám gjaldeyrishafta munu ganga hægar fram heldur en ella,“ segir hann. Þetta kom fram í umræðum að lokinni kynningu á vaxtaákvörðun Seðlabankans á miðvikudag.

Már segir hins vegar óvíst í hversu langan tíma eða hversu mikil röskun yrði á því að ríkið gæti fjármagnað sig á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Yrði töfin mikil segir Már að Seðlabankinn verði að grípa til gjaldeyrisforðans til að greiða niður þau erlendu lán ríkisins sem eru á gjalddaga í lok þessa árs og byrjun þess næsta.

„Og þá munum við væntanlega þurfa að auka eitthvað gjaldeyriskaupin, sem þýðir eitthvað lægra gengi og aðeins meiri verðbólgu og aðeins minni kaupmátt,“ segir seðlabankastjóri. Neikvæð áhrif á möguleika ríkisins til endurfjármögnunar og erlendrar lántöku segir hann eins geta varað í töluverðan tíma, eða orðið skammvinnari. „Það er engin leið að vita það. Við verðum bara að sjá hvað gerist.“

- óká



**MÁR GUÐMUNDSSON** Seðlabankastjóri segir fjármálamarkaði bíða niðurstöðu í Icesave og erfitt sé að spá fyrir um viðbrögð þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# DUX®
# Rúm fyrir lífið




## DUX breytir brátt um útlit

Því bjóðum við:

**40%** afslátt af rúmum í sýningasal

**25%** afslátt af rúmum á lager

(Gildir ekki um DUX Nordic Línuna)

Fleiri tilboð í gangi
Gildir frá 18. mars til 4. apríl.

DUXIANA®
DUXIANA.IS

**DUXIANA Reykjavík**
**Ármúla10 | Sími 568 9950**

## Útbreiðsla kjarnorkuvera á jarðskjálftasvæðum

**Um það bil tuttugu prósent allra kjarnorkuvera sem notuð eru til raforkuframleiðslu eru á jarðskjálftasvæðum. Alvarlegar bilanir í kjarnorkuverinu í Fukushima í Japan í kjölfar jarðskjálfta og flóðbylgju síðastliðinn föstudag hafa ýtt undir ótta og efasemdir um nýtingu kjarnorku.**




### Fjöldi kjarnorkuvera eftir löndum

| | Í notkun | Í smíðum |
|---|---|---|
| Argentína | 2 | 1 |
| Armenía | 1 | - |
| Bandaríkin | 104 | 1 |
| Belgía | 7 | - |
| Brasilía | 2 | 1 |
| Bretland | 19 | - |
| Búlgaría | 2 | 2 |
| Finnland | 4 | 1 |
| Frakkland | 58 | 1 |
| Holland | 1 | - |
| Indland | 20 | 5 |
| Íran | - | 1 |
| Japan | 54 | 2 |
| Kanada | 18 | - |
| Kína | 13 | 27 |
| Mexíkó | 2 | - |
| Pakistan | 2 | 1 |
| Rúmenía | 2 | - |
| Rússland | 32 | 11 |
| Slóvakía | 4 | 2 |
| Slóvenía | 1 | - |
| Spánn | 8 | - |
| Suður-Afríka | 2 | - |
| Suður-Kórea | 21 | 5 |
| Sviss | 5 | - |
| Svíþjóð | 10 | - |
| Taívan | 6 | 2 |
| Tékkland | 6 | - |
| Ungverjaland | 4 | - |
| Úkraína | 15 | 2 |
| Þýskaland | 17 | - |
| **Alls** | **442** | **65** |

# Örvæntingarfull barátta í Japan

**Erfiðlega hefur gengið að kæla niður kjarnaofna kjarnorkuversins í Fukushima. Stefnt var á að tengja bráðabirgðarafmagnsleiðslu við verið í gær til að koma kælikerfum í gang á ný. Geislavirkni hækkaði eftir að vatni var sprautað með háþrýstislöngum á einn ofninn.**

Kjarnorkumálastofnun Sameinuðu þjóðanna segir ástandið í kjarnorkuverinu mjög alvarlegt, en þó ekki óviðráðanlegt. Kælikerfi versins hefur verið í ólagi allar götur síðan jarðskjálftinn mikli reið þar yfir á föstudag með flóðbylgju í kjölfarið.

Unnið var að því að koma rafmagni aftur á með bráðabirgðalínu til að koma kælikerfunum í gang á ný. Tilraunir til að dæla sjó á ofnkjarnana hafa gengið brösuglega, með þeim afleiðingum að geislamengun hefur aukist.

Japönsk stjórnvöld hafa verið gagnrýnd fyrir að upplýsingaflæði frá þeim um ástandið hefur verið takmarkað. Yukia Amano, framkvæmdastjóri stofnunarinnar, hélt til Japans í gær til að kynna sér ástandið af eigin raun og bæta upplýsingaflæðið.

### Úrelt öryggiskerfi

Fyrir hálfu öðru ári gagnrýndu bandarískir stjórnarerindrekar japanska embættismenn fyrir andvaraleysi í kjarnorkuöryggi. Þetta kemur fram í skeytum frá sendiráði Bandaríkjanna í Austurríki, sem birt hafa verið á vefsíðunni Wikileaks.

Í skjölunum kemur fram að Kjarnorkumálastofnun Sameinuðu þjóðanna hafi einnig gagnrýnt Japana, og sagt öryggiskerfi í japönskum kjarnorkuverum vera orðin úrelt.

Starfsfólk, sem unnið hefur í verinu síðustu daga, hefur orðið fyrir bæði meiðslum og geislamengun. Tveggja starfsmanna var saknað í gær, einn hefur fótbrotnað og tveir veiktust skyndilega.

Starfsfólkinu hefur verið fjölgað úr 70 í 180 svo hægt sé að skipta örar um vaktir, því fólk má ekki vera of lengi á svæðinu til að verða ekki fyrir of mikilli geislamengun. Japanar hafa margir hverjir farið fögrum orðum um hugrekki starfsmannanna, en aðrir hafa hneykslast á því að fólk sé látið stofna heilsu sinni og lífi í voða með því að senda það til starfa á svæðinu.

Hættu hefur verið lýst yfir á stóru svæði í kringum verið. Enginn, nema starfsfólkið, má koma inn á hringlaga svæði í 20 kílómetra radíus frá verinu og mannaferðir eru bannaðar utandyra í tuttugu kílómetra breiðum hring þar fyrir utan.

### Illviðráðanlegt

Alls eru sex kjarnaofnar í verinu. Þrír þeirra, númer eitt til þrjú, voru í notkun þegar jarðskjálftinn reið yfir og hafa alvarlegar skemmdir orðið á þeim öllum.

Sprenging varð í kjarnaofni 1 á laugardag og einhver bráðnun varð í kjarna ofnsins, en svo virðist sem tekist hafi að ná tökum á ástandinu þar.

Á mánudag varð sprenging í ofni 3, að því er virðist með þeim afleiðingum að hlífðarbygging utan um ofninn skemmdist og geislavirk efni sluppu út í andrúmsloftið. Talið er að enn sé geislamengun frá honum.

Sprenging varð svo í ofni 2 á þriðjudag sem einnig olli skemmdum á hlífðarbyggingu. Bráðnun varð í kjarna ofnsins og enn streymir hvít gufa eða reykur út í andrúmsloftið.

Ofnar númer 4 til 6 voru ekki í notkun þegar jarðskjálftinn varð því unnið var að viðhaldi á þeim. Þrátt fyrir það varð sprenging í ofni 4 á þriðjudaginn og eldur hefur brotist þar út oftar en einu sinni. Svo virðist sem notaðar eldsneytisstengur, sem áttu að vera á kafi í vatni, hafi verið berskjaldaðar, að minnsta kosti í einhvern tíma, með þeim afleiðingum að geislavirk efni bárust frá þeim út í andrúmsloftið. Engin skýring hefur verið gefin á því af hverju þetta gerðist í ofni, sem ekki var í notkun, en getgátur hafa verið um að vatn hafi verið tekið þaðan til að kæla einhvern hinna ofnanna. Allt virðist vera með kyrrum kjörum í ofnum númer 5 og 6.

Gregory Jaczko, formaður kjarnorkueftirlitsnefndar Bandaríkjaþings, hélt því fram að allt vatn væri farið úr eldsneytisgeymslu eins kjarnaofnanna, en japanskir embættismenn sögðu það ekki rétt.


**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is





EURES EVRÓPSK VINNUMIÐLUN

norden Halló Norðurlönd

## Að flytja til Noregs, Svíþjóðar eða Danmerkur

Upplýsingaþjónustan Halló Norðurlönd og EURES, Evrópsk vinnumiðlun standa fyrir upplýsingafundum um flutning til hinna Norðurlandanna. Á námskeiðunum verða veittar upplýsingar um atvinnuleit og almennt um flutning auk þess sem fulltrúi frá Ríkisskattstjóra mun kynna norræna skattavefinn Nordisk eTax.

- **Mánudaginn 21. mars kl. 20:30: Að flytja til Noregs**
- **Miðvikudaginn 30. mars kl. 18:00: Að flytja Svíþjóðar**
- **Miðvikudaginn 30. mars kl. 20:30: Að flytja til Danmerkur**

Námskeiðin eru **ókeypis** og öllum opin og henta þeim sem hyggja á atvinnuleit, ætla í nám eða ætla til hinna Norðurlandanna í öðrum erindagjörðum. Hafa ber í huga að **fjöldi þátttakenda er takmarkaður** og því er **nauðsynlegt að skrá sig á námskeiðin** í síma 551 0165 eða á netfanginu hallo@norden.is. Námskeiðin fara fram hjá Norræna félaginu, Óðinsgötu 7.


Geislavirk efni þynnast þegar þau blandast sjó:

# Geislun nær varla hingað

Langsótt er að geislun úr kjarnorkuverinu í Fukushima í Japan hafi áhrif á Íslandsmiðum, að mati Héðins Valdimarssonar, haffræðings hjá Hafrannsóknastofnuninni.

Vísindamenn deila nú um það í Noregi hvort hætta sé á að geislavirkni berist frá Fukushima, en Mitin Hovlan, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskólann í Björgvin, uppástendur að afleiðingarnar kynnu að vera alvarlegar kæmi gat á kjarnaofninn og geislavirk efni flæddu í hafið. Næði geislavirkni á Íslandsmið og til Noregs þá yrði það með hafstraumum norður um Beringssund við Alaska, yfir í Norðuríshafið, suður með Grænlandsströndum og umhverfis Ísland til Noregs.



**FUKUSHIMA** Streymi geislavirk efni í sjó í lengri tíma frá kjarnorkuverinu í Fukushima gæti áhrifanna orðið hér vart eftir nokkur ár. NORDICPHOTOS/AFP

„Ég hefði nú haldið, út frá því sem við sjáum í fyrstu, að þetta sé það langt í burtu að efnin myndu þynnast það mikið á leiðinni að geislavirkni myndi ekki finnast,“ segir Héðinn. „Þetta er langt og mikill sjór á leiðinni. Það er ljóst að þetta mun taka mörg ár,” segir Héðinn. „Auðvitað geta alltaf rokið upp úr öllu áhyggjur, en þetta er dálítið langt seilst.“ - óká

GOSH COSMETICS




danskir dagar

# Rómantískt Vor 2011

# 20% afsláttur af GOSH

förðunarvörum, kremum, hreinsilínu, baðlínu og GOSH fylgihlutum.







# 20% AFSLÁTTUR

OLEHENRIKSEN
FACE / BODY

VERÐLAUNAVÖRUR
OLE HENRIKSEN ERU UNNAR
ÚR NÁTTÚRULEGUM
INNIHALDSEFNUM SEM SETJA
NÝ VIÐMIÐ AÐ HEILBRIGÐRI HÚÐ

EINSTAKUR ILMUR
EINSTÖK MÝKT
ÁN PARABENA

SPILUM SAMAN

Gildir til 20 mars.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
SPILUM SAMAN
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KOR
COCA COLA KIPPUR
745 KR.
4 flöskur x 2 ltr.
PEPSI & PEPSI MAX
698 KR.
4 flöskur x 2 ltr.
NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ 129 KR.STK
EUROSHOPPER
ORKUDRYKKUR
159 kr.500ml
CHICAGO TOWN PIZZA
498 KR. 635g
PIZZA
OSTUR 200g
295 KR.
PIZZA
SÓSA 420g
259 KR.
FERSKT
PIZZADEIG 400g
295 KR.
OS GOUDAOSTUR 26%
NÚ MEÐ 25% AFSLÆTTI
MERKT VERÐ 1335 KR.
1001 KR.KG.
EMMESS HVERSDAGSÍS 1 LTR. 259 KR.
2 FYRIR 1
MYLLUTVENNA
295 kr.
BÓNUS SALÖT Á BRAUÐIÐ
BÓNUS RÆKJUSALAT
& TÚNFISKSALAT
198 KR. 200g
BÚRFELL GOTT ÁLEGG Á BRAUÐIÐ
BÚRFELLS BRAUÐSKINKA
298 KR. 250g
BÚRFELLS HANGIÁLEGG
398 KR. 143g
KA HANGIÁLEGG
1998 KR.kg
GEVALIA KAFFI 500G
495 KR.pk
NÝBAKAÐIR KORNKUBBAR
KORNKUBBAR 2 TEG.
4 STK Í POKA
198 KR. 4STK.
KORNBRAUÐ
BÓNUS KORNBRAUÐ 26 SNEIÐAR
198 KR.
KJARNABRAUÐ
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500g
179 KR.
ÞRIGGJA KORNABRAUÐ
BÓNUS 3JAKORNABRAUÐ 600g
179 KR.
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KOR



FERSKIR KJÚKLINGABITAR
**498** KR.KG.



TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI

HOLLENSKAR NAUTALUNDIR
**3598** KR.KG.



FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
**259** KR.KG.

FERSKUR KJÚKLINGUR FRÁ KJÖRFUGLI
***FÍNT VERÐ Í BÓNUS***

FERSKUR KJÚKLINGUR FRÁ KJÖRFUGLI
***FÍNT VERÐ Í BÓNUS***



FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
**1898** KR.KG.



KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA **FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM**
Frábært verð: **1298** KR.KG
**ÍSLENSKT LAMBAKJÖT Á DISKINN MINN**



FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
**659** KR.KG.



SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
**FERSKT ÓKRYDDAÐ LAMBAFILLET**
Frábært verð: **2998** kr.kg



**FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR**
**898** kr.kg



KJARNAFÆÐI: **FROSIÐ**
SPARHAKK
**359** KR.625g



KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA **FROSINN LAMBAHRYGGUR**
**1398** kr.kg

Caj-P.
**GRILLOLÍA 500ml**
ÓMISSANDI Á LAMBAKJÖTIÐ
**398** kr.





KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA **FROSIÐ LAMBALÆRI**
**1198** kr.kg



KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA **FROSINN LAMBABÓGUR**
**798** kr.kg

**Sérskorið Bónus lambalæri** þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!



BÓNUS FERSKT ÓKRYDDAÐ SÉRSKORIÐ **LAMBALÆRI**
**1359** kr.kg

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# Nýsköpun krefst fjárfestingar

**Þorsteinn Ingi Sigfússon leiðir Nýsköpunarmiðstöð Íslands á erfiðum tímum í íslensku atvinnulífi. Hann telur að nýsköpun eigi að teygja sig til rótgróinna fyrirtækja í auknum mæli og *Svavar Hávarðsson* komst að því að án fjárfestingar er nýsköpun andvana fædd.**




**ELDSNEYTI FYRIR HUGANN** Þorsteinn er fæddur í Vestmannaeyjum árið 1954. Hann nam eðlisfræði í Kaupmannahöfn og lauk doktorsprófi frá Cambridge háskóla árið 1983. Hann hefur verið prófessor við Háskóla Íslands frá 1989. Hann hefur staðið að stofnun fjölmargra sprotafyrirtækja og hefur hlotið fjölda viðurkenninga á sínum fræðaferli. Hann hlaut riddarakross Hinnar íslensku fálkaorðu 2004 fyrir rannsóknir og tengsl atvinnulífs og rannsókna. Í kjölfar tilnefningar rússnesku vísindaakademíunnar hlaut Þorsteinn alheimsorkuverðlaunin Global Energy Prize árið 2007.

Á tunnunni segir „eldsneyti fyrir Ísland", en Þorsteinn segir að starfsfólk Nýsköpunarmiðstöðvar búi yfir því eldsneyti sem Ísland þarf um þessar mundir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þriðja heila starfsár Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að baki. Þorsteinn Ingi Sigfússon hefur leitt starfið frá upphafi en bernska stofnunarinnar hefur einkennst af erfiðu umhverfi íslensks atvinnulífs og það hefur markað starfið. Mjög er horft til nýsköpunar til að leysa vanda atvinnulífsins og þeirra þúsunda sem nú leita sér að vinnu. Mikil ábyrgð hvílir því á ungum öxlum.

„Þessi stofnun okkar er rétt komin af stað en það sem mér þykir vænst um í lögunum um Nýsköpunarmiðstöðina er að henni sé ætlað að efla lífsgæði á Íslandi. Þar er mikið sagt en það er einnig nútímaleg sýn sem birtist í þessu. Þetta segir mikið um það sem okkur er ætlað að sinna," segir Þorsteinn.

### Takmörkuð gæði

Þorsteinn segir það hafa verið vandasamt að vinna úr því fé sem miðstöðinni er ætlað. Þrátt fyrir hrunið hafi tekist að snúa rekstrartapi frá síðasta ári upp í meira jafnvægi á árinu 2010. Miðstöðin velti 1,1 milljarði króna á árinu og aðeins 40 prósent veltunnar komu beint frá hinu opinbera. Hinn hlutinn kom í formi verkefnastyrkja bæði innlendra sem erlendra. „Jafnvægið í rekstrinum hefur náðst með því að sneiða af ýmsan kostnað. Við til dæmis fjárfestum ekki, sem er neikvætt. Þetta hefur líka bitnað á starfskjörum starfsmanna. Það ber að þakka fyrir þær fórnir."

Nýsköpunarmiðstöðin er þríþætt. Íslenskar tæknirannsóknir sem er gamla Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Svo bætist við Impra á Nýsköpunarmiðstöð, sem heldur utan um frumkvöðlasetur, frumkvöðlastuðning og ýmis stuðningsverkefni. „En við fengum nánast byggingariðnaðinn í fangið í hruninu. Þar var mikil tekjuskerðing í styrkjum og í þjónustu ýmiss konar. Það gerði þetta erfitt. En iðnaðarráðuneytið hefur staðið mjög að baki okkur enda hefur ráðherra litið mjög til okkar í sínu starfi. En við bíðum ekki eftir því sem ríkið á að gera fyrir okkur heldur einbeitum okkur að því sem við getum gert fyrir atvinnulífið."

Það reyndist hlutskipti Nýsköpunarmiðstöðvar að blása lífi í þá sköpun sem þarf að verða til að ýta atvinnulífinu af stað. Þorsteinn segir að samvinna við lykilstofnanir hafi einkennt undanfarin misseri og nefnir Vinnumálastofnun sérstaklega í því sambandi. „Starfsorka er mjög gott dæmi þar sem fyrirtækjum er gert kleift að ráða til sín sérfræðinga af atvinnuleysisskrá til ýmissa nýsköpunarverkefna. Á árinu 2010 voru samþykktar 282 heimildir fyrir ráðningu hjá 126 fyrirtækjum. Það var iðnaðarráðuneytið sem hafði frumkvæði að því í samvinnu við félagsmálaog fjármálaráðuneyti að sprotafyrirtæki gætu ráðið til sín starfskraft af atvinnuleysisskrá með þessum hætti, án þess að bætur yrðu skertar í allt að sex mánuði."

### Frumkvöðlasetur

„Þetta er net af fólki sem er að vinna hörðum höndum að fjölbreyttum verkefnum. Þar innan dyra eru um hundrað viðskiptahugmyndir og 250 manns í vinnu. En allt þetta hefur kostað ríkissjóð svona um það bil eina milljón króna aukalega. Ég er mjög stoltur af þessu," segir Þorsteinn um níu frumkvöðlasetur tengdar Nýsköpunarmiðstöð sem nú eru staðsettar víða um land.

Þorsteinn segir að reynt hafi verið að sérhæfa frumkvöðlasetrin og tekur dæmi um Kím heilsutæknigarðinn í Vatnagörðum þar sem verið er að skoða heilbrigðistækni sem er sístækkandi þáttur í öllum rannsóknum og atvinnuþróun. „Meira en helmingur stóru styrkjanna frá Tækniþróunarsjóði kom til fyrirtækja á setrinu okkar í síðustu úthlutun. Þetta sýnir okkur að sterkir aðilar hafa valist til þátttöku í þessu með okkur. Það er líka annað að kristallast í þessum setrum okkar. Gömlu stofnanirnar héldu verkefnum hjá sér en við unguðum strax út fyrirtækjum og styðjum við þau úti í þessum setrum. Svo vonum við að fyrirtækin verði það stöndug að þau öðlist sjálfstætt líf."

Um þetta segir Þorsteinn að megi benda á fyrirtækið Remake Electric, sem hefur haft aðstöðu í Kveikjunni í Hafnarfirði, sem hefur sópað að sér verðlaunum.

## Skipting eftir atvinnugreinum




Skipting frumkvöðlafyrirtækja innan níu frumkvöðlasetra eftir atvinnugreinum.

## Nýsköpunarmiðstöð Íslands

**í hnotskurn**

- Hóf starfsemi 1. ágúst 2007
- Margþætt hlutverk um þróun, rannsóknir og atbeina við frumkvöðla
- Heyrir undir iðnaðarráðuneyti.
- Átta þúsund aðilar njóta handleiðslu ár hvert og unnið að 170 verkefnum
- Þriðjungur rekstrarfjár kemur frá ríkissjóði; afgangurinn frá samkeppnissjóðum og markaðnum
- Átta hundruð manns tóku þátt í Orkubóndanum, námskeiði um virkjun eigin orku, árið 2010
- 600 manns tóku þátt í Viðhald og verðmæti námskeiðum á vegum byggingarannsókna
- 1,1 milljarður króna í veltu árið 2010
- Rúm 40% frá ríkissjóði – afgangurinn verkefnatengdur

**Framtíðaráform:**

- Uppstokkun stoðkerfis atvinnulífsins
- Meiri áhersla á að landshlutar sérhæfi sig
- Nýsköpun hjá hinu opinbera
- Vetrarferðamennska – vinna með Samtökum ferðaiðnaðarins, Íslandsstofu, Ferðmálastofu og iðnaðinum
- Landsvarmi – hreyfingin sem við sköpum í nýtingu lágvarma til húshitunar og sparnað á raforku til húshitunar

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

HÆFINGARSTÖÐIN AÐ BÆJARHRAUNI 2, HAFNARFIRÐI

Starfsfólk vantar í 50% -100% stöður í dagvinnu. Um er að ræða stöður fyrir þroskaþjálfa og/eða uppeldismenntað fólk. Einnig er laus staða fyrir annað starfsfólk.

Í starfinu felst grunn- og tjáskiptaþjálfun, ásamt almennri þjónustu við fólk með fjölþættar fatlanir. Kostur er að hafa áhuga á óhefðbundnum tjáskiptum og tölvunotkun í því sambandi.

Laun samkvæmt kjarasamningi launanefndar við hlutaðeigandi stéttafélag.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um.

Upplýsingar um starfið veitir Halla Harpa Stefánsdóttir, forstöðuþroskaþjálfi í síma 565-0446 frá kl. 08.00-16.00.

Tekið er á umsóknum á netfanginu hallaharpa@hafnarfjordur.is fyrir 25. mars n.k

„Það fyrirtæki byrjaði með hugmynd ungs rafvirkja sem vildi að öryggin heima myndu ekki aðeins slá út, heldur líka segja sér hvað væri að gerast. Þar er komið fyrirtæki sem ég sé fyrir mér að verði stórveldi eins og Össur eða Marel þegar fram líða stundir. Svona sprettur af einni hugmynd eins og saga margra nýsköpunarfyrirtækja er til vitnis um.“

**Nýsköpun hinna öflugu**

Þorsteinn er þeirrar skoðunar að of sé horft til nýsköpunar sem sprota að einhverju sem verður öflugt í framtíðinni. Hann vill að nýsköpunarhugtakið verði víkkað út, ef svo má segja. „Ég vil að stóru og stöndugu fyrirtækin snúi sér meira að nýsköpun. Tískuorðið í dag er „klasar“ þar sem ná skal framlegð og samlegð; að vinna saman. Michael Porter, prófessor í Harvard og mikill Íslandsvinur, hefur skilgreint klasa þannig að þeir séu landfræðileg þyrping tengdra fyrirtækja, birgja og þjónustuaðila í tengdum atvinnugreinum – og stofnana, sem eigi í samvinnu án þess að slá af heilbrigðri samkeppni sinni. Íslenskur sjávarútvegur hefur alla burði klasa og er enda einn sá samkeppnishæfasti á jörðunni. Á Íslandi er þetta einnig að verða að veruleika á sviði jarðhita; jarðhitageirinn og orkufyrirtækin eru núna að tala saman um samstarf á þennan hátt. Þarna má skerpa á nýsköpun, held ég.“

**Áhyggjur**

Þorsteinn segir að nýsköpunarkrafturinn í íslensku þjóðinni sé mikill og það eigi eftir að nýtast í baráttunni við atvinnuleysið sem aldrei hefur verið meira hér á landi. „En það sem ég hef mestar áhyggjur af núna er að fjárfestingarnar hafa látið á sér standa. Það er tómt mál að tala um nýsköpun í umhverfi þar sem fjármagn og vilji til fjárfestinga er ekki til staðar. Ég er kvíðinn, þegar ég horfi til næsta árs, ef þarna verður ekki breyting á. Það er því miður ekki sólskin í dag í þessum efnum og það hefur ekki verið sólríkt að undanförnu, en fjárfestingar í íslensku atvinnulífi verða að fara að taka við sér núna svo ég geti farið að spá betra veðri. Þetta verður ekki gert án fjárfestingar og fyrirhafnar.“

Þorsteinn segir að sú fjárfesting verði að vera á öllum sviðum; á breiðum grunni. „Ég er alveg sannfærður um að uppbygging og fjárfestingarstefna til framtíðar verður að taka mið af sjálfbærni og ein af lyklum sjálfbærni felst í fjölbreytni. Því má ekki aðeins horfa til stórra framkvæmda og einsleitinna fjárfestinga. Því hefur það glatt mig mjög hversu mikilli sókn skapandi greinar eru í um þessar mundir.“

**Ár efnafræðinnar**

„Sameinuðu þjóðirnar hafa skilgreint árið 2011 sem ár efnafræðinnar. Það er mikið af efna- og eðlisfræði hjá okkur og táknrænt fyrir það var hápunktur ársfundarins okkar í gær þar sem Vera Þórðardóttir, ungur og hugmyndaríkur hönnuður, sýndi hvernig tækni og hönnun fer saman í nýsköpun. Þetta eigum við að láta blása okkur bjartsýni í brjóst,“ segir Þorsteinn og vitnar til þess að Vera Þórðardóttir sýndi kjóla úr silíkonefnum sem stórstirnið Lady Gaga hefur klæðst við ýmis tækifæri.

„Ég benti á það í erindi mínu að efnafræðiþekkingu okkar fylgir líka mikil ábyrgð á umhverfinu. Ég varaði við því að „land undanþáganna“ væri fullkomlega óviðunandi – og ég benti á sorpbrennsluna í Funa fyrir vestan, þar sem öll þekking var til staðar, en eftirgjöf með misheppnaðan sparnað í huga leiddi til skammarlegrar þróunar.“

**Mennt er máttur**

Þorsteinn segist hafa þungar áhyggjur af því að á sama tíma og stór hluti atvinnulausra sé aðeins með grunnskólapróf sé mikil eftirspurn eftir tæknimenntuðu fólki. Forsvarsmenn tölvu- og leikjaiðnaðarfyrirtækja á Íslandi telja sig geta ráðið þúsund manns á ári næstu árin, en líklega þurfi að sækja þann mannauð að utan.

> En það sem ég hef mestar áhyggjur af núna er að fjárfestingarnar hafa látið á sér standa. Það er tómt mál að tala um nýsköpun í umhverfi þar sem fjármagn og vilji til fjárfestinga er ekki til staðar.

„Ég hugsa mikið um það að líklega höfum við Íslendingar haft, og höfum kannski, ofurtrú á hinu bóklega námi. Verknámið hefur ekki notið þeirrar virðingar sem því ber. Ég held að við ættum að færa okkur nær verknáminu og leggja meiri áherslu á iðn- og tækninám. Sýnum þessum greinum þá virðingu sem þær eiga skilið. Reynum í skólakerfinu okkar að fækka þeim sem hætta eftir grunnskólann, því þar er falinn gífurlegur mannauður sem allt of oft fer forgörðum.“

Þorsteinn segir það ágæta hugmynd að reyna að gera menntakerfið sveigjanlegra á þann hátt að það svari kalli atvinnulífsins beint á hverjum tíma. „Kannski er í lagi að stýra fjöldanum inn í greinar þar sem svo aðkallandi þörf er á starfskröftum. Ég spyr?“

**Skuggi kreppunnar**

Þorsteinn segir að vissulega hvíli skuggi kreppunnar yfir og ekki sjái til lands ennþá. „Við erum ósátt þjóð og eigum eftir að gera sáttmála við framtíðina. Umræða síðustu daga um skilanefndir bankanna sýnir hugarfar sem ég skil ekki. Þetta er mikil villa sem menn hafa ratað þarna í. Maður veltir því fyrir sér hvort einhverjir hafi hag af því að hlutirnir gangi ekki hraðar fyrir sig en raun ber vitni. En við sem þjóð megum engan tíma missa og í starfi eins og mínu er óþolandi að horfa upp á hindranir settar upp af þeim sem eiga að vera greiða götuna.“

**Þriðji hluti af níu**
Á morgun: ungt fólk án atvinnu




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lögfræðingar fjalla um Icesave.

## Erum við ósigrandi?

Í grein, sem átta hæstaréttarlögmenn birtu hér í Fréttablaðinu í gær, benda þeir á ýmis mikilvæg atriði sem rétt er að fólk hafi í huga þegar það gerir upp hug sinn til Icesave-samningsins, sem greiða á atkvæði um 9. apríl.

Í fyrsta lagi benda þeir á að áhætta vegna gengisþróunar, endurheimtna þrotabús Landsbankans og almennrar efnahagsþróunar, sem vissulega tengist fyrirliggjandi samningi, hverfi ekki þótt samningurinn verði felldur. Þá blasir við að Ísland verður dregið fyrir dómstóla. Verði niðurstaðan sú að Ísland þurfi að greiða innstæðutryggingarnar, eiga sömu áhættuþættir við áfram. Raunar er líklegt að nei við Icesave-samningnum myndi hafa svo neikvæð áhrif á íslenzkt efnahagslíf að óhagstæð niðurstaða í dómsmáli myndi enn magnast upp.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í öðru lagi benda áttmenningarnir á að með fyrirliggjandi samningi hafi Ísland stjórn á niðurstöðu málsins. Jáyrði við honum þýðir sömuleiðis að Icesave-deilunni er lokið, í sátt við nágrannaríkin og alþjóðasamfélagið. Nei við samningnum þýðir hins vegar að deilan heldur áfram og við höfum enga stjórn á því hver verður lokaniðurstaðan. Það er fræðilegur möguleiki að hún verði hagstæð, en miklar líkur á að hún verði Íslandi í óhag og miklu óhagstæðari en samningurinn.

Lögmennirnir draga fram það augljósa, að Eftirlitsstofnun EFTA muni draga Ísland fyrir EFTA-dómstólinn verði Icesave-samningurinn felldur. Reimar Pétursson hæstaréttarlögmaður segir í annarri grein í blaðinu í gær að það álit ESA sem liggur fyrir, að Ísland sé brotlegt við EES-samninginn með því að greiða ekki innstæðutryggingarnar, sé „illa ígrundað“. Lögmennirnir átta benda hins vegar á þá staðreynd, að ESA hefur unnið 27 af 29 samningsbrotamálum fyrir EFTA-dómstólnum. Það þarf „sérstaka tegund af kokhreysti til þess að viðurkenna ekki að dómstólaleiðin felur í sér alvarlega áhættu fyrir Ísland,“ segja þeir.

Í þriðju greininni í blaði gærdagsins fjallar Margrét Jónsdóttir, forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík, um Icesave-málið út frá Evrópuréttinum, meðal annars dómafordæmum. Finnst henni afstaða ESA illa ígrunduð? Nei, hún kemst að þeirri niðurstöðu að dómstólaleiðinni fylgi „veruleg áhætta fyrir Íslendinga“.

Í umræðunni undanfarið hefur verið vísað til fyrri þjóðaratkvæðagreiðslunnar, þar sem yfirgnæfandi meirihluti sagði nei við þáverandi Icesave-samningi og bent á að sú niðurstaða hafi styrkt samningsstöðu Íslands. Það er rétt að synjun forsetans á fyrri Icesave-lögum styrkti stöðu Íslands og fékk Holland og Bretland aftur að samningaborðinu. Í þetta sinn hefur ekkert slíkt gerzt og mun ekki gerast. Næsta skref er dómsmál, sem felur í sér mikla áhættu.

Þeir sem vilja semja um Icesave í sátt við nágranna- og vinaríki hafa mátt sitja undir ásökunum um að ganga erinda erlendra ríkja, binda framtíðarkynslóðir á skuldaklafa og þar fram eftir götunum. Líkurnar á því að framtíðarhagsmunum þjóðarinnar sé í hættu stefnt, eru hins vegar meiri ef þjóðin segir nei við samningnum. Eins og lögmennirnir átta skrifa, höfum við engan rétt til að leika okkur að efnahagslegri framtíð barna okkar með því að þykjast vera ósigrandi og bjóða hvaða aðstæðum sem er byrginn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Smiðjuvegur- atvinnupláss til sölu- frábært verð



Til sölu öll götuhæðin í þessu húsi sem er 561 fm. Eitt plássið er í leigu ( 130 fm) en annað er laust strax.

Möguleiki að stúka niður í 5 bil ef vill. Gott sérútipláss fyrir framan húsið, tvennar innkeyrsludyr og góð lofthæð.

Húsnæðið fæst á ótrúlega góðu verði. Ekkert áhvílandi.

Og engin skipti. **Allar upplýsingar gefur og sýnir húsið:**
Stefán Hrafn Stefánsson hdl, s: 895-2049.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Leiðandi

Einar K. Guðfinnsson er áhugamaður um öryggi landsmanna. Þess vegna hefur hann beint þessari fyrirspurn til Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra: „Hvenær verður tekin ákvörðun um kaup á nýrri Super Puma þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna og hvenær má vænta þess að hún verði komin í notkun?“ Þetta er helst til leiðandi spurning. Og raunar nokkuð furðuleg, í ljósi þess að það er bara mánuður síðan Ögmundur sagði, á þingi, að við hefðum ekki efni á að kaupa nýja þyrlu og þyrftum að láta okkur duga að leigja eina eða tvær til viðbótar.



### Virðing

Knattspyrnusamband Íslands hefur um nokkurt skeið auglýst eftir því í sjónvarpi að dómurum sé sýnd virðing, bæði af áhorfendum og leikmönnum. Það er göfug herferð. En svo fóru dómararnir saman út á land á árshátíð og hegðuðu sér eins og fífl. Þeir geta varla vænst þess að menn beri mikla virðingu fyrir þeim í náinni framtíð. Þar fór auglýsingaherferðin fyrir lítið.



### Gæðingum raðað

„Flokksfélögum og trúnaðarvinum er raðað inn í ráðuneytin án þess að þau störf séu auglýst,“ skrifar Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, á vefinn. Hann er að tala um vinnubrögð ríkisstjórnarinnar sem nú situr og er ósáttur. Það er fínt að Birkir Jón skuli standa þessa vakt. Þetta er hins vegar vandamál jafngamalt lýðveldinu. Birkir hefði til dæmis mátt láta í sér heyra í ríkisstjórnartíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks þegar hann var þingmaður og áður aðstoðarmaður Páls Péturssonar félagsmálaráðherra. Það gerði hann ekki.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Hvers vegna ég styð Icesave

Icesave



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Um flest sem lýtur að Icesave þarf ekki að fjölyrða. Þar ber hæst að enginn vill taka á sig þær byrðar og allir íslenskir ráðherrar og embættismenn sem að málinu hafa komið, allt frá hausti 2008, hafa lofað Bretum og Hollendingum að um málið yrði samið. Icesave fer heldur ekki burt þó við höfnum því í atkvæðagreiðslu.

Jafnvel þó svo að Bretar og Hollendingar kysu að fara ekki í mál við okkur, hversu lengi viljum við vera í óvissu um hvort þeir muni gera það eða ekki? Þegar svo til málssóknarinnar kæmi, ef af henni verður, þá virðist mér með einföldum vongildismælingum að við þurfum að hafa 90% vissu fyrir því að við vinnum málið, til að vera jafn vel sett og við erum nú.

Við það að hafna Icesave lendum við eina ferðina enn í óvissu sem við vitum ekki hversu lengi mun standa. Framþróun íslenskra efnahagsmála, möguleikinn á að skapa vinnu og velferð, veltur á því að eyða óvissu. Með Icesave frá, þá er einni óvissunni færra með fullri sæmd allra sem að málinu hafa komið. Óvissan ein kostar okkur fjármuni; að öllum líkindum miklu meiri fjármuni en við gætum sparað okkur með að hafna Icesave.

Það er ódýrt að segja „látum þá bara höfða mál“ eins og hópur lögmanna og fleiri hafa boðað. Þeir sem slíkt segja vita sem er að þeir munu aldrei þurfa að standa við stóru orðin, þeir verða aldrei sóttir til ábyrgðar þó málið tapist. Þeir sem þannig tala vita að ummælin eru útgjaldalaus af þeirra hálfu. Í þessari stöðu er lítið mál fyrir áhættusækna einstaklinga að tala digurbarkalega. Öll þurfum við svo, jafnt hin áhættufælnu sem hin áhættusæknu, að bera okkar hluta hinna óhemjulegu byrða ef ráðum digurbarkanna er fylgt og allt fer á versta veg.

Ótrúlegt hefur verið að fylgjast með ofstækisfullri umræðu um Icesave þar sem fólk hnyklar vöðva og leyfir sér málatilbúnað á þeim nótum að samþykkjendur samningsins geri þjóðina upp til hópa að gungum. Ég taldi mig ekki mundi lifa að sjá slíkan málflutning hjá einstaklingum sem vilja láta taka sig alvarlega. Kannski segir málatilbúnaður af þessu tagi meira en margt annað um nauðsyn þess að ljúka Icesave með atkvæðagreiðslunni 9. apríl.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Frystingarleið

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Þær hugmyndir að breytingum í sjávarútvegskerfinu sem greint var frá á forsíðu Fréttablaðsins í gær gefa fullt tilefni til að álykta að réttast væri að slá af hvers kyns áform um endurbætur á greininni þangað til markaðsvænni straumar fara að blása í ráðuneyti sjávarútvegsmála. Það er í öllu falli miður ráðlegt að smíða löggjöf og setja af stað atburðarás til margra ára, ef byggja á á framtíðarsýn ráðherra sem gjarnan vildi að klukkan væri útbúin handbremsu og helst bakkgír líka.

### Kubbakvótar

Í fljótu bragði virðist sem umræddar tillögur gangi út á að skipta kvótakerfinu upp í tvo misstóra hluta. Fyrri hlutinn, hinn smærri, er dótakassi fullur af kvóta sem íslenskir pólitíkusar geta kubbað með. Úr dótakassanum verður hægt að dreifa í þágu „atvinnuuppbygginga r“ og „byggðamála“, sem eru feluorð stjórnmálanna yfir óhagkvæmni. Ef ríkið þarf að verja fé til einhverra atvinnumála þá þýðir það að enginn annar er til í að gera það, og fé sem enginn vill verja er oftar en ekki illa varið.

Seinni hluti, sá stærri, á síðan að vera verri útgáfa af gildandi kvótakerfi þar sem núverandi kvótastaða er fryst og reynt að hindra að kvóti geti mögulega skipt um hendur. Þannig er það nefnilega að þegar einn selur og annar kaupir þá græðir oft annar þeirra og enn oftar báðir. Það finnst mönnum slæmt. Vont að menn græði. Slíkt verður reynt að stöðva.

Sé eitthvað til dæmis að marka nokkurra mánaða gömul skrif Lilju Rafneyjar, alþingiskonu VG, um framtíð kvótakerfisins verða það skilyrði fyrir kvótasölu að enginn hagnist (þýðist: báðir tapi), ríkið veiti samþykkti og kvótinn færist ekki á milli bæjarfélaga. Hljómar eins og sjoppurekstur í helvíti. Og einhvern veginn tekst mönnum síðan að finna það út að sú leið að gefa núverandi kvótaeigendum hluta hans til langframa og leyfa Jón Bjarnasyni að ráðstafa hinum hlutanum sé leið til að auka nýliðun. Einmitt.

> Athafnir stjórnvalda stefna allar í hina sömu vondu átt.

### Velferðaratvinnulíf

Öflugt atvinnulíf er nauðsynlegt til að reka gott velferðarkerfi. Gæfa norrænna ríkja hefur að mörgu leyti falist í því að þótt atvinnulífið sé skattlagt drjúgt fær það samt að mestu að gera það sem gerir vel, án þess að þurfa að gera fullt af öðru. Atvinnulífið borgar fyrir velferðarkerfið, en atvinnulífið er ekki krafið um að vera velferðarkerfi í sjálfu sér. Því meira sem við gerum af því að blanda þessu tvennu saman, því verra verður hvort um sig. En athafnir stjórnvalda stefna allar í hina sömu vondu átt. Nú á ekki að landa fiski þar sem það borgar sig helst, heldur þar sem fiskurinn gleður flesta.

Sá ráðherra sem mest gerir til að leggja stein í götu aðildar Íslands að Evrópusambandinu er með öllum aðgerðum sínum að færast nær stærstu mistökum sem Evrópusambandið hefur gert og, í tilfelli landbúnaðarins, að reyna að gera enn verr. Ef sjávarútvegur á að fara að gegna félagslegu hlutverki er kannski ekki langt í það að hann sjálfur falli undir þann flokk þjóðlífsins sem virðist þurfa á félagslegum stuðningi að halda til að halda sér gangandi. Það er uggvænleg framtíðarsýn.

Það fyrirkomulag að þeir sem eigi kvóta greiði árlegan skatt af sönnu markaðsvirði hans væri gott. Það fyrirkomulag þar sem hluti kvótans yrði boðinn upp á hverju ári til langs tíma væri, út frá markaðslegum sjónarmiðum, enn betra. Yrði síðarnefnda kerfið fyrir valinu ættu þessi réttindi án nokkurs vafa að vera varin eignarréttarákvæðum, en sama hvaða leið yrði farin ætti að leyfa mönnum hverju sinni að selja og leigja þau til þeirra sem telja sig geta nýtt þau betur.

### Vond niðurstaða

Sú leið sem nú virðist eiga að fara er málamiðlun þeirra stjórnmálamanna sem eru tortryggnir á frjálsan markað og vilja helst handstýra honum „í þágu góðs“ og kvótaeigenda sem kannski deila ekki þeim skoðunum að fullu en geta án frjálsa markaðarins verið, svo lengi sem þeir fá að halda í það sem þeir hafa þegar keypt. Sú málamiðlun gefur stjórnarflokkunum kannski afsökun til að tikka við eitt atriði í stefnuskrám sínum. En frá sjónarhóli samkeppni, hagkvæmni og frjáls markaðar er hún vond.

# Eyðist sem af er tekið

Náttúruvernd
Herdís Þorvaldsdóttir
leikkona og fv. formaður Lífs og lands



Nú er svo komið að stofnaður hefur verið hér á landi fjöldi fyrirtækja sem vinna vörur úr villtum blómplöntum landsins. Plöntunar eru tíndar á meðan þær eru ferskar og áður en þær ná að mynda fræ. Það er auðvitað jákvætt að nýsköpun sé í gangi og vilji til að framkvæma og setja á stofn ný fyrirtæki sem skapa bæði vinnu og tekjur, en kapp er best með forsjá og fyrst og fremst þarf að gæta þess að sú starfsemi sem t.d. byggir á gróðri landsins, eins og í þessu tilfelli blómplöntunum, skaði ekki umhverfi okkar.

Íslensk blómaflóra er fátæk af tegundum og viðkvæm miðuð við nágrannalöndin. Hér hefur búfé valsað óheft um landið í aldaraðir og valdið ómældum skaða á gróðurríkinu okkar svo varla þekkist annað eins. Hér áður fyrr tíndi fólk plöntur sér til heilsubótar og heimilisnota, en í dag er þetta orðinn iðnaður og útflutningsvara. Mörg fyrirtæki hafa verið stofnuð á síðustu árum sem vinna markaðsvöru úr villtu blómpöntunum okkar. Talsmaður eins af þessum fyrirtækjum sagði í blaðaviðtali fyrir nokkrum árum að það flytti út snyrtivörur til þriggja landa og þyrfti mikið af plöntum í vinnsluna, þau önnuðu ekki lengur tínslunni en réðu fólk til að tína fyrir sig og borguðu því vel fyrir kílóið! Hvar endar þetta?

Ég sá í amerísku tímariti í grein um umhverfismál að þeir sem ynnu sína markaðsvöru úr jurtum yrðu að rækta þær sjálfir, óheimilt væri að fara út í villta náttúruna og tína þar plöntur óheft í sína framleiðslu. Fyrir nokkrum árum var ég stödd í Vín og fór þá í stutta ferð upp í Alpana. Þar var auglýst að bannað væri að tína plöntur og stíft eftirlit haft með því, teknar stikkprufur, og lágu sektir við ef upp kæmist. Hvernig er þetta hjá okkur? Engin leyfi þarf til að fá að tína eins mikið og hverjum þóknast af jurtum nema e.t.v. að einhver bóndinn sæi ofsjónum yfir því að verið væri að taka plönturnar frá sauðkindinni því henni þykja blómin best. Við viljum gjarnan eiga blómgróið vistland til að heimsækja í sumarfríunum okkar. Vistlandið okkar, fyrir utan nokkur afgirt svæði, eru niðurnöguð beitilönd, og nú bætist við plöntutínsla þeirra sem vinna úr þeim markaðsvörur. Þarf ekki að hafa einhverja yfirsýn um það hve mikið er tínt af plöntum og hvar og hvaða áhrif það hefur á viðkvæmt gróðurríkið? Nýlega var haldið þing Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands; tilgangurinn var að leiða saman alla þá sem vinna að þróun og markaðssetningu íslenskra snyrtivara og fæðubótarefna og þá aðila sem vinna að rannsóknum og markaðssetningu á þessu sviði. Allir voru á einu máli um að hér væru miklir möguleikar á framleiðslu ýmissa efna úr jurtum. Hvergi var minnst einu orði á landið sem ætti að skaffa öll þessi tonn af jurtum og fá ekkert í staðinn. Er það ekki búið að sýna sig hvernig gróður landsins hörfar stöðugt vegna óheftrar lausabeitar búfjár og rányrkju? Er á það bætandi?

Ég skora á Þorstein Sigfússon, forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar, að ræða þetta mál á næsta þingi í haust og einnig á umhverfisráðuneytið að skoða þetta alvarlega mál.




N1

LANDSMÓT HESTAMANNA

FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN

26. JÚNÍ TIL 3. JÚLÍ 2011 Á VINDHEIMAMELUM Í SKAGAFIRÐI

FORSALA MIÐA ER HAFIN Á LANDSMOT.IS

Landsmót hestamanna er stærsti íþróttaviðburður sumarsins þar sem allir fremstu gæðingar landsins koma saman.

Láttu sjá þig á Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum í sumar og upplifðu stórkostlegt ævintýri með mönnum og hestum!

N1 korthafar fá 1.000 kr. afslátt af miðaverði.
Sæktu um kort á n1.is

Meira í leiðinni

# Lyfjaneysla Íslendinga afleiðing af slöku velferðarkerfi?

Velferð

Anna Birna Jensdóttir
hjúkrunarforstjóri Sóltúns



Athygli vekur endurtekinn fréttaflutningur um lyfjanotkun Íslendinga. Þjóðin hefur verið methafi langtímanotkunar á svefn- og kvíða (róandi)lyfjum sem og geðlyfjum í áratugi samanborið við vestræn lönd. Lyfjanotkun eykst með aldrinum og er mest hjá 70 ára og eldri. Íbúar hjúkrunarheimila sem eru að meðalaldri 84 ára, nota ennfremur verulega meira af lyfjum í fyrrnefndum lyfjaflokkum en íbúar hjúkrunarheimila í öðrum löndum.

Hvað veldur og hvaða skýring er á því að þrátt fyrir að þessi þekking um ástandið í lyfjamálum hafi legið fyrir svo áratugum skiptir að ekki hefur verið ráðist í umbótastarf.

Að hvaða leyti er þjóðfélagið okkar frábrugðið, að réttlætanlegt eða þörf sé á að nota svefnlyf, róandi lyf og geðlyf í þessum mæli? Íslendingar hampa því á tyllidögum að hér sé skipulagt norrænt velferðarkerfi og að við verður allra manna elst. Því ætti að fylgja vellíðan þar sem ofnotkun lyfja væri óþörf. Þegar aldurinn færist yfir og líkaminn byrjar að hnigna og slitna fara að koma fram sjúkdómar sem oftar fylgja hækkandi aldri. Þá koma heilbrigðisvísindin mjög að gagni og lyfjanotkun dregur úr afturför, eykur vellíðan og lífsgæði einstaklinga samhliða heilsueflingu og annarri meðferð s.s. þjálfun, aukinni hreyfingu og útivist. Lykilatriði er að lyfjanotkun geri gagn, sé örugg og hagkvæm.

### Breytingaskeið

Einstaklingurinn gengur í gegnum mikið breytingaskeið þegar líður að skilgreindum ellilífeyrisaldri samkvæmt lögum. Samfélagið hefur búið sér til reglur sem steypa aldurshópinn í eitt. Ákveðið er hvenær launavinnu skuli hætt, hvaða ráðstöfunartekjur eru nægjanlegar og margvíslegar skorður eru settar á daglegt líf. Flestir þurfa að hlíta þessum lögmálum óháð heilsufari, vilja eða félagslegri stöðu. Munur getur verið mikill á aðstæðum karla og kvenna, einstæðinga og fólks í sambúð, launamanna og atvinnurekenda. Í raun tapast ákveðið sjálfræði og tök á eigin fjármálum. Möguleikar til að afla aukinna tekna verður illmögulegur. Samhliða getur fólk verið að glíma við sjúkdóma og afleiðingar þeirra s.s. verki og þá staðreynd að samtímamönnun fækkar jafnt og þétt.

Það er mikill missir að ganga í gegnum breytingar á eigin stöðu, jafnvel heilsufari og að missa sína nánustu. Kvíði grípur um sig og þunglyndi og einangrun getur ágerst. Svefn getur truflast vegna kvíðans og andlegra og líkamlegra verkja. Þá er gripið til lyfjagjafanna sem vissulega geta átt rétt á sér tímabundið. Því miður er eins og skorti á önnur verkfæri hér á landi til aðstoðar fólki og lyfjanotkunin verður að langtímanotkun. Eldar eru slökktir í stað þess að fyrirbyggja eldinn. Fylgikvillar langtímanotkunar eru jafnvel farnir að hafa verri áhrif en gagnsemi lyfs.

### Þriðjungur á hjúkrunarheimilum

Um þriðjungur aldurshópsins 67 ára og eldri býr á hjúkrunarheimilum. Þar er meðalaldur 84 ára. Hjá þeim einstaklingum hefur heilsufar hnignað með þeim hætti jafnt og þétt að þeir geta ekki annast eigið heimilishald, né daglegar þarfir sínar án hjúkrunar allan sólarhringinn. Heilabilun hrjáir stærstan hluta þeirra, síðan hjarta- og lungnasjúkdómar, gigt, þunglyndi, kvíði, langvinnir hrörnunarsjúkdómar, krabbamein, blóðsjúkdómar, sykursýki og léleg nýrnastarfsemi. Verkir eru daglegt viðfangsefni.

> Eðli málsins samkvæmt nota íbúar hjúkrunarheimila einna mest af lyfjum hér á landi, yfir 60% þeirra nota yfir 9 lyfjategundir að meðtöldum bætiefnum s.s. lýsi og ávísuðum vítamínum.

Eðli málsins samkvæmt nota íbúar hjúkrunarheimila einna mest af lyfjum hér á landi, yfir 60% þeirra nota yfir 9 lyfjategundir að meðtöldum bætiefnum s.s. lýsi og ávísuðum vítamínum. Langflest þessara lyfja hefur verið ávísað löngu áður en flutningur á hjúkrunarheimilið átti sér stað. Í aðdraganda flutnings á hjúkrunarheimili hefur umönnun verið að mestu í umsjá fjölskyldu, þar sem hún er til staðar. Töluvert vantar uppá að boðið sé uppá heildræna heimaþjónustu þar sem fjárveitingar eru of lágar til að tilætluð markmið laganna séu raunhæf. Valfrelsi er jafnframt takmarkað um hvert hægt er að leita eftir þjónustu.

### Baráttan við kerfið

Bráðainnlagnir á sjúkrahús, jafnvel endurteknar er reynsla flestra og baráttan við kerfið um að fá mat á því hvort vistunar er þörf. Rétturinn til vistunarmats er ekki til staðar nema að uppfylltum fjölmörgum skilyrðum þar sem markópurinn er allur settur undir sömu viðmið. Slík lífsreynsla bægir ekki frá kvíðanum. Einstaklingurinn þarf að takast á við að aðstæður séu orðnar þannig að hann/hún er orðin öðrum háður, fjölskyldu sinni og kerfinu. Orðin fyrir á bráðasjúkrahúsinu, bíðandi eftir mannsæmandi búsetu og hjúkrun. Valfrelsi um hjúkrunarheimili er í raun ekki, umsóknareyðublaðið segir til um að velja þurfi þrjá staði. Síðan þarf nánast að taka það sem fyrst býðst. Kvíðinn, hvert fer maður, fær maður einbýli eða þarf að búa með ókunnugum. Búsetan á sjúkrahúsinu gæti skilið eftir sig margvíslega reynslu af sambýli með fárveiku fólki, jafnvel fólki í ruglástandi. Við flutninginn tapast sjálfræði á eigin fjármálum. Ríkið hefur ákveðið að rúmlega 60 þúsund sé það sem manneskja á hjúkrunarheimili ber að hafa milli handanna. Aðrar tekjur fara til greiðsluþátttöku í dvalar-og umönnunarkostnaði, þar með talið lyfjakostnaði upp að rúmlega 290 þúsund króna hámarki í greiðsluþátttöku.

Hjúkrunarþarfir og félagslegar þarfir kalla á meiri ummönnunartíma en rekstur hjúkrunarheimila leyfir. Samsetning starfsfólks þarf að byggja á meiri fagþekkingu en fjárheimildir hjúkrunarheimila gera ráð fyrir. Sú staðreynd hefur þær afleiðingar að það er erfitt að ná viðhlítandi árangri í gæðaumbótastarfi hvort heldur um er að ræða lyfjameðferð, eða lífsgæðatengda þætti eins og félagslega virkni, útivist, líf án verkja og depurðar og hegðunarvandamála. Fjárlög íslenska ríkisins ákvarða fjárveitingar til reksturs hjúkrunarheimila. Fátt virðist í augsýn til umbóta í þessum efnum. Haldbærasta skýringin er hversu aldurstengdir fordómar og forræðishyggja eru ríkjandi í okkar þjóðfélagi. Norræna velferðarkerfið í málefnum eldri borgara á Íslandi er að ríkið sjái fyrir lágmarksþörfum. Verður framtíðin þannig að ,,Hver er sinnar gæfu smiður" hvað viðbótarþjónustu varðar umfram lágmarksþjónustuna sem velferðakerfið smíðar okkur til handa?




# Ofbeldi hafnað

Fjölmenning

Toshiki Toma
prestur innflytjenda



Frá og með 14. mars stendur yfir átak sem ber heitið Evrópuvika gegn kynþáttafordómum og misrétti og lýkur hinn 27. mars. Af því tilefni langar mig að hugleiða stuttlega kynþáttafordóma og ofbeldi í tengslum við fjölmenningu.

Árið 2006 samþykkti Reykjavíkurborg mannréttindastefnu en hún er í anda fjölmenningarstefnunnar sem borgin samþykkti 2001. Í dag eru mörg sveitarfélög, til dæmis Akureyri og Reykjanesbær, með sambærilega fjölmenningarstefnu.

Mismunandi skoðanir og skilgreiningar munu vera um hvað fjölmenningarlegt samfélag er í raun og veru. Eitt af því sem felst í hugtakinu um fjölmenningu er að skapa jákvæð viðhorf til og á milli mismunandi menningar, einnar eða fleiri. Fjölmenning er ekki menningarleysi. Í fjölmenningu viðurkennir fólk hvers virði menning þess er, en um leið ber það virðingu fyrir annars konar menningu, sem kann að vera í sama samfélagi. Gagnkvæm virðing eru lykilorðin þegar um fjölmenningu er að ræða.

Algjör andstæða gagnkvæmrar virðingar er ofbeldi. Ofbeldi felur í sér að neita tilvist annarra og eyðileggja. Þeir sem beita ofbeldi vilja ekki eignast félaga og vini og eiga við þá samræðu, heldur aðeins stjórna öðrum og krefjast af þeim hlýðni með ógnunum.

Að sjálfsögðu kemur stundum upp ágreiningur og árekstrar verða í fjölmenningarsamfélagi, rétt eins og ef aðeins ein menning ríkti. En það er ekkert rými sem viðurkennir tilvist ofbeldis í fjölmenningu. Því mótmælir fjölmenning og hafnar ofbeldi af öllu tagi: Stríði, andlegu og líkamlegu ofbeldi eins og einelti og heimilisofbeldi en einnig trúarlegu ofbeldi – og það er óþarfi að segja það – rasisma.

Eðli rasisma er ofbeldið, þar sem tilgangur rasisma er að eyðileggja virðuleika manneskjunnar og kúga, bæði á skipulagðan hátt og óskipulagðan hátt. Að þessu leyti er rasismi dæmigerð birtingarmynd ofbeldis, rétt eins og í stríði.

Að styðja fjölmenningarstefnu þýðir að viðkomandi hefur sjálfkrafa vilja til að berjast gegn rasisma og hvers konar ofbeldi. En sú barátta er ekki ofbeldi, þar sem fjölmenning neitar ekki manneskjunni um virðuleika hennar, möguleika á að iðrast eða að breyta hugmyndum sínum. Málstaður fjölmenningar er ekki eyðilegging, heldur uppbygging gagnkvæmrar virðingar.

Ég hvet sérhvern til að hugsa um sína fordóma og meta mikilvægi þess að virða náunga okkar í samfélaginu, sem og að hafna öllu ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða birtist í hugmyndum sem hvetja til ofbeldis.



**Tónlistarskóli Kópavogs** stendur fyrir raftónleikum í Salnum í Kópavogi á morgun. Þar flytur Ríkharður H. Friðriksson nýleg verk eftir sjálfan sig byggð á umhverfishljóðum, raddhljóðum, rafhljóðum og gítarhljóðum. Tónleikarnir hefjast klukkan 15.





**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447




**Lilja Sigurgeirsdóttir geymir ógrynni súpuupskrifta í kollinum og deilir með sér góðri uppskrift:**



Lilja opnaði Mömmukaffi í Búðakór síðastliðið haust og hefur það fallið vel í kramið hjá fjölskyldum í hverfinu, sem og hjá íbúum nágrannasveitarfélaganna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sérfræðingur í súpum

Lilja Sigurgeirsdóttir, matreiðslumaður og eigandi Mömmukaffis í Búðakór í Kópavogi, hefur alla tíð verið mikil súpugerðarkona og reynir að hafa hollustuna að leiðarljósi þegar hún stendur yfir súpupottunum. Hún opnaði Mömmukaffi síðastliðið haust og býður upp á ilmandi súpu alla daga.

„Hugmyndin að kaffihúsinu var að bjóða upp á fjölskylduvænan stað í úthverfi, fjarri ys og þys borgarinnar, og hefur það gefist vel,“ segir Lilja. Hún segir aðstöðuna og veitingarnar taka mið af þörfum fjölskyldunnar og þá sér í lagi yngstu gestanna, en fjórðungur staðarins er lagður undir leiksvæði sem foreldrar hafa góða yfirsýn yfir.

Lilja segir viðskiptavini koma úr ýmsum áttum og að fólk úr ólíkum hverfum mæli sér mót á staðnum, enda er hann miðsvæðis. Þá er gjarnan boðið upp á léttar og fjölskylduvænar uppákomur og má þar nefna reglulega fræðslu og ráðgjöf fyrir mæður með börn á brjósti.

*vera@frettabladid.is*

## ENGIFERBÆTT SÆTKARTÖFLUSÚPA

Fyrir 4

1,5 lítri vatn
2 stórar sætar kartöflur í teningum
2 meðalstórar saxaðar gulrætur
2-3 hvítlauksrif eftir smekk fínt söxuð
Ferskt engifer á stærð við þumalputta, afhýtt og fínt saxað
1 stk. matarlaukur, saxaður
2 msk. krydd lífsins frá Pottagöldrum
1 msk. Garam masala frá Pottagöldrum
1-2 teningar grænmetiskraftur eftir smekk
olía til steikingar

**Aðferð:**
*Grænmeti og kryddi blandað saman og léttsteikt (svitað) með olíu í potti. Vatni bætt út í og látið sjóða í þrjú korter og maukað með töfrasprota. Þá er komin þessa fína súpa og ekkert eftir nema að smakka hana til og bæta við kryddunum ef þurfa þykir. Mjög gott er að bera súpuna fram með nýbökuðu brauði og hummus eða smjöri.*





**Varanlegt augnablik** og Birgir Andrésson og vinir heita tvær sýningar sem opna í Hafnarborg á morgun. Á fyrrnefndu sýningunni gefur að líta málverk eftir Sigtrygg Bjarna Baldvinsson en á þeirri seinni eru verk sem Birgir vann með öðrum listamönnum.




ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál

GÆÐAFISKUR
**Sölustaðir:**
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.


Nú er víða skíðafæri en á slóðinni www.skidasvaedi.is er að finna yfirlit yfir öll helstu skíðasvæði landsins. Þá er að finna þar upplýsingar um hver þeirra eru opin.



**Heimild: www.skidasvaedi.is**

# Valin lög úr söngleikjum

**Tjarnarbíó og Majones – leikhúsbar munu bjóða upp á tónlistarskemmtanir og suðrænt hlaðborð í Tjarnarbíói á næstunni undir nafninu Stundin. Í kvöld er þar söngleikjastund með Margréti Eir.**

„Það eru 12-13 söngleikir sem koma við sögu og ég hef bæði valið uppáhaldslögin mín og önnur sem mig langar að spreyta mig á. Úr nógu er að moða,“ segir Margrét Eir þegar hún er spurð út í tónleikana og veisluna í Tjarnarbíói í kvöld. „Þetta getur varla orðið annað en skemmtilegt þar sem gestir njóta bæði frumlegra veitinga og góðrar tónlistar,“ bætir hún við.

Margrét Eir hefur verið höll undir söngleikjatónlist allt frá því hún birtist í Hárinu í Íslensku óperunni 1994. Um tíma dvaldi hún við nám í Bandaríkjunum þar sem hún lagði meðal annars áherslu á slíka tónlist.

Sérstakur gestur í kvöld verður söngvarinn og leikarinn Þór Breiðfjörð, sem er nýfluttur heim eftir farsælan söngleikjaferil á West End og í Evrópu. „Við Þór sungum einmitt saman í Hárinu forðum en það er mikið vatn til sjávar runnið síðan – þið ættuð að heyra í honum núna,“ segir Margrét Eir glaðlega og bætir við að alveg megi búast við fleiri gestum á svið í kvöld.

Fyrir sýninguna ætla þær Áslaug Snorradóttir og Anna Bogga matargúru að galdra fram suðrænt og flúrað hlaðborð. Gestir sitja við borð og andrúmsloftið ætti að verða notalegt. Húsið verður opnað klukkan 18.30. Miðaverð fyrir mat og tónleika er 3.900 en gestir geta líka keypt miða eingöngu á tónleikana á 2.900, þeir hefjast klukkan 20.

Gunnar Gunnsteinsson, framkvæmdastjóri Tjarnarbíós, segir miðað við eina til tvær Stundir í mánuði. „Við erum að skipuleggja dagskrána fram undan,“ segir hann og upplýsir að kántrístund og Janis Joplin-dagskrá séu í sigti. *gun@frettabladid.is*



„Þetta getur varla orðið annað en skemmtilegt,“ segir Margrét Eir sem syngur í Tjarnarbíói í kvöld við undirleik Vignis Stefánssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



YFIRHAFNADAGAR
20% AFSLÁTTUR AF YFIRHÖFNUM
Gildir til laugardagsins 19. mars.
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770



ZEPA
Nýtt í Fríform > Frá Ítalíu
ZEPA helluborð á SPENNANDI verði !


| | | |
|---|---|---|
| Keramik | 300x505 mm | kr. 39.900 |
| Keramik m/snertirofum | 580x505 mm | kr. 69.900 |
| Keramik m/snertirofum | 770x505 mm | kr. 99.900 |
| Spansuðuborð | 580x505 mm | kr. 109.900 |

FULLKOMIN TÆKNI
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
www.friform.is
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500




Mottudagur setur lit sinn á mannlífið í dag.

# Kjör á mottum

**Efnt er til árlegs mottudags í dag og karlmenn því hvattir til að leyfa karlmennskunni að njóta sín.**

Mottudagur er settur fram í gríni og glensi en er þó hugsaður til að auka árvekni karla og fræðslu á krabbameini. Krabbameinsfélagið hvetur landsmenn til að skarta öllum mögulegum karlmennskutáknum í dag og á vefsíðunni mottumars.is er hægt að heita á flottustu skeggmotturnar sem karlmenn hafa safnað sér í í tilefni mottumars. Þá fer sala á mottunælum víða fram um helgina.

„Þrátt fyrir að við bregðum á leik í átakinu vitum við öll að um alvarlegan sjúkdóm getur verið að ræða. Við vitum mun meira um brjóstakrabbamein en til dæmis blöðruhálskirtilskrabbamein, sem er algengasta tegund krabbameins hjá körlum og þegar frekari upplýsingar liggja fyrir verður vonandi hægt að skipuleggja varnir gegn fleiri tegundum krabbameins,“ segir Ragnheiður Haraldsdóttir forstjóri Krabbameinsfélags Íslands. „Nú hafa safnast um 12 milljónir króna í áheitum en ef við eigum að ná jafn góðum árangri og í fyrra þurfum við enn frekari aðstoð.“ *-jma*


Afnemum
virðisaukann
af öllum vörum
fimmtudag, föstudag og laugardag.

Opið til 16 á laugardag
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
FJÖRÐUR
www.fjordur.is



Full búð af nýjum vörum

Opið
mánudag- föstudag frá 11-18,
laugardaga frá 11-16.
Suðulandsbraut 50
Bláu húsin við Faxafen
108 Reykjavík
Tel: 5884499
mostc@mostc.is
Við erum á facebook.
Möst.C

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 18. mars 2011




## Sigga Heimis
### er flutt á æskuslóðirnar

- HAF by Hafsteinn Júlíusson
- Yfirheyrslan
- Fólkið á fremsta bekk


FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

Acer Aspire 5736Z-453G32Mn

- 2.3GHz Intel Pentium Dual-Core T4500
- 3GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA harðdiskur
- 15,6" WXGA LED skjár
- Intel GMA X4500 skjákort
- Kortalesari og vefmyndavél
- DVD og CD-RW skrifari
- Windows 7 Home Premium
- 64-BIT

acer 15.6"

TILBOÐ

Kr. 89.950

intel Pentium Dual-Core inside

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna

✻ ekki missa af



**OFURKONA** Vorlína snyrtivöruframleiðandans MAC nefnist Wonder Woman og er til heiðurs ofurhetjunni frægu. Litirnir eru kvenlegir og inniheldur línan meðal annars litaða maskara, þrjár augnskuggapallettur og ofurstóran varagloss.

## blogg vikunnar

**Tískuliðið**



Bloggið Fashionsquad.com var stofnað af stílistanum Carolinu Engman árið 2006. Á blogginu skrásetur Engman klæðnað sinn við ýmis tilefni. Auk þess er hún dugleg að fjalla um tísku almennt.

**New York tíska**



Blogginu www.fashiontoast.com er haldið úti af Rumi Neely sem er hálfur Japani og hálfur Bandaríkjamaður. Hún starfar bæði sem fyrirsæta og stílisti og hefur haldið úti blogginu frá árinu 2007. Hún segir helstu tískufyrirmyndir sínar vera fyrirsæturnar Erin Wasson og Daria Werbowy og lýsir stíl sínum sem afslöppuðum Kaliforníu-stíl. Skemmtilegt blogg sem gaman er að lesa.

HAFSTEINN JÚLÍUSSON VÖRUHÖNNUÐUR TEKUR ÞÁTT Í HÖNNUNARMARS:

# GERÐI SAMNING VIÐ SELFRIDGES



Hafsteinn Júlíusson vöruhönnuður mun kynna vörulínuna HAF by Hafsteinn Júlíusson í verslun GK Reykjavík á meðan á HönnunarMars stendur. Fyrr í vikunni gerði hann einnig samning við verslunina Selfridges í London varðandi sölu og dreifingu á vörum sínum.

Hafsteinn er menntaður vöruhönnuður frá LHÍ og og Scuola Politecnica í Mílanó. Hafsteinn stofnaði HAF by Hafsteinn Júlíusson í byrjun síðasta árs ásamt kærustu sinni og Daníel Ólafssyni en fyrirtækið þróar, framleiðir og dreifir íslenskum hönnunar- og lífsstílsvörum.



Hann ákvað að stofna fyrirtækið eftir að fjöldi fyrirspurna fór að berast frá erlendum söluaðilum, þar á meðal bresku stórversluninni Selfridges sem hann gerði nýverið sölusamning við. Hafsteinn hefur verið búsettur í Mílanó undanfarin þrjú ár og segir mikinn kost að búa í svo mikilli nálægð við miðju hönnunarhringiðunnar.

Eins og áður hefur komið fram mun Hafsteinn kynna vörulínu sína í verslun GK Reykjavík á meðan á HönnunarMars stendur og er þetta í fyrsta sinn sem hann tekur þátt í viðburðinum. „Mig langaði að kynna HAF og okkar vörur til sölu á Íslandi í gegnum HönnunarMarsinn og hafði því samband við Hönnunarmiðstöð og þannig kom þetta til. Sýningin sem við ætlum að setja upp í GK Reykjavík nefnist Vörur í vinnslu og er eins konar þrívítt súlurit sem lýsir ferli og stöðu hverrar vöru fyrir sig á myndrænan hátt,“ útskýrir Hafsteinn.

Sérstakt opnunarteiti fer fram fimmtudaginn 24. mars og mun Danni Deluxe spila verkið HAF 001: Music that Inspired Us auk þess sem allir sýningargestir fá afhentan QR-kóða sem inniheldur verkið. GK Reykjavík mun einnig hefja sölu á hinum stórskemmtilegu Growing Jewelry mosaskartgripum eftir Hafstein við þetta tilefni.



**Atorkusamur** Hafsteinn Júlíusson vöruhönnuður tekur þátt í HönnunarMars og setur meðal annars upp sýningu í GK Reykjavík.






Isaac Mizrahi er ekki hrifinn af John Galliano:

# Vonar að hann starfi aldrei aftur

Fáir fatahönnuðir hafa tjáð sig um mál Johns Galliano á opinberum vettvangi síðan hann var handtekinn í París fyrir kynþáttafordóma. Hönnuðurinn Isaac Mizrahi er ekki í þeim hópi og hefur meðal annars sagt að hann vonist til að Galliano muni aldrei starfa innan tískubransans aftur.

„Ég var aldrei sérstaklega hrifinn af því sem Galliano gerði. Ég var hrifnari af því sem McQueen og Vivienne Westwood gerðu. Og nú kemst ég að því að hann hatar gyðinga og ég hugsaði með mér: „Bæ, bæ Galliano“. Ég held að hann muni aldrei starfa innan bransans aftur. Ég vona það alltént í það minnsta,“ sagði Mizrahi í viðtali við The Cut.



**Ekki hrifinn** Isaac Mizrahi vonar að Galliano muni aldrei aftur starfa innan bransans.
NORDICPHOTOS/GETTY

## ✻ augnablikið



**LEIKKONAN CLEMENCE POESY** mætti afslöppuð og sæt á verðlaunahátíð í London um helgina.
NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Anna María Sigurjónsdóttir **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Styrkir fyrir námsmenn
Umsóknarfrestur er til 25. mars.
Sæktu um námsstyrk Námunnar á landsbankinn.is.
Námufélagar eiga nú kost á veglegum námsstyrkjum á framhalds- og háskólastigi fyrir skólaárið 2011-2012. Styrkjum hefur verið fjölgað og styrkupphæðir hækkaðar.
Veittir verða styrkir í fjórum flokkum
» 4 styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms, 200.000 kr.
» 4 styrkir til háskólanáms (BA/BS/BEd), 350.000 kr.
» 4 styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi, 400.000 kr.
» 4 styrkir til listnáms, 400.000 kr.
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
NBIHF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280

# KOMIN HEIM Á ÆSKUSLÓÐIR

**Sigríður Heimisdóttir, eða Sigga Heimis eins og hún er betur þekkt, er líklega sá hönnuður sem hvað flestir Íslendingar eiga eitthvað eftir, án þess þó að gera sér grein fyrir því. Hún starfaði hjá IKEA í mörg ár og er nú flutt heim til Íslands eftir 15 ára búsetu erlendis.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Valgarður Gíslason



**Komin heim** Sigga Heimis iðnhönnuður er flutt heim til Íslands eftir fimmtán ára búsetu erlendis. Hún segist ánægð með að vera komin heim á æskuslóðirnar á Nesinu.

Sigga hefur að eigin sögn ávallt verið frekar listhneigð og haft mikinn áhuga á öllu sem viðkemur menningu og hönnun. Hún stundaði myndlistarnám sem barn og á menntaskólaárunum var hún virk í listafélagi MR. Sautján ára gömul fór hún sem skiptinemi til Bandaríkjanna og segir listakennara sinn þar hafa verið mikinn áhrifavald í lífi sínu. „Þetta var í raun aukaár sem ég tók þarna úti því á þessum tíma fékk maður skiptinámið ekki metið. Ég nýtti tímann vel og tók öll listafög sem ég gat komist í, grafíska hönnun, ljósmyndun og myndlist. Ég var líka með alveg frábæran listakennara sem hvatti mig áfram og ýtti á mig að halda áfram á þessari braut," útskýrir Sigga. Hún íhugaði fyrst að fara út í arkitektúr en iðnhönnunin varð ofan á, þar sem hana langaði heldur til að hanna staka hluti en heilar byggingar.

„Ég varð að fara út að læra, enda var þetta nám ekki kennt hér heima á þessum tíma. Ítalía kom sterk inn því Ítalir eiga alveg sérstakan stað í nútíma hönnunarsögu. Ég flutti því út til Rómar í byrjun sumars og skráði mig á ítölskunámskeið og byrjaði svo í hönnunarnáminu í Mílanó um haustið. Í fyrstu skildi ég mjög lítið af því sem fram fór í tímum og man að ég keypti í öngum mínum diktafón til að hafa með mér í skólanum," segir hún og skellir upp úr.

## NAUT SÍN HJÁ IKEA

Að námi loknu ákvað Sigga að flytja aftur til Íslands og kom þá heim í miðja kreppu þegar litla vinnu var að fá. Hún tók að sér starf í húsgagnaverslun og þar segist hún hafa lært margt nytsamlegt. Meðfram verslunarstarfinu tók Sigga að sér ýmis hönnunarstörf og vann meðal annars fyrir Ofnasmiðjuna og GKS. Auk þess stofnaði hún fyrirtækið Hugvit og hönnun, sem hún starfrækir enn þann dag í dag. Sigga var einnig dugleg að sækja hönnunarsýningar til að kynna sig og það var á einni slíkri sem hönnunarstjóri IKEA uppgötvaði hana. „Hann bauð mér að vinna nokkur verkefni fyrir IKEA og ég sagðist vera tilbúin að skoða það. Mörgum fannst ég þó hafa selt sálu mína við þetta, og það ódýrt, en ég skildi aldrei þá hugsun. Meiningin með náminu er líklega sú að geta lifað af því sem maður hefur lært? Þess vegna hef ég oft brýnt fyrir unghönnuðum mikilvægi þess að sækja svona sýningar því þar leynast mörg tækifæri."

Sigga starfaði sjálfstætt fyrir húsgagnarisann í eitt ár en ákvað svo að snúa aftur til Ítalíu og ljúka meistaranámi í iðnhönnun. Að því loknu bauðst henni föst staða hjá IKEA og starfaði hún hjá fyrirtækinu næstu átta árin. Fyrir jól fór fram sýning á verkum Siggu í Hönnunarsafni Íslands og hefur það líklega komið mörgum sýningargestum á óvart hversu kunnugleg mörg verka hennar eru. „IKEA er umsvifamesti húsgagnaframleiðandi í heimi og lágt vöruverð gerir það einnig að verkum að allir hafa efni á að versla þar. Ég fæ alltaf ánægju út úr því að sjá hönnun mína heima hjá vinum og vandamönnum, en oftast veit fólk ekki einu sinni af því að ég hafi hannað hlutinn," segir hún brosandi.

Eftir næstum áratug hjá IKEA flutti Sigga sig um set og hóf störf hjá danska hönnunarfyrirtækinu Fritz Hansen, sem framleiðir meðal annars hönnun Arne Jacobsen. „Ég fór úr einum enda hönnunarbransans yfir í hinn. Það er frábært að hafa kynnst öllum hliðum bransans og ég tel mig hafa grætt mikið á því," segir hún.

## TÆKIFÆRIN LEYNAST VÍÐA

Þegar talið berst að íslenskri hönnun segir Sigga margt mjög áhugavert vera í gangi hér og nefnir í því samhengi fyrirtækin Aurum, Steinunni, Farmers Market og Össur. Hún segir fólk of gjarnt á að einblína á hið listræna þegar kemur að hönnun en tekur fram að hönnun lík því sem Össur er að gera sé engu að síður mikilvægur liður í iðnhönnun. „Nágrannalönd okkar búa vissulega að lengri hönnunarsögu en við. Þótt það geti reynst vel finnst mér það einnig geta virkað heftandi því þá þarf gjarnan að taka mið af þeim hönnunararfi, á meðan við getum leyft okkur að vera tilraunagjarnari. Ég sé í það minnsta fullt af möguleikum hér heima hvað hönnun varðar; það eina sem við þurfum að passa okkur á er að vera fagmannleg í verki."

Spurð að því hvort hún haldi sérstaklega upp á eitthvert verka sinna segist Sigga alltaf eiga erfitt með að svara þeirri spurningu. „Maður dettur svo inn í það verkefni sem maður sinnir hverju sinni að það verður oftast uppáhaldsverkefnið manns þá stundina. Núna er ég til dæmis að hanna fjölskylduvænt hjólhýsi fyrir sænskt fyrirtæki og mér finnst það afskaplega áhugavert, enda hef ég aldrei hannað hjólhýsi áður. Og núna á Hönnunarmars verð ég með ný húsgögn með innbakaðri ádeilu á hvernig við Íslendingar erum að fara með fallega landið okkar. Annars held ég alltaf mikið upp á glerlíffærin mín."

## ÁNÆGÐ Á ÆSKUSLÓÐUM

Sigga kynntist eiginmanni sínum, David Sandahl, í gegnum starf sitt hjá IKEA, en hann vann sem vöruþróunarverkfræðingur hjá fyrirtækinu. Saman eiga hjónin þrjú börn, eina dóttur og tvo syni, sem þau eignuðust á þriggja ára bili. „Við kynntumst á plastnámskeiði í Tékklandi, eins rómantískt og það hljómar. Vinum mínum þótti fyndið að ég hefði náð mér í sænskan mann því ég hafði talað mikið um það að ég mundi aldrei giftast Svía," segir hún brosandi. Fjölskyldan flutti búferlum til Íslands í byrjun hausts og segist Sigga alsæl yfir að vera komin aftur heim. „Það var eiginlega David sem vildi flytja hingað. Ég hélt ég hefði slegið málið út af borðinu með því að segja honum að finna sér vinnu fyrst en hann gerði það og þá var ekkert því til fyrirstöðu að við kæmum heim."

Fjölskyldan fann sér heimili á Seltjarnarnesinu og að sögn Siggu þrífast börnin eins og blóm í eggi á þessum fallega stað. Miðjubarn Siggu var greint með einhverfu og viðurkennir Sigga að góð þjónusta og stuðningur við einhverf börn hér á landi hafi átt stóran þátt í þeirri ákvörðun að flytja heim. „Þó að ég hafi kunnað afskaplega vel við mig í Svíþjóð þurftum við að bíða lengi eftir allri aðstoð við strákinn okkar. Hér gengur þetta allt mun hraðar fyrir sig og hann er ánægðari fyrir vikið. Auk þess erum við foreldrarnir áhyggjulausari hér og börnin frjálsari ferða sinna." Innt eftir því hvort hún sakni einhvers frá Svíþjóð verður hún hugsi: „Ég held það mundi gera öllum Íslendingum gott að búa um stund í Svíþjóð. Þar lærði ég aga og ákveðið skipulag, sem er alveg nauðsynlegt," segir hún og hlær.

## myndaalbúmið



Þetta eru gullmolarnir mínir þrír; Anna Lovísa, Baltasar og Heimir Móses.



Þarna erum við eiginmaðurinn í Landmannalaugum.



Ég og dóttirin Anna Lovísa í Landmannalaugum.



LIDAN-körfur, gerðar fyrir baðherbergið, og einn langmest seldi hlutur sem ég hef hannað.

PÓSTURINN

1. tölublað - 2. árgangur | Föstudagurinn 18. mars 2011 | Ritstjórn Póstsins, sími: 512 5950

FRÉTTIR / ERLENT / HOLLYWOOD / MENNING / BÍLAR / BÍÓ / VEÐUR / DAGSKRÁIN



## FORSTJÓRI OLÍUSAMBANDSINS FÆRÐUR TIL YFIRHEYRSLU

FRÉTTIR / 2



## LÚXUS Í BOÐI ÞJÓÐARINNAR? BÝR Í 700 FM HÚSI OG SKILANEFNDIN BORGAR

FRÉTTIR / 8

# UNG KONA FINNST LÁTIN Á LEIKVELLI




**Lögreglan verst allra frétta, ekki vitað hvort að dauða hennar bar að með saknæmum hætti**



## ASHLEE SIMPSON MEÐ ÍSLENSKAN TREFIL

Frábær landkynning, segir forsetinn

HOLLYWOOD / 48



## GJALDÞROTA Í STRÍÐI VIÐ KERFIÐ

### Íhugar framboð til Alþingis

„Nú þarf að grípa í taumana, þjóðin getur ekki meir“

**Einkaviðtal við Póstinn**

FRÉTTIR / 16

Pósturinn er blað sjónvarpsþáttaraðarinnar Pressu á Stöð 2 og er innihald blaðsins skáldskapur. Misstu ekki af æsispennandi framvindu fréttanna í nýrri þáttaröð sem hefst 20. mars.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.




512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

PÓSTURINN

**LUMAR ÞÚ Á FRÉTT?**
Fréttalína Póstsins: 512 5950

## HELGARPISTILL
Lára Karlsdóttir skrifar



## FÆÐINGARORLOF ER SKÍTADJOBB

Nú halda eflaust allir að það sé syngjandi hamingja fyrir konu að vera heima í fæðingarorlofi. Mönnum gæti dottið í hug að orlofið sé einhvers konar verðlaun fyrir níu mánaða vanlíðan, 270 stykki af morgunógleði og aflagaðan kropp. Svarið er nei. Fæðingarorlof er ekkert sældarlíf.

Það er í nógu að snúast við að halda nýfæddu krílinu á lífi, fóðra, klappa á maga, þrífa ælu og þvo bæði föt og börn. Og nota bene – þessi störf eru ekki aðeins unnin frá níu til fimm, heldur allan daginn. Og sá sem er í fæðingarorlofi er sjálfkrafa á bakvakt allar nætur líka. Þetta er skítadjobb, en einhver verður að vinna það.

Samt er eins og allir haldi að móðir í fæðingarorlofi hafi nægan tíma til að skjótast hingað og þangað, sækja þetta, skutla hinu og vinna ýmis viðvik sem þeir sem vinna aðeins frá níu til fimm hafa ómögulega tíma til að gera. Þetta er semsagt rangt og nú er því komið á framfæri. Ég get varla beðið eftir að þeim degi þegar fæðingarorlofinu lýkur og ég get farið að vinna á hinni brjáluðu ritstjórn Póstsins og slaka aðeins á.







ÁLIT UMBROTSMANNS

## FRÉTTASTJÓRAFJÖR



Það var mikið um dýrðir á Safír um helgina þar sem **Nökkvi Egilsson** ritstjóri Póstsins hélt upp á hálfrar aldar afmæli. Rjómi íslenskra blaðamanna og –kvenna, var á svæðinu: Bergsveinn og Kjaran blaðamenn á Fréttablaðinu stigu trylltan dans við Eagles lögin og hinn þokkafulli innanhússarkitekt, Sara hjá Dís-form lét sig ekki vanta.

## GIFTING ALDARINNAR



Sjóðsstjórinn Bjarni P. Tómasson hjá Landsbankanum sló öll met þegar hann gekk í það heilaga með **Dúnu S. Snæbjörnsdóttur,** sem oftast er kennd við gæludýraverslunina Toppz. Rjómi íslensks viðskiptalífs var á staðnum þar sem engu var til sparað í veitingum. Sólveig, systir brúðarinnar, þótti fara á kostum á dansgólfinu, en veislan, stóð fram á rauðanótt.

Fyrir 229 krónur færð þú:
TERTUSNEIÐ Í BAKARÍI
EÐA
6 MÍNÚTUR Í KEILU
EÐA
EINN BARNAÍS
EÐA
VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU
EÐA
FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag. **Tryggðu þér áskrift í dag!**



WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOU
STJAKI MINNI 4990.-
ÁN SKATTS: 3942.-
STJAKI 5990.-
ÁN SKATTS: 4732.-
LEGUBEKKUR 69.900.-
ÁN SKATTS: 55.221.-
LEÐURSÓFI 119.900.-
ÁN SKATTS: 94.721.-
RAMMAR FRÁ: 1490.-
ÁN SKATTS FRÁ: 1177.-
LEÐURSTÓLL 59.900.-
ÁN SKATTS: 47.321.-
VASAR FRÁ: 690.-
ÁN SKATTS: 545.-
TAX FREE HELGI
VIRÐISAUKINN AF ÖLLUM VÖRUM
SPEGILL STÓR 16.990.-
ÁN SKATTS: 13.422.-
MATARSTELL ÝMSAR GERÐIR VERÐ FRÁ: 490.-
ÁN SKATTS: 387.-
GLÖS FRÁ: 190.-
ÁN SKATTS: 150.-
the PIER
KERTI FRÁ 129.-
ÁN SKATTS: 102.-
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# ARCA & ARNA VERSLUN GRÍMSBÆ

ARCA DESIGN ER MEÐ ALLT FYRIR FERMINGUNA 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BRAUÐTERTU & KÖKUDISKUM

ARNA VAR AÐ TAKA UPP GLÆSILEGA SENDINGU AF FATNAÐI & FYLGIHLUTUM 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BUXUM OG FYLGIHLUTUM

GILDIR HELGINA 19-20 MARS 2011.



Vertu vinur á facebook ;)

**Grímsbær-Bústaðarvegi**
Efstaland 27, 108 Rvk.
Arna 527-1999, Arca 571-2399

Við sendum út um allt land!
Sjáumst í Grímsbæ,
kveðja Arna & Arca.










**Söngkonan Bat for Lashes á sýningu Belle Sauvage í London.**



**Anna Wintour og dóttir hennar, Bee Shaffer, á sýningu Alexanders Wang í New York.**



**Leikkonan Clémence Poésy á Mulberry Salon-sýningunni í London.**

FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Á FREMSTA BEKK:

# FREMST Á TÍSKUVIKUNUM

Mikill fjöldi frægra sækir tískuvikurnar í New York, London, París og Mílanó og getur verið jafn gaman að skoða fatnað þeirra og það er að skoða dásemdina á tískupöllunum. Hér má sjá nokkrar af þeim stjörnum og fyrirsætum sem vermdu fremstu bekkina á tískuvikunum í London og New York.



**Söngkonan Alison Mosshart á sýningu Sketch for a Fashion Show í London.**

NORDICPHOTOS/GETTY



**Fyrirsætan Lily Donaldson á sýningu Burberry Prorsum í London.**



**Juliette Lewis á sýningu Julien Macdonald í London.**



**Kirsten Dunst og Sofia Coppola á sýningu Rodarte í New York.**



**Fyrirsætan Yasmin Le Bon á sýningu Mary Katrantzou í London.**

# ESTĒE LAUDER

## Gjöfin þín í Lyfju

### Ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 5.900 krónur eða meira,

dagana 17. - 23. mars í Lyfju Lágmúla og Lyfju Smáratorgi.




**Gjöfin inniheldur:**
Take It Away Makeup Remover – andlitshreinsi 30ml
Perfectionist – viðgerðardropa á línur og hrukkur, 7ml
Resilience Lift Extreme Creme – Dagkrem sem stinnir og styrkir, 15ml
Pure Color Lipstick – varalit, pink perfait, fulla stærð
Doublewear Eye Pencil – augnblýant, lit, svart
Pure Color Box – augnskuggabox með 4 augnskuggum
Sumptuous Mascara – svartan maskara
Stóra og góða snyrtitösku

*Verðgildi gjafarinnar ca. 23.128 .-
*meðan birgðir endast




**Það mikilvægasta sem þú setur á þig í dag**
Nýtt. Daywear SPF 15
Nú með enn öflugri andoxunarefnablöndu

Andoxunarefni. Góð fyrir líkamann og góð fyrir andlitið.

Þessi nýja efnablanda okkar, Super Anti-Oxidant Complex, er svo öflug að engin andoxunarefni sem við höfum rannsakað komast nálægt henni í virkni. Auk þess veitir hún vernd gegn öllum helstu tegundum sindurefna sem áreita húðina og gera ásýnd hennar eldri. Þannig dregur greinilega úr fyrstu ummerkjum öldrunar. 96% kvenna (sem þátt tóku í rannsókn okkar?) sögðu að áferð húðarinnar hefði strax orðið sléttari, ferskari og heilbrigðari.

LYFJA
- Lifið heil



# YFIRHEYRSLAN

**Harpa Rún Ólafsdóttir listamaður.**



**Háir hælar eða flatbotna skór:** Mega háir pinnahælar, nei. Fylltir hælar, já. Flatbotna í sumar.

**Ómissandi í snyrtibudduna:** Ef ég gengi með snyrtibuddu þá myndi ég örugglega hafa maskara í henni.

**Uppáhaldsliturinn:** Blágrænn, ekki grænblár.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Blá sjóliðaskyrta í Kolaportinu á 200 kall.



**Hvað dreymir þig um að eignast?** Delorian-tímavélarbílinn í Back to the Future.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Jackie Wilson Said (I'm in Heaven When You Smile) með Van Morrison.

**Uppáhaldshönnuðurinn:** Ási Már, Sævar Markús og krakkarnir í Kiosk, Helicopter, Harpa Einars, Kristrún Thors, Þórunn Árnadóttir, Sonja Bent, Aftur og fullt fullt af öðrum snillingum, Áfram íslensk hönnun!!!



**Uppáhaldsdrykkurinn:** Gott rauðvín.


# Signatures Of Nature

## -náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur



Elma Lísa Gunnarsdóttir
Leikkona

Ég er algjör kremfíkill og ég veit fátt betra en að dekra við mig og næra húðina með góðum kremum og möskum. Ég er með þessa týpísku íslensku húð þurra og viðkvæma.
Í starfi mínu sem leikkona er oft mikið álag á húðina og ég þarf að geta treyst á góðar húðvörur sem mýkja, næra og róa húðina.
Síðan ég kynntist vörunum frá Signatures of nature hef ég fundið fyrir miklum mun, húðin er mýkri og viðráðanlegri.
Ég get með heilum hug mælt með þessum vörum.
Það góða við þær er að þær eru lífrænar og ekki sakar að þær eru á góðu verði.

**-Nú** getur þú farið í grænar meðferðir andlits og líkamsmeðferðir á Nordica spa

**-Meðferðir** sem eru eingöngu unnar upp úr lífrænum grunni og blandað saman með fersku grænmeti og ávöxtum

**-Meðferðir** sem eru án allra kemískra rotvarnarefna og kemískra bindiefna

**-Vissir** þú að við erum alltaf með tilboð í verslun okkar í Smáralind

**-Vissir** þú að við leggjum mikið upp úr faglegri ráðgjöf og góðri þjónustu

**-Nýjungar** Við erum með Mineral farða sem er að slá í gegn á Íslandi. Farðinn er eingöngu unnin upp úr steinefnum, hann er án allra bindiefna og rotvarnarefna. Farði sem nærir húðina og gefur einstaklega fallega áferð og náttúrulegt útlit.

## Kynning á náttúrulækningum í verslun okkar

**Laugardaginn** 19 mars milli kl 14:00 - 17:00 verður Þórunn Birna Guðmundsdóttir með kynningu

Þórunn lauk M.Sc. í austurlenskri læknisfræði og jurtafræði sem hún stundaði árin 1996-2001 í Emperor´s College í Californíu, Bandaríkjunum. Þórunn lauk einnig nuddnámi í almennu og kínversku nuddi þaðan og hefur starfað sem jurtaráðgjafi með kínverskar jurtir í heilnæmri jurta- og lyfjaverslun í Californiu. Á meðan á starfsþjálfun hennar stóð, gafst henni tækifæri á að vinna á afvötnunardeild og endurhæfingarstöð Daniel Freeman´s Hospital sem og á læknamiðstöð University Of California, Los Angeles eða Arthur Ashe Medical Center sem nálastungusérfræðingur. Hún hefur starfrækt sína eigin stofu í Rvk síðastliðin 7 ár.







**Prentum á servíettur og sálmabækur**

Allt efni í skreytingar á fermingarborðið



FÖNDRA
www.fondra.is
Dalvegi 18, Kóp. - Sími 568 6500 - www.fondra.is
Opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16

# Prakkarastrik sem fer yfir strikið

**Stúdentaleikhúsið frumsýnir annað kvöld í Norðurpólnum verkið DNA eftir Dennis Kelly í leikstjórn Söru Marti Guðmundsdóttur.**

Ég valdi þetta leikrit vegna þess að það er bara tveggja ára gamalt og skrifað fyrir ungt fólk fyrir þjóðleikhúsið í Bretlandi,“ segir Sara Marti Guðmundsdóttir, leikstjóri verksins DNA sem Stúdentaleikhúsið frumsýnir í Norðurpólnum annað kvöld. Höfundur verksins er Dennis Kelly, sem skrifaði meðal annars Munaðarlaus og Elsku barn sem sýnt er í Borgarleikhúsinu um þessar mundir.

Sara segir verkið vera mikið leikarastykki. „Stúdentaleikhúsið hefur sett upp margar sýningar undanfarið þar sem þau búa til sýningarnar frá grunni sjálf, þannig að bæði ég og þau vorum æst í að nota tímann til að vinna leikaravinnu eftir handriti. Síðustu átta vikurnar erum við búin að vinna í því að búa þessar persónur til og að mínu mati hefur tekist mjög vel til. Ég er bara svakalega ánægð með sjálfa mig og leikhópinn minn.“

Söru vefst eilítið tunga um tönn þegar hún er beðin um að flokka verkið en segir þó að þetta sé spennuleikrit. „Já, þetta er spenna en sett fram á léttu nótunum, þótt húmorinn sé svolítið svartur.“ segir hún. „Ég vil ekki ljóstra of miklu upp um söguþráðinn en þetta fjallar um prakkarastrik sem fer aðeins yfir strikið og hvernig hópurinn vinnur sig út úr því.“

Sýningin annað kvöld er frumsýning í tvennum skilningi hjá Söru því hún útskrifaðist sem leikstjóri í desember og hefur ekki sett upp verk hér heima áður. „Ég var í námi í London og er bara nýkomin heim. Fór beint í þetta verkefni og er óskaplega ánægð með leikhópinn og vinnuna með honum. Ég er meira að segja svo ánægð með útkomuna að tveimur dögum fyrir frumsýningu er ég meira spennt en stressuð. Það hefur aldrei gerst fyrr.“

Leikarar í sýningunni eru ellefu talsins, aðstoðarleikstjórn er í höndum Sigríðar Eirar Zophoníasardóttur, Ragnheiður Maísól sér um leikmyndagerð og Sóley Stefánsdóttir sér um tónlist við verkið. Birgit Ortmeyer hefur yfirumsjón með búningum og henni til aðstoðar eru þær Hera Guðbrandsdóttir og Rebekka Magnúsdóttir. Önnur sýning verður mánudaginn 21. mars og sýningar eru fyrirhugaðar fram til 9. apríl.

*fridrikab@frettabladid.is*



Sara Marti Guðmundsdóttir, leikstjóri sýningarinnar.



Stúdentaleikhúsið frumsýnir DNA eftir Dennis Kelly í Norðurpólnum annað kvöld.



Kjartan Valdemarsson og Kristjana Stefánsdóttir flytja djass í Gerðubergi í kvöld.

## Bland í poka

**Tónleikar Kristjönu Stefánsdóttur og Kjartans Valdemarssonar, Bland í poka, dægurperlur samtímans í djassbúningi, verða haldnir í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í kvöld klukkan 20.**

Kristjana Stefánsdóttir söngkona og Kjartan Valdemarsson píanóleikari hafa starfað saman í fjölda ára. Í Gerðubergi í kvöld munu þau leika lög úr öllum áttum, allt frá djassperlum til glænýrra dægurlaga, en þau stóðu meðal annarra að tónleikaröðinni Söngbók djassins á Tíbrá í Salnum. Þar léku þau eigin útsetningar á þekktum perlum djasstónlistarinnar.

Sunnudaginn 20. mars verður einnig í Gerðubergi djasssöngsmiðja fyrir klassískt menntaða söngvara í umsjón þeirra Kristjönu og Kjartans.

*- rat*






Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Framtöl - bókhald- ársreikningar. Mikil reynsla - sanngjarnt verð. www.fob.is s. 517-3977

## Fjármál

Er fjármagn þitt með neikvæða ávöxtun ? Hafðu samband hornsteinn@netland.is

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgegni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**Flisaverk.is**
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Förgun - Pípulagnir - Rafmagn - Múrverk - Smíðavinna - Flísalagnir - Yfirförum ofnalagnir
Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.
Sími 553 2200
kristjan@flisaverk.is

Smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í síma 864 5920.

Lítið verktakafyrirtæki getur bætt við sig verkefnum, almennt viðhald og nýsmíði. S: 898 1990.

## Tölvur

**tölvuhjálp!**
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

## Nudd

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

GOOD MASSAGE WITH TWO OR FOUR HANDS 659 62 69.

Whole body massage. S. 849 5247.

THE BEST!!!LUXURY WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME! !869 8602.

Líkamsnudd! Frábær þjónusta, tilboðsverð í dag! S:6618272 eða 6930348.

New whole body massage. S. 864 8449, Isabella.

**GOTT NUDD - KR. 4500**
TILBOÐ 2 SAMAN. Skrúbb, pottur, nudd og veitingar kr. 9900. DETOX-ÚTHR. Heilsumat og veitingar kr. 5500. DETOX 2 SAMAN heilsumat og veitingar kr. 9900. JB Heilsulind. S. 823 8280

## Spádómar

**Spásími 908 6060**
Tarot, miðlun, trúnaður, draumar. Hvað viltu vita á nýju ári.Opið frá 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro.

## Rafvirkjun

**Raflagnir og dyrasímaþjónusta**
Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi
Nýlagnir og endurnýjun raflagna
Gerum verðtilboð
RAFNEISTI
GSM 896 6025
Löggiltur rafverktaki
rafneisti@simnet.is

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

## Trésmíði

Óska eftir tilboði í uppsetningu á stálveggjum m. föstu gleri og hurðum uppl: 6918842 / eyjolfur@internet.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu


Teg: 1529, fjólubl., st: 36/40, verð: 16.885.-


Teg:1661, br.bleikt reimað, St: 37/41, verð: 16.885.-


Teg: 1544, svart og bleikt, st: 37/41, verð: 16.885-

**Mega flottir dömuskór úr leðri!**
Misty skór Laugavegi 178, s: 551 2070.

Kauptu blekhylki á Netinu fyrir 5.000 eða meira og þú færð fría heimsendingu eða ljósmyndapappír ef þú sækir!
**Prentvörur**
www.prentvorur.is

Til sölu ný talstöð vhf fyrir 4x4 Einnig tengdamömmu kassi. Uppl. í s. 588 9910.

Ísskápar, þvottavélar,Eumenia með þurrkara, uppþvottavélar, þurrkarar, frystikista, sjónvörp. Tölvuflatskjár S. 896 8568.




Klassískur gítar full stærð poki,neglur og kennsludiskur Kr:16.900,- Gitarinn ehf,Stórhöfða 27 Sími:5522125,www gitarinn.is, gitarinn@gitarinn.is.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
***Jón og Óskar - jonogoskar.is* s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

Wish to buy two 40ft containers. 863 4506 - contact@icelandriverjet.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun



**TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ**
stakar stærðir í A,B,C,D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 4.990,- Misty Laugavegi 178, s: 551 3366.

**DOMTI**
Smáratorgi 1
ERUM AÐ TAKA UPP NÝJAR VÖRUR.
LÆGSTA VERÐ 290KR.
GOTT VERÐ 390KR.
HÆÐSTA VERÐ 690KR.

**bathmate**
Bathmate er nú með CE vottun!
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*
*Pantana & upplýsingasími*
**849 0698**
**www.bathmate.is**

## Heilsuvörur

ORKA/ÚTHALD= vellíðan, prófaðu HERBALIFE , UPPL./RÁÐGJÖF Svavar, gsm 6183909 :)

Heilsuvörur Herbalife, frí ráðgjöf. 8918902 asta@dagamunur.is www.dagamunur.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is

Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**Spa Dream Oasis**
**Margar gerðir af nuddi fyrir menn, konur og pör. Vel menntuð og með góða reynslu á þessu sviði. Ekkert sex nudd. Opið frá 10-19 mán-lau. Uppl. s. 862 0941**

## Dýrahald



Hreinræktaðir Beagle hvolpar til sölu. Tilbúnir til afhendingar með örmerkingu og heilsufarsbók. Ættbókarfærðir hjá HRFÍ. Nánari uppl. í síma 862 1304.

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi. S. 566 8417 Tökum visa/euro**

## Útilegubúnaður




Vatnsheldar töskur og pokar 5 ára ábyrgð Hirzlan Smiðsbúð 6 Sími 564-5040 www.hirzlan.com

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Falleg 50m2 stúdíóíbúð í hjarta miðborgarinnar. Húsbúnaður og húsgögn geta fylgt, t.d. þvottavél, allar sjónvarpsstöðvar 365, netaðgangur og öryggiskerfi. kr. 110.000 S. 820 4005/ Beautiful, fully equipped studio apartment in the city center. Access to over 50 int'l TV channels, internet, washing machine and a security system. ISK 110.000 Tel: (+354) 820-4005

Til leigu 60fm 2ja herbergja íbúð á jarðh. í þríbýli í Vesturbæ Kópavogs. Séringangur. Laus um mánaðamótin. Mjög stutt í alla þjónustu.Leiga 85þús. Uppl. 694 4150.

Tvö skrifstofuherbergi C.a 17fm. Til leigu við (Árbær/hálsar). Óska eftir skrifborðsstólum. Upplýsingar gefur Halldór í síma 899 7230.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2 herb. eða stúdíóíbúð í 101, 103, 105, 107 Aðeins snyrtilegar og flottar íbúðir koma til greina. Vinsamlegast hafið samband í síma 897 5012.

## Atvinnuhúsnæði

Ca. 75fm iðnaðarhúsnæði með stórri innkeyrsluhurð í HFJ. Uppl. í s. 892 5309.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Metnaðarfullan starfsmann vantar til að sjá um litla kaffiafgreiðslu.Dagvinna. Vinsamlega sendið uppýsingar á kaffi26@internet.is. Sími 6902160.

**Vellaunað framtíðarstarf í boði á líflegum vinnustað.**
Hressingarskálinn óskar eftir yfirkokki sem er skipulagður, hugmyndaríkur og skemmtilegur í starfi, þarf einnig að sjá um starfsmannahaldið í eldhúsinu, innkaup og fleira. Vinsamlegast sendið CV á valdi@hresso.is

Háseta vantar á 200 tonna línubát. Upplýsingar í síma 450 0201.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Lífspekifélagið**
Í kvöld, föstudaginn 18. mars kl. 20:30 talar Anna Valdimarsdóttir, sálfræðingur um það sem henni er hugleikið í húsi félagsins Ingólfsstræti 22.
Laugardaginn 19. mars kl. 14:00 erhugleiðing, kl. 14:30: Farið yfir fræðsluefni Sigvalda. Kl. 15:00: Opið hús og Kl. 15:30 verður sýnd kvikmynd um andleg efni.
Á fimmtudögum kl. 16:30 - 18:30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
www.lifspekifelagid.is

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 5050**
Opið allan sólarhringinn.

## Til sölu

# Þarft þú að færa þína tunnu?
## Er hætta á að hún fjúki?

**Tunnufestingin heldur henni á sínum stað!**



Ódýr lausn og einföld í uppsetningu.

Tunnufestingin veldur engum töfum við sorphirðu.

**HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI**
**Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 535 2550**
**info@hafnarbakki.is • www.hafnarbakki.is**

# Slúðrandi fjölmiðlun

Fjölmiðlar

Sigurður Einarsson

fv. stjórnarformaður Kaupþings



Umfjöllun íslenskra fjölmiðla í kjölfar hins alþjóðlega fjármálahruns hefur því miður oft á tíðum einkennst af slúðri og slagorðum. Það er vond blanda og ekki einungis skaðleg fyrir fórnarlömbin hverju sinni heldur alla umræðu í landinu, sem bæði verður neikvæð og afturvirk. Þegar til lengri tíma er litið kann það að verða dýrkeypt fyrir allt samfélagið.

Hjá fjölmiðlunum virðast „kröfur markaðarins“ oftast ráða för í efnistökunum, rétt eins og lýðhyllin virðist stýra stjórnmálamönnum en ekki leiðsögnin sem þeim er ætlað að veita. Hraðinn í fréttaflutningi og e.t.v. fjárskortur í ofanálag virðist bitna á metnaði og gæðum. Ég hef að öllu jöfnu ekki hirt um að elta ólar við ónákvæmni eða uppspuna í umræðunni en um þessar mundir fæ ég þó ekki lengur orða bundist og leyfi mér að benda á nokkur dæmi um óvandaða blaðamennsku á undanförnum dögum.

1. Ég hygg að flestir fjölmiðlar hafi sagt frá því að mér og reyndar öllum öðrum sem handteknir voru í tengslum við húsleitir Serious Fraud Office, SFO, og Sérstaks saksóknara í London og á Íslandi hafi verið sleppt sama kvöld „gegn tryggingu“. Sjálfur var ég frjáls ferða minna í eftirmiðdag þessa dags eftir 15 mínútna langa yfirheyrslu og ekki krafinn um neinar tryggingar frekar en aðrir sem færðir voru til yfirheyrslu. Enginn þessara fjölmiðla gaf sér tíma til að spyrja um hvers konar tryggingar væri að ræða. Bullið tók hver miðillinn upp eftir öðrum og enginn þeirra hefur séð ástæðu til að leiðrétta sig.

2. Önnur ónákvæmni fjölmiðlanna þar sem hver étur upp eftir öðrum er að handtökur hafi verið framkvæmdar í kjölfar húsleitar. Um leið er gefið í skyn að við húsleitirnar hafi fundist gögn sem réttlættu handtökur. Það er rangt. Hins vegar voru menn færðir til yfirheyrslu samhliða húsleitum. Á þessu tvennu er mikill munur – en fjölmiðlum stendur á sama.

3. Sérstakur saksóknari hélt því fram í upphafi að hann kæmi hvergi nærri þessum húsleitum heldur væru þær alfarið á vegum SFO í London. Á sama tíma mætti Björn Þorvaldsson aðstoðarsaksóknari á heimili mitt í London og reyndi að dyljast í stórum hópi innfæddra án þess að gera grein fyrir sér. Þegar á hann var gengið sérstaklega sagðist hann vera túlkur til aðstoðar ef einhver grunsamleg skjöl fyndust á íslensku. Hvort Björn hafi löggildingu sem slíkur læt ég ósagt um.

4. Fréttastofa RÚV hefur á sínum snærum sérstakan pistlahöfund í London, Sigrúnu Davíðsdóttur. Hún hefur gefið sig út fyrir yfirgripsmikla þekkingu á málefnum Kaupþings í aðdraganda falls bankans og hefur ekki tekið fyrrverandi stjórnendur bankans neinum vettlingatökum. Hún setti hins vegar á sig silkihanskana þegar hún tók hátíðarviðtal við fyrrverandi fjármálaráðherra Bretlands, Alistair Darling, og leyfði honum án nokkurrar gagnrýni eða athugasemda að klifa á sinni gömlu lygamöntru um óeðlilega flutninga fjármagns til Íslands. Vafalaust átti þessi skáldskapur Darling stóran þátt í því að Bretar ákváðu að fella Kaupthing Singer Friedländer á sama tíma og þeir komu fjölmörgum öðrum breskum og mun verr stöddum bönkum til hjálpar. Sú mismunun er mér enn óskiljanleg – og sömuleiðis sú ákvörðun Breta að beita hryðjuverkalögum á Lands- og Seðlabankann með skelfilegum afleiðingum fyrir samfélagið. Um þetta hirti hin sérfróða fréttakona RÚV ekki að spyrja enda þótt sjálfur fjármálaráðherra Breta á þessum tíma sæti fyrir framan hana. Hún bugtaði sig og beygði í lotningu fyrir viðmælanda sínum og leyfði honum að nota sig sem krana fyrir eldgamla og úrelta lygasögu. Sigrúnu var sama um sannleikann. Ríkisútvarpinu líka. Og öðrum fjölmiðlum. Hvergi er risið upp til að rannsaka eða mótmæla þessum rakalausu dylgjum.

5. Íslenskir fjölmiðlar hafa á undanförnum dögum margtuggið það upp úr breskum fjölmiðlum að tjón breskra skattgreiðenda af Kaupthing Edge reikningum og starfsemi Kaupthing Singer Friedländer þar í landi eigi eftir að leika á milljörðum punda. Engin tilraun er gerð til að sannreyna þessar staðhæfingar heldur látið nægja að endurflytja þær sem staðreyndir. Hið rétta er að enn er óljóst hvort eitthvert tjón verður af starfseminni, jafnvel þótt bankinn hafi verið felldur, þar sem ágætlega hefur gengið að innheimta eigur hans. Hið háa endurheimtuhlutfall staðfestir það sem stjórnendur KSF hafa alltaf haldið fram en það er að bresk stjórnvöld hafi gert skelfileg mistök þegar þau ákváðu að meðhöndla KSF öðruvísi en alla aðra breska banka haustið 2008. Um þetta er íslenskum fjölmiðlum sama. Sönglið skal snúast um tjónið af völdum bankanna – ekki Bretanna.

> Engin rússnesk fyrirtæki voru nokkru sinni með nokkur viðskipti við Kaupþing Luxemburg. Hið rétta er líka að við endurskipulagningu bankans voru allar innistæður í honum greiddar til eigenda sinna. Uppspuninn um rússneska leynisjóði og peningaþvætti er þvættingur.

6. Og nú síðast kemur fram enn einn fjölmiðlamaðurinn sem nærist á sviðsljósinu og heldur því fram að í gömlum bankahvelfingum Kaupþings í Lúxemborg liggi vandlega þvegnir leynisjóðir frá nafngreindu rússnesku gasfyrirtæki. Ásakanir um peningaþvætti eru um leið ásakanir um alvarlegt lögbrot, í þessu tilfelli bæði bankans og viðskiptavinarins. Atvinnurógur og meiðyrði í fjölmiðlum eru að verða daglegt brauð. Hið rétta er að engin rússnesk fyrirtæki voru nokkru sinni með nokkur viðskipti við Kaupthing Luxembourg. Hið rétta er líka að við endurskipulagningu bankans voru allar innistæður í honum greiddar til eigenda sinna. Uppspuninn um rússneska leynisjóði og peningaþvætti er innistæðulaus þvættingur. Höfundinum Sölva Tryggvasyni er sama. Líka þeim sem gefa hann út. Og aðrir fjölmiðlar láta sér svona smotterí í léttu rúmi liggja.

7. Nýjasta slúðrið er síðan á vefmiðlinum AMX þar sem nafnlausir smáfuglar (litlir í orðsins fyllstu merkingu) hvísla um það í raddstyrk Gróu á Leiti að líklegast séu gömlu stjórnendur Kaupþings og klíkan í kringum þá í broddi fylkingar hins nýja eignarhalds á Arion banka. Enginn fótur er fyrir þessu og væntanlega veit hvíslarinn það jafn vel og allir aðrir. Honum er sama. Eiganda miðilsins er sama. En slúðrið er skemmtilegt og aðalatriðið að skvetta meiri olíu á eldinn og stíga dansinn í kring.

Síðasta dæmið um metnaðarleysi fjölmiðlanna, nafnlausa fuglahvíslið á AMX, er alls ekki það alvarlegasta sem ég hef gert að umfjöllunarefni í þessari grein. Það er hins vegar umhugsunarefni hvort ábyrgðarleysi þessa dvergmiðils gefi vísbendingu um það sem hinir stærri leyfi sér líka. Þar undanskil ég engan en vil þó nefna það að Fréttablaðið gerir sig að mínu viti sjaldnar en aðrir sekt um vinnubrögð af því tagi sem ég hef gert að umtalsefni. Ég vil líka vekja sérstaka athygli á því að einn íslenskur fjölmiðill hefur lögbundnar samfélagslegar skyldur enda að fullu í eigu þjóðarinnar allrar. Þess vegna er honum, og ekki síst fréttamönnum hans og pistlahöfundum, gjarnan treyst betur en öðrum. Þessu fólki er fært mikið vald. Það er sorglegt að sjá það oft á tíðum vera sporgengla kollega sinna og jafnvel forystusauði í þjónkun við spurn markaðarins eftir fleiri aftökum á alþingi götunnar.



2 SPORT
*besta sætið*

ORKA

Arion banki

# VIÐ RÆSUM F1 Formula 1 FORMÚLUNA 26. MARS

Nú verður Formúla 1 meira spennandi en nokkru sinni fyrr. Fimm heimsmeistarar eru í hópi þeirra sem berjast um titilinn og ýmsar tækninýjungar gera kappaksturinn enn snarpari og æsilegri en áður.

**VERTU Á RÁSPÓL ÞEGAR KEPPNIN HEFST LAUGARDAGINN 26. MARS.**




Fíton/SÍA

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT | 2 SPORT 2 | 2 SPORT 3 | 2 SPORT 4 | 2 SPORT 5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# tímamót

timamot@frettabladid.is



59 **KOLBRÚN BJÖRGÓLFSDÓTTIR** listamaður er 59 ára í dag.

*„Maður gerir sig hamingjusaman sjálfur.“*



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Þórarinsdóttir**
Fögrubrekku 24, Kópavogi,

lést á Landspítalanum Fossvogi þriðjudaginn 15. mars.

**Halldór S. Guðmundsson**
**Jónas H. Bragason** **Guðrún Sólveig Guðmundsdóttir**
**Halla Ósk Halldórsdóttir** **Geir Atli Zoëga**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Magnús Þór Helgason**
Kirkjuvegi 1, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 17. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

**Einar Magnússon** **Ingibjörg Bjarnadóttir**
**Grétar Magnússon** **Margrét Borgþórsdóttir**
**Guðríður Magnúsdóttir** **Magnús Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þorgerður Árnadóttir Blandon**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni þriðjudaginn 15. mars. Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 28. mars kl. 13.00.

**Þorbjörg Skarphéðinsdóttir** **Sigurður Þorgrímsson**
**Haraldur Sigurðsson** **Guðleif Helgadóttir**
**Arnheiður E. Sigurðardóttir** **Óskar Sæmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæri*

**Ragnar Georgsson**
skólastjóri og forstöðumaður Skólaskrifstofu Reykjavíkur,

verður jarðsunginn í dag föstudaginn 18. mars kl. 13.00 frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

**Rannveig Magnúsdóttir**
**Steinunn Birna Ragnarsdóttir** **Hans Gústafsson**
**Brynhildur Björnsdóttir** **Helgi Gunnarsson**
**Ragnar Logi, Arent Orri, Steinunn Thalia og Gerður Tinna**



*Innilegar þakkir til ykkar allra, sem sýnduð okkur hlýhug og samúð við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Halls Jónassonar**
bifreiðarstjóra, Lindarbrekku, Varmahlíð, Skagafirði.

Sérstakar þakkir eru til Álftagerðisbræðra.
Guð blessi ykkur öll.

**Aðalbjörg A. Jónsdóttir**
**Steinunn Helga Hallsdóttir** **Gunnar Randver Ágústsson**
**Jónas J. Hallsson** **Inga Hanna Dagbjartsdóttir**
**Hafdís Hallsdóttir** **Bjarni Ingvarsson**
**Jónína Hallsdóttir** **Einar Einarsson**
**og afabörn**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Árbjörg Ólafsdóttir**
Húsagarði, áður Suðurhólum 30,

lést á dvalarheimilinu Lundi 12. mars sl. Útför fer fram frá Skarðskirkju í Landsveit laugardaginn 19. mars kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Ólafs Björnssonar.

**Sigrún Ingólfsdóttir** **Einar Brynjólfsson**
**Jóna St. Sveinsdóttir**
**Ólafur S. Sveinsson** **Guðbjörg Anna Ellertsdóttir**
**Ólafía Sveinsdóttir** **Ólafur Andrésson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn**



*Elsku sonur okkar, bróðir og dóttursonur,*

**Kári Þorleifsson**
Drekavogi 16,

andaðist á gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi 16. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðný Bjarnadóttir**
**Þorleifur Hauksson**
**Þórunn Þorleifsdóttir**
**Álfdís Þorleifsdóttir**
**Ari Þorleifsson, Mette, Mathilde, Jóhann**
**Sigrún Hermannsdóttir**



*Áskær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún M. Hjaltalín Ingólfsdóttir**
er látin.

Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 24. mars kl. 13.30. Jarðsett verður í Ólafsfjarðarkirkjugarði föstudaginn 25. mars kl. 16.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Lautina, athvarf Rauða krossins á Akureyri, 565-14-607610, kt. 650101-3320.

**Ingunn H. Hallgrímsdóttir** **Garðar Jóhannsson**
**Sigrún M. Hallgrímsdóttir** **Hilmar Már Aðalsteinsson**
**Sóley R. Hjaltalín**
**barnabörn, barnabarnabarn, systkini hinnar látnu og vinir.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Jóhannesson**
Hólabraut 7, Hrísey,

varð bráðkvaddur á heimili sínu föstudaginn 11. mars. Jarðarförin fer fram frá Hríseyjarkirkju þriðjudaginn 22. mars kl. 14.00. Innilegar þakkir og hlýja til nágranna okkar.

**Sóley Hannesdóttir**
**Hannes Sveinn Gunnarsson** **Jóna Jóhannsdóttir**
**Jóhanna Sigurbjörg Gunnarsdóttir** **Emil Albertsson**
**Ingvar Gunnarsson** **Særún Guðgeirsdóttir**
**Gylfi Gunnarsson** **Kristrún Inga Hannesdóttir**
**Eva Gunnarsdóttir** **Friðrik Ottesen**
**afa- og langafabörn.**



**INGIMAR SVEINSSON TAMNINGAMAÐUR** „Mín aðferð virkar langbest á hesta sem aldrei hafa verið snertir,“ segir reynsluboltinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

INGIMAR SVEINSSON TAMNINGAMAÐUR:
ER MEÐ NÁMSKEIÐ HJÁ SÖRLA Í KVÖLD

## Aldeilis ekki af baki dottinn

Hestamannafélagið Sörli í Hafnarfirði efnir til kynningar á námskeiði í frumtamningum í kvöld klukkan 19 þar sem öldungurinn Ingimar Sveinsson lýsir sínum aðferðum er hann nefnir Af frjálsum vilja. Tveir flottir folar verða notaðir sem kennslutæki.

Ingimar byggir tamningaaðferðir sínar að hluta til á kenningum hins bandaríska Monty Roberts og að hluta til á eigin reynslu. „Ég hef tekið ýmislegt frá útlöndum og lagað það að íslenska hestinum því hann er ólíkur öðrum hestakynjum á margan hátt, hefur aðra hæfileika og allt öðru vísi skapgerð,“ segir hann og lýsir nánar. „Íslenski hesturinn er miklu sjálfstæðari en aðrir enda er hann alinn upp úti við og er að miklu leyti villtur. Erlendis er strax farið að teyma folöldin nýfædd en mín aðferð virkar langbest á hesta sem aldrei hafa verið snertir. Ég hef verið með námskeið annars staðar á Norðurlöndunum og þar eru hestarnir orðnir ofdekraðir heimalningar,“ segir Ingimar. „Þá er erfitt að eiga við þá því hesturinn vill valta yfir manninn.“

Ingimar er 83 ára og nýfluttur á höfuðborgarsvæðið ásamt konu sinni, eftir 25 ára búsetu á Hvanneyri í Borgarfirði. Mosfellsbærinn varð fyrir valinu. „Ég kann svona sæmilega við mig. Þegar ég verð búinn að fá hestana mína þá gerbreytist lífið,“ segir hann glaðlega. Hann kveðst fá fjóra þeirra í næstu viku og vera búinn að leigja tvær stíur fyrir þá í Mosfellsbænum. „Svo á ég sex til viðbótar uppi á Hvanneyri, þar verður sinnt um þá í vetur.“

Ingimar var kennari á Hvanneyri í þrettán ár en kveðst hafa farið í „úreldingu eins og aðrir“ þegar hann varð sjötugur. „En ég hef verið með námskeið bæði við skólann og annars staðar og er búinn að taka um 1.500 manns og jafnmarga hesta á þau.“ Ekki kveðst hann skella sér á bak á námskeiðunum heldur fari hver á bak á sínum hesti. „Ég stjórna hestinum frá jörðu og læt ekki fólk fara á bak fyrr en það er öruggt,“ segir hann og tekur fram að aldrei hafi orðið slys á námskeiðum hjá honum.

Hátt í 400 blaðsíðna bók, Hrossafræði Ingimars, kom út í byrjun desember og seldist upp á hálfum mánuði. Nú er önnur útgáfa komin úr prentun. „Hún er ekki bara um tamningar, heldur um allt sem viðkemur hestinum,“ útskýrir höfundurinn, sem sjálfur pikkaði textann inn á tölvu. „Ég er ekkert óskaplega hraðvirkur á takkaborðinu,“ segir hann. „Enda ekkert unglamb lengur.“ gun@frettabladid.is



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigrún Þorbjörg Runólfsdóttir**
frá Fáskrúðsfirði,

andaðist á elliheimilinu Grund sunnudaginn 13. mars. Útförin fer fram frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 19. mars kl. 14.00.

**Sigurður Emil Ólafsson** **Guðný Ásta Ottesen**
**Sigmar Ólafsson** **Úlfhildur Gunnarsdóttir**
**Hrefna Ólöf Ólafsdóttir** **Sveinbjörn Arnarson**
**Auður Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** skrambi, **6.** í röð, **8.** tré, **9.** háttur, **11.** mun, **12.** tónstigi, **14.** yfirbragð, **16.** sjó, **17.** stúlka, **18.** munda, **20.** þys, **21.** steypuefni.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkamshluti, **3.** átt, **4.** eyja í Miðjarðarhafi, **5.** svelg, **7.** aftursæti, **10.** op, **13.** festing, **15.** löngun, **16.** pumpun, **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ansi, **6.** áb, **8.** við, **9.** lag, **11.** ku, **12.** skali, **14.** stíll, **16.** sæ, **17.** mey, **18.** ota, **20.** ys, **21.** gifs.

**LÓÐRÉTT: 1.** háls, **3.** nv, **4.** sikiley, **5.** iðu, **7.** baksæti, **10.** gat, **13.** lím, **15.** lyst, **16.** sog, **19.** af.











# Tæknipása

**BAKÞANKAR**
**Þórunnar Elísabetar Bogadóttur**



Tölvur eru hinir mestu tímaþjófar. Það geta væntanlega flestir verið sammála um, þó notagildi þeirra sé líka nokkuð óumdeilt. Það er þó ekki fyrr en tölvurnar eru teknar út úr jöfnunni, hvort sem það er gert meðvitað eða ekki, sem það kemur í ljós nákvæmlega hversu miklum tíma er eytt í þessum tækjum.

**NÚ Í** kvöld ætlar hópur fólks að komast að þessu með því að halda hátíðlegan „National Day of Unplugging“ sem mætti þýða sem „Tökum úr sambandi dagur“ eða „Ótengdi dagurinn“ á íslensku. Hvíldardagur í raun. Hann á að standa fram á morgundaginn, heill sólarhringur án farsíma og nets. Þetta er erfitt fyrir marga, erfiðara en þeir kannski gera sér grein fyrir.

**ÉG TÓK** óviljandi forskot á sæluna fyrr í vikunni. Hleðslutæki tölvunnar minnar gaf sig og ég sat uppi með hleðslulausa tölvu. Þetta reyndist mér erfitt, opinbera skýringin á því var að sjálfsögðu sú að ég er að skrifa BA-ritgerð og hún er jú skrifuð á tölvu. Þó það sé satt og rétt og hafi sett strik í reikninginn þótti mér alveg jafn erfitt ef ekki erfiðara að komast ekki á fréttamiðla, á tölvupóstinn, á Facebook.

**JAFNVEL** þó að ég vissi innst inni að ég væri nú líklega ekki að missa af neinu brjálæðislegu truflaði þetta mig. Ég er bara allt of vön því að vera með tölvuna opna einhvers staðar, þó ég sé ekkert að gera í henni. Hún bara er þar og það er hægt að kíkja á hina ýmsu staði á netinu hvenær sem er.

**FLJÓTLEGA** fór þetta þó að hafa mjög jákvæð áhrif og ýmislegt sem hefur lengi setið á hakanum var framkvæmt. Það þurfti bara nokkra daga til að afeitrast aðeins og sjá hversu mikill tími fer í ekki neitt þegar maður á fullhlaðna fartölvu. Ég missti heldur ekki af neinu stórfenglegu, í mesta lagi sparaði ég mér pirring.

**ÞÓ ÞURFTI** ég á endanum að útvega mér hleðslutæki, enda nauðsyn fyrir bæði nám og vinnu. Nú verður hins vegar minni tíma eytt í bullið, svo lengi sem það loforð endist.

**ÞAÐ KREFST** smá tíma að venjast því, en hvíldardagur er jafn nauðsynlegur frá tölvunni sem öðru. Prófaðu bara.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# menning

menning@frettabladid.is

**PAUL AUSTER Í NÝRRI ÞÝÐINGU** Bókafélagið Ugla hefur gefið út skáldsöguna Maður í myrkri eftir Paul Auster í þýðingu Kjartans Más Ómarssonar. Bókin segir frá rosknum bókmenntagagnrýnanda, sem dvelur í húsi dóttur sinnar í Vermont í Bandaríkjunum til að jafna sig eftir bílslys.

## Furðudýr og hamingjuharðdiskur

Myndlist ★★★★

**Hugarlundur**
Brynhildur Þorgeirsdóttir

**Þolgæði**
Jón Henrysson

**Listasafn ASÍ**

Brynhildur Þorgeirsdóttir sló í gegn á síðustu öld með persónulegum og frumlegum skúlptúrum úr steypu og gleri. Pönkuð furðudýr með einhvers konar gadda eða hanakamb komu, sáu og sigruðu. Brynhildur hefur alla tíð síðan verið trú myndheimi sínum, en innan hans hefur hún fetað ýmsa stíga. Nú sýnir hún aftur furðudýr, ef til vill er hún þar frjóust og upp á sitt besta. Pönkið hefur nú að mestu vikið fyrir lífrænum og mýkri formum og fágaðra yfirborði en verkin eru heillandi. Samspil glers og sands býður upp á nær óþrjótandi möguleika og formin, ofurviðkvæm og brothætt eða þung og sterk, kallast á. Brynhildur er í góðri þróun í verkum sínum og sýnir hér sínar bestu hliðar. Ásmundarsalur er þó kannski full stór í sniðum fyrir þau verk sem hér eru sýnd, en framsetning þessara verka skiptir nokkru máli.

Afstaða Brynhildar til listarinnar er af gamla skólanum. Skúlptúrar hennar eiga kannski meira sameiginlegt með t.d. verkum Sigurjóns Ólafssonar en með verkum margra samtímalistamanna. Listhluturinn



heldur hér gildi sínu, það er rétt eins og brambolt síðustu áratuga hafi aldrei átt sér stað. Brynhildur eyðir ekki tímanum í vangaveltur um hlutverk listamannsins eða stöðu listar í samtímanum. Reynir ekki á þanþol og mörk og rannsakar ekki rýmið, helstu tilhneigingar samtímalistar láta hana ósnerta. Skúlptúrar hennar eru ekki minna virði fyrir vikið, myndheimur hennar er sterkur og frjór.

Sýning Jóns Henryssonar í Gryfju kallast skemmtilega á við sýningu Brynhildar og myndheimur hans er ekki síður frjór. Efnisnotkun Jóns er sterkur þáttur í verkum hans. Hér notar hann plastefni og líklega akrýlliti, við sköpun samsettra, litríkra málverka. Myndir úr plastperlum (Hama) eru settar inn á myndflötinn, ofan á þykkan litinn eða fljótandi plastefni sem harðnar. Allt þetta í samspili við texta, álímd orð eða teiknimyndasögur í bakgrunni. Fígúrur á myndum minna á teiknimyndafígúrur úr ríki Svamps Sveinssonar en líka á myndverk eftir Egil Sæbjörnsson.

Í gryfjunni hefur listamaðurinn reist indíánatjald með trjábolum, klæðningin úr glæru plasti. Stólar og kerti skapa tilfinningu fyrir híbýlum, kósíhorni. Jón býður áhorfandanum afdrep í erilsömum heimi.

Myndirnar eru í anda nýrra strauma í málverki sem hafa verið ríkjandi um nokkurt skeið. Litríkur myndflötur, mynstur, samsettur myndflötur, graffití – hrærigrautur ólíkra áhrifa er settur fram á mismunandi máta á myndfleti málaranna. Form, línur eða myndbygging er ekki aðalatriðið, heldur að ná tökum á því að vinna með svo margbrotin áhrif og miðla á myndfletinum, og skapa um leið eitthvað merkingarbært. Jón hefur gott vald á myndmáli sínu, samspil orða og mynda er frjótt í verkum hans og litanotkunin, hin efnislega ofgnótt, áhugaverð. Í hráleika sínum minna verkin líka á nýja málverkið á níunda áratug.

Jóni tekst ágætlega að miðla þeirri blöndu af gleði og angist nútímamannsins sem hann sækist eftir, vangaveltur um „hamingjuharðdiskinn“ eins og hann orðar það skila sér vel.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Frjóar og persónulegar sýningar spila skemmtilega saman. Brynhildur Þorgeirsdóttir sýnir sínar bestu hliðar og innsetning Jóns Henryssonar skapar litríkan, heildstæðan heim þar sem áhorfandinn hefur úr miklu að moða.



# Ólafur hannar frímerki fyrir Hörpu

**Ólafur Elíasson myndlistarmaður hefur hannað frímerki í tilefni þess að Harpa verður tekin í notkun 4. maí næstkomandi. Ólafur hannaði glerhjúpinn utan á tónlistarhúsinu, sem er tilvísun í stuðlaberg sem finna má víða á landinu, og dregur frímerkið einnig dám af því. Henning Larsen Architects hönnuðu bygginguna en Artec Consultants hljómburðinn.**

**Íslandspóstur gefur frímerkið út 4. maí næstkomandi, sama dag og Harpa verður opnuð með tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Vladimírs Ashkenazy.**

# Tvíæringurinn tekinn til kostanna

Feneyjatvíæringurinn verður í brennidepli á málþingi sem Listasafn Reykjavíkur og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar standa fyrir á Kjarvalsstöðum á sunnudag.

Framsögumenn hafa allir komið að Feneyjatvíæringnum með einum eða öðrum hætti og munu þeir miðla af reynslu sinni og reifa ýmis álitamál varðandi hátíðina.

Birta Guðjónsdóttir, sýningarstjóri og myndlistarmaður, munu ræða um Feneyjatvíæringinn út frá þátttöku hennar sem aðstoðarmanns við uppsetningu í íslenska skálanum árið 2005. Börkur Arnarsson rekur gallerí i8 í Reykjavík og hefur komið að tvíæringnum í gegnum listamenn á vegum gallerísins, til dæmis Ragnar Kjartansson. Börkur fjallar um stöðu og eftirfylgni við listamenn sem taka þátt í Feneyjatvíæringnum. Dorothée Kirch hefur mótað nýja stefnu sem forstöðumaður Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, KÍM, og mun varpa ljósi á framtíðarsýn miðstöðvarinnar á tvíæringinn. Að lokum mun Ellen Blumenstein, sýningarstjóri íslenska skálans í Feneyjum 2011, fjalla um tvíæringinn í alþjóðlegu samhengi og í tengslum við íslenskan myndlistarveruleika.

Fríða Björk Ingvarsdóttir stýrir málþinginu, sem fer fram á ensku og stendur frá klukkan 15 til 17. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.



**ÚR SÝNINGU SÝNINGANNA** Steingrímur Eyfjörð er í hópi þeirra listamanna sem hafa sýnt á Feneyjatvíæringnum sem fulltrúar Íslands.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 18. mars**

### → Tónleikar



**20.00** **Kristjana Stefánsdóttir**, söngkona, og **Kjartan Valdemarsson**, píanóleikari,halda tónleika í **Menningarmiðstöðinni Gerðubergi** kl. 20. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**23.00** **Fjáröflunartónleikar Of Monsters and Men** fara fram á **Faktorý** í kvöld kl 23. Sveitin er á leið í hljóðver að taka upp sína fyrstu breiðskífu. Einnig koma fram **Orphic Oxtra** og **Who Knew?**. Húsið opnar kl. 22. Aðgangseyrir kr. 1.000.

### → Síðustu forvöð



Síðasta sýningarhelgi málverkasýningar **Huldu Hlínar, Huldir heimar**, er um helgina. Listamaðurinn verður á staðnum frá kl. 13-15 á laugardag. Sýningu lýkur á sunnudag. Opið frá kl. 9-22.

### → Málþing

**12.00** **Málþing um niðurstöður rannsókna á aðstæðum og upplifun kvenna** í fjórum greinum á verkfræði- og náttúruvísindasviði HÍ fer fram í dag kl. 12. Aðgangur er ókeypis. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**







# Fólk

folk@frettabladid.is



**3 HJÓNABÖND** á hjólabrettakappinn Tony Hawk nú að baki. Hann skildi nýverið við þriðju eiginkonu sína og tók saman við fyrrverandi eiginkonu æskuvinar síns í staðinn.



**VARKÁR** Reese Witherspoon er varkár þegar kemur að ástarsamböndum.

## Alltaf varkár í ástarmálum

**Reese Witherspoon stígur varlega til jarðar þegar kemur að ástarsamböndum. Leikkonan er trúlofuð umboðsmanninum Jim Toth og undirbúningur fyrir brúðkaupið er í fullum gangi. Hún lenti í mörgum misheppnuðum ástarsamböndum áður en hún kynntist Toth og viðurkennir að það taki tíma fyrir sig að líða vel með karlmanni. Oftast leitar hún ráða hjá vinum sínum ef hún er óviss í ástarmálum. „Ég er mjög varkár og þess vegna hlusta ég á vini mína. Þeir vita betur en ég hvort ég er hamingjusöm. Þeir segja mér strax hvort karlmaður hentar mér vel og hvort ég sé að gera rétt,“ sagði hún.**

# Þrettán ára stelpa slær í gegn með hræðilegu lagi

**Fyrir nokkrum dögum vissu fáir hver Rebecca Black var, en í dag á hún eitt vinsælasta myndbandið á Youtube við lagið Friday. Lagið er hræðilega slæmt, hræðilega sungið og virðist ætla að þéna hræðilega mikið af peningum fyrir Black.**



**HRÆÐILEGA VINSÆL** Myndband Rebeccu Black, við lagið Friday, hefur farið eins og eldur í sinu um netheima undanfarna daga.

Rebecca Black er 13 ára *söngkona* frá Anaheim í Kaliforníu. Hún birti myndband sitt við lagið Friday á Youtube 10. febrúar síðastliðinn. Lagið er hrikalega slæmt, sem virðist vera ástæðan fyrir því að það fór að ganga á milli manna, meðal annars á Facebook. Síðasta föstudag var búið að horfa á það 40.000 sinnum, en fimm dögum síðar hafði verið horft á það um 10 milljónum sinnum. Þegar þetta er skrifað nálgast myndbandið 13 milljónir áhorfa. Vinsældirnar eru með ólíkindum.

Rebecca Black ætlar að hagnast á þessum nýtilkomnu vinsældum og á miðvikudag gaf hún lagið út á netinu. Fjölmargir eru tilbúnir að borga fyrir að hlusta á Black, en í gær sat lagið í 67. sæti á iTunes-vinsældalistanum, fyrir ofan listamenn á borð við Katy Perry, Rihönnu og Justin Bieber.

**67** Lagið sat í 67. sæti á iTunes vinsældarlistanum í gær. Fyrir ofan listamenn á borð við Katy Perry, Rihönnu og Justin Bieber.

Enn er óvíst hversu mörg eintök af laginu hafa selst. Til upplýsingar þá var lagið California Gurls með Katy Perry mest selda lagið á iTunes í fyrra og seldist í um 4,4 milljónum eintaka. Black rukkar 99 sent fyrir niðurhalið og ekki nema lítill hluti af þeim sem hafa horft á myndbandið við lagið á Youtube þurfa að borga fyrir lagið til að gera hana að milljónamæringi.

atlifannar@frettabladid.is

## Kvensamur Cooper

**Tímaritið Star heldur því fram að leikarinn Bradley Cooper hafi haldið framhjá kærustu sinni, leikkonunni Renée Zellweger með engri annarri en Jessicu Biel, fyrrum kærustu Justins Timberlake.**

**Tímaritið segir að Cooper og Biel hafi orðið nokkuð náin við tökur á kvikmyndinni New Years Eve og að oft hafi sést til þeirra í innilegum faðmlögum. „Hann hélt fast um mitti hennar og starði djúpt í augun á henni og brosti,“ var haft eftir heimildarmanni. Tímaritið vill einnig meina að Cooper hafi átt í stuttu ástarsambandi með Söndru Bullock þrátt fyrir samband hans og Zellweger.**



**KVENSAMUR** Leikarinn Bradly Cooper hefur verið sakaður um að halda framhjá Renée Zellweger. NORDICPHOTOS/GETTY





ÞANN 1. APRÍL DRÖGUM VIÐ ÚT
10 ÁRSKORT
OG 200 BÍÓMIÐA
TAKE BACK YOUR LIFE
LIAM NEESON
UNKNOWN
FEBRUARY
Í SÝNINGU
FROM THE CREATORS OF ICE AGE
LOVE AT FIRST FIGHT
Rio
15. APRÍL
PIRATES CARIBBEAN
20. MAÍ
SKRÁÐU ÞIG INN Á
WWW.SAMBIO.IS
ÞÚ SÉRÐ EKKI EFTIR ÞVÍ
BRADLEY COOPER
ABBIE CORNISH
ROBERT DE NIRO
LIMITLESS
MARCH
25. MARS
SUCKER PUNCH
BABYDOLL
1. APRÍL
MAKE EVERY SECOND COUNT
SOURCE CODE
8. APRÍL
AUÐVELT AÐ SKRÁ SIG, ÓTAL KOSTIR
SAFNAÐU PUNKTUM ÞEGAR ÞÚ VERLSAR
ÖFLUGT VILDARKERFI FYRIR KÚNNA SEM VERSLA Á NETINU
HÆGT AÐ KAUPA BARNAMIÐA OG MIÐA Á AÐRA VERÐFLOKKA
EN ALMENNA MIÐAVERÐIÐ
SAMBÍÓIN
EGILSHÖLL

# Semur við One Little Indian

**Nýjasta plata tónlistarmannsins Kalla kemur út á erlendri grundu í maí. Hann hefur samið við breska plötufyrirtækið One Little Indian.**

Tónlistarmaðurinn Karl Henry Hálfdánarson, betur þekktur sem Kalli, hefur gert plötusamning við breska útgáfufyrirtækið One Little Indian. Fyrirtækið mun gefa út nýjustu plötu Kalla, Last Train Home, og áætlað er að platan komi út í Evrópu, Bandaríkjunum, Ástralíu og Japan í maí.

Kalli segist hafa fengið mjög góð viðbrögð við plötunni á Íslandi og er því spenntur fyrir erlendu útgáfunni. „Ég hef starfað með One Little Indian áður. Ég vann með þeim þegar ég var í hljómsveitinni Tenderfoot og við gáfum út plötu hjá þeim árið 2005. Fyrstu sólóplötuna mína gaf ég líka út hjá þeim. Ég sagði svo skilið við þá fyrir tveimur árum og í raun er þetta endurnýjun á samstarfi okkar. Þetta er allt mjög jákvætt og gott,“ segir Kalli en hann mun fylgja plötunni eftir í sumar og ferðast um Evrópu og Bandaríkin. „Ég er alveg rosalega spenntur.“

Kalli segist vera byrjaður að huga að nýrri plötu, rétt aftast í kollinum. „Maður er alltaf að semja einhver ný lög. Ég hef líka verið að semja íslenska texta fyrir aðra. Mér finnst gaman að semja íslenska texta, en það tekst ekki öllum að koma lögunum sínum á framfæri á erlendri grundu á íslensku. Það er lítill markaður hér og ég vil koma tónlistinni minni sem lengst.“

Á laugardaginn mun Kalli halda tónleika á Græna hattinum á Akureyri. Þar mun hann spila lög af nýjustu plötunni, Last Train Home. „Ég hef ekki spilað fyrir norðan í tvö ár, svo ég er mjög spenntur fyrir tónleikunum á laugardaginn.“ Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og er forsala hafin í verslun Eymundsson á Glerártorgi. - eeh



**SEMUR VIÐ ONE LITTLE INDIAN** Kalli kemur tónlist sinni á framfæri erlendis og heldur í tónleikaferðalag um Evrópu og Bandaríkin í sumar. Hann spilar á Græna hattinum á Akureyri á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| UNKNOWN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| HALL PASS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 5:20 | VIP |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:20 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 10:20 | 16 |
| THE KING´S SPEECH | kl. 8 | L |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| YOGI BEAR M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:10 | L |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| UNKNOWN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| BATTLE: LOS ANGELES | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| JUSTIN BIEBER-3D textalaus | kl. 8 | L |
| KING'S SPEECH | kl. 10.30 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 8:20 - 10:40 | 12 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6:20 | L |
| THE WAY BACK Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | L |
| YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 3:30 | L |

SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




**SMÁRABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SEASON OF THE WITCH | KL. 8 – 10.15 | 14 |
| BATTLE LOS ANGELES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BATTLE LOS ANGELES LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| THE ROOMMATE | KL. 10.30 | 14 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 3.30 | L |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 - 8 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| LOVE AND OTHER DRUGS | KL. 8 – 10.30 | 7 |
| BIUTIFUL | KL. 6 – 9 | 12 |
| THE ROMANTICS | KL. 10.30 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 5.40 | L |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 5.30 | L |
| BLACK SWAN | KL. 8 | 16 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 8 - 10.15* KRAFTSÝNING | 12 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 6 | L |
| BLACK SWAN | KL. 6 | 16 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 6 - 8 | L |
| THE MECHANIC | KL. 10 | 16 |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is 5% AUKAKRÓNUR
facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | |
|---|---|
| LOVE & OTHER DRUGS | 8 og 10.20 |
| BATTLE: LOS ANGELES | 8 og 10.20(POWER) |
| RANGO - ENS TAL | 3.40, 5.50, 8 og 10.10 |
| RANGO - ISL TAL | 3.40 og 5.50 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 4 og 6 |

„SNILLDARBÓK“
EGILL HELGASON / KILJAN




PBB / FT
BÓ / MBL
FB / FBL

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| ROKLAND | 17:40, 22:10 |
| THE FIGHTER (14) | 22:30 |
| KVIKSETTUR (BURIED) (16) | 22:00 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40 |
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE) (14) | 17:40 |
| INSIDE JOB | 20:10 |
| JACQUES DEMY: LES PARAPLUIES DE CHERBOURG | 20:00 |
| ÞÝSKIR DAGAR: DER MANN DER ÜBER AUTOS SPRANG | 18:00 |
| ÞÝSKIR DAGAR: DIE FREMDE (L) | 20:00 |
| ÞÝSKIR DAGAR: SASHA (L) | 20:00 |
| ÞÝSKIR DAGAR: LILA, LILA (L) | 22:15 |

BAR & CAFÉ




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



ALLAR KVIKMYNDIR
FRÍAR
HELGINA 18. - 20. MARS
MANNASIÐIR
GILLZ
HÉR KOMA GOODSHIT FRÉTTIR: SJÓNVARPSSERÍAN MANNASIÐIR GILLZ FÆST NÚ Á FILMU.IS
NETIÐ EXPO
Besti Nýliðinn
FILMA.IS VERÐUR MEÐ EINKARÉTT Á MANNASIÐUM GILLZ TIL FIMMTUDAGSINS 24. MARS.
FM957
FILMA.IS

# sport

sport@frettabladid.is



**GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON** verður ekki með ÍBV í sumar því hann nýtti sér ákvæði í samningi sínum sem leyfir honum að semja við erlent félagslið og samdi til þriggja ára við sænska úrvalsdeildarfélagið Norrköping. „Þetta var alls ekkert auðveld ákvörðun en ég spurði mig að því hvenær ég fengi aftur svona gott tækifæri. Á endanum ákvað ég því að taka slaginn," sagði Gunnar Heiðar við Vísi. Eyjamenn eru nú að skoða framherja frá Danmörku og Austurríki.

## ÚRSLTIN Í GÆR

### *8 liða úrslit Iceland Express*

**KR-Njarðvík 92-80 (33-38)**

**Stig KR:** Marcus Walker 33, Brynjar Björnsson 20, Finnur Atli Magnússon 12, Fannar Ólafsson 9, Pavel Ermolinskij 6 (9 frák./11 stoð.), Hreggviður Magnússon 5, Ólafur Ægisson 3, Skarphéðinn Ingason 2, Jón Orri Kristjánsson 2.
**Stig Njarðvíkur:** Melzie Moore 20 (11 frák.), Giordan Watson 12, Jóhann Árni Ólafsson 11, Guðmundur Jónsson 10, Hjörtur Einarsson 8, Páll Kristinsson 7, Nenad Tomasevic 6, Friðrik Stefánsson 2, Brenton Birmingham 2, Egill Jónasson 2.

**Grindavík-Stjarnan 90-83 (45-38)**

**Stig Grindavíkur:** Mladen Soskic 20, Ryan Pettinella 19, Páll Axel Vilbergsson 18, Ólafur Ólafsson 17 (5 frák./7 stoðs.), Nick Bradford 12 (10 frák./7 stoðs.), Ómar Örn Sævarsson 4.
**Stig Stjörnunnar:** Justin Shouse 21 (9 stoðs.), Jovan Zdravevski 17, Renato Lindmets 16, Marvin Valdimarsson 14, Fannar Freyr Helgason 10 (15 frák.), Daníel G. Guðmundsson 3, Guðjón Lárusson 1, Kjartan Atli Kjartansson 1.

**LEIKIR Í KVÖLD**

| | |
|---|---|
| Snæfell-Haukar | Stykkishólmi kl.19.15 |
| Keflavík-ÍR | Keflavík Kl. 19.15 |

### *N1 deild karla*

Haukar-HK 29-28 (15–13)

**Mörk Hauka (skot):** Björgvin Þór Hólmgeirsson 9 (12), Tjörvi Þorgeirsson 5 (9), Einar Örn Jónsson 4 (4), Guðmundur Árni Ólafsson 3 (5), Þórður Rafn Guðmundsson 3 (6), Stefán Rafn Sigurmannsson 2 (7), Freyr Brynjarsson 2 (2), Heimir Óli Heimisson 1 (1).
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 14 (34/2, 41%), Aron Rafn Eðvarðsson 3/1 (10/2, 30%).
**Hraðaupphlaup:** 1 (Freyr Brynjarsson).
**Fiskuð víti:** 4 (Björgvin Þór Hólmgeirsson 2, Freyr Brynjarsson, Tjörvi Þorgeirsson).
**Utan vallar:** 10 mínútur
**Mörk HK (skot):** Bjarki Már Elísson 11/3 (12/4), Ólafur Bjarki Ragnarsson 4 (11), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 4 (11), Atli Karl Backmann 3 (4), Atli Ævar Ingólfsson 3 (5), Daníel Berg Grétarsson 1 (4), Sigurjón Björnsson 1 (2), Bjarki Már Gunnarsson 1 (1)
**Varin skot:** Björn Ingi Friðþjófsson 9 (29/4 31%), Andreas Örn Aðalsteinsson 0 (8, 0%)
**Hraðaupphlaupsmörk:** 2 (Bjarki Már Elísson 2)
**Fiskuð víti:** 4 (Atli Ævar Ingólfsson 2, Atli Karl Backmann, Ólafur Bjarki Ragnarsson)
**Utan vallar:** 6 mínútur

**Valur-Fram 35-25 (16-11)**

**Mörk Vals:** Sturla Ásgeirsson 10, Anton Rúnarsson 6, Ernir Hrafn Arnarson 5, Valdimar Fannar Þórsson 4, Jón Björgvin Pétursson 3, Orri Freyr Gíslason 2, Fannar Þorbjörnsson 2, Finnur Ingi Stefánsson 1, Einar Örn Guðmundsson 1, Hjálmar Þór Arnarson 1.
**Mörk Fram:** Einar Rafn Eiðsson 6, Arnar Birkir Hálfdánsson 6, Magnús Stefánsson 3, Jóhann Karl Reynisson 3, Róbert Aron Hostert 3, Stefán Baldvin Stefánsson 2, Andri Berg Haraldsson 1, Hákon Stefánsson 1.

**Selfoss-Akureyri 31-31 (11-15)**

**Mörk Selfoss:** Ragnar Jóhannsson 7, Guðjón Finnur Drengsson 6, Andrius Zigelis 5, Atli Kristinsson 3, Guðni Ingvarsson 3, Einar Héðínsson 2, Milan Ivancev 2, Gunnar Ingi Jónsson 2, Helgi Héðinsson 1.
**Mörk Akureyrar:** Bjarni Fritzson 12, Heimir Örn Árnason 6, Oddur Grétarsson 6, Hörður Fannar Sigþórsson 3, Guðmundur Hólmar Helgason 2, Daníel Einarsson 1, Halldór Logi Árnason 1.

**FH-Afturelding 34-23 (17-7)**

**Mörk FH:** Ásbjörn Friðriksson 9, Baldvin Þorsteinsson 6, Örn Ingi Bjarkason 5, Ólafur Andrés Guðmundsson 5, Ólafur Gústafsson 3, Ari Magnús Þorgeirsson 2, Halldór Guðjónsson 2, Benedikt Reynir Kristinsson 1, Atli Rúnar Steinþórsson 1.
**Mörk Aftureldingar:** Böðvar Ásgeirsson 5, Arnar Theódórsson 5, Sverrir hermansson 4, Þrándur Gíslason 4, Hilmar Stefánsson 2, Jón Andri Helgason 1, Bjarni Aron Þórðarson 1, Ásgeir Jónsson 1.

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Akureyri** | **17** | **13** | **2** | **2** | **492-444** | **28** |
| FH | 17 | 11 | 1 | 5 | 497-446 | 23 |
| **Fram** | **17** | **9** | **1** | **7** | **533-503** | **19** |
| Haukar | 17 | 8 | 3 | 6 | 446-438 | 19 |
| **HK** | **17** | **9** | **0** | **8** | **505-515** | **18** |
| Valur | 17 | 7 | 0 | 10 | 448-471 | 14 |
| **Afturelding** | **17** | **4** | **0** | **13** | **429-477** | **8** |
| Selfoss | 17 | 2 | 3 | 12 | 480-536 | 7 |

### *N1 deild kvenna*

**Fram-Grótta 42-17 (23-5)**

Mörk Fram: Stella Sigurðardóttir 9, Birna Berg Haraldsdóttir 7, Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 6, Marthe Sördal 5, Ásta Birna Gunnarsdóttir 4, Pavla Nevarilova 4, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 3, María Karlsdóttir 3, Hafdís Shizuka Iura 1.
Mörk Gróttu: Hildur Marín Andrésdóttir 3, Elísabet Þórunn Guðnadóttir 3, Fríða Jónsdóttir 2, Björg Fenger 2, Helga Þórunn Óttarsdóttir 1, Tinna Laxdal Gautadóttir1, Steinunni Kristín Jóhannsdóttir 1, Katrín Viðarsdóttir 1, Alexandra Kristjánsdóttir 1, Helga Rún Hlöðversdóttir 1, Auður Ólafsdóttir 1.




**STEMNING Í KR-LIÐINU** KR-ingar höfðu yfir nógu að fagna í seinni hálfleiknum þegar allt gekk upp hjá liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# KR-sýningin hófst eftir hlé

**KR er komið í 1-0 í einvígi sínu við Njarðvík í átta liða úrslitum Iceland Express-deildar karla í körfubolta eftir að hafa unnið flottan sigur á Njarðvík í DHL-höllinni í gær. KR-ingar voru rólegir í fyrri hálfleik en sprungu út í þeim síðari.**

**KÖRFUBOLTI** „Þetta vill oft vera ákveðin þolinmæðisvinna hjá okkur," sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR-inga, eftir að þeir unnu 92-80 sigur á Njarðvík á heimavelli sínum. Þetta var fyrsta viðureign liðanna í úrslitakeppninni en KR getur tryggt sig inn í undanúrslitin með sigri í Njarðvík á sunnudag.

KR-ingar voru lengi í gang í gær en léku á als oddi eftir hlé. „Varnarlega vorum við að gera það sem við ætluðum að gera í fyrri hálfleik en í hálfleik töluðum við um að verða árásargjarnari. Við fórum ekki að framkvæma fyrr en þá," sagði Hrafn.

Gestirnir frá Njarðvík byrjuðu leikinn betur. Það virtist vera ákveðið stress í KR-ingum sem voru ekki að spila sem lið og hittu illa. Njarðvík var fjórum stigum yfir eftir fyrsta fjórðung.

Sá annar einkenndist af mikilli baráttu og var mönnum orðið ansi heitt í hamsi. Nokkrir vafasamir dómar hjálpuðu ekki til að lækka hitann og gott að leikhlutinn var ekki lengri því það var öllum fyrir bestu að komast inn í klefa og róa aðeins taugarnar.



**27 STIG Í SEINNI HÁLFLEIKNUM** KR-ingurinn Marcus Walker fór á kostum í vörn og sókn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það gerði KR-ingum allavega gott því þeir komu gríðarlega öflugir til leiks eftir hlé. Staðan var 33-38 í hálfleik en með frábærri byrjun komst KR loks yfir 44-42 og vakti það stuðningsmenn þeirra sem höfðu vægast sagt látið lítið fyrir sér fara fram að þessu.

Stemningin var algjörlega heimamanna og Njarðvíkingar brotnuðu hægt og rólega. Staðan 62-56 fyrir lokafjórðunginn. Þar kláruðu Vesturbæingar leikinn fagmannlega, voru í flottum takti með sjóðheitan Marcus Walker í fararbroddi. KR vaknaði heldur betur af krafti og allir fóru að skila sínu. Tólf stiga sigur niðurstaðan.

„Marcus er bara afsprengi eigin vinnu og dugnaðar. Maður sem vinnur eins mikið og hann á hverjum degi verður ekki drepinn niður í 40 mínútna körfuboltaleik," sagði Hrafn. „Fram undan er bara glænýtt verkefni. Við förum á þeirra körfur á þeirra velli og þeir eiga eftir að vera alveg brjálaðir."

Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, var ekki sáttur við varnarleik síns liðs. „Við vorum mjög slakir varnarlega í seinni hálfleik og það var bara leikurinn. Þeir skoruðu einhver 60 stig í seinni hálfleik og þá er mjög erfitt að vinna. Þetta var barningur milli tveggja góðra liða. Það er svekkjandi að við duttum svona mikið niður því varnarleikurinn var ekki slæmur í fyrri hálfleiknum. Það er ýmislegt sem við þurfum að fara yfir fyrir næsta leik," sagði Einar.

elvargeir@frettabladid.is



**EINAR ÖRN JÓNSSON** Fékk rautt spjald í lokin í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Haukar upp fyrir HK í gær:

## Tjörvi skaut Hauka í 4.sætið

**HANDBOLTI** Leik Hauka og HK í N1-deild karla lauk með dramatískum 29-28 sigri Hauka á Ásvöllum í gærkvöldi. Tjörvi Þorgeirsson skoraði sigurmarkið þegar aðeins 7 sekúndur voru eftir. Með þessu lyfta Haukar sér upp fyrir HK og í sæti í úrslitakeppni N1-deilarinnar.

„Þetta var súr endir, sérstaklega þegar við vorum búnir að berjast til að komast aftur inn í leikinn," sagði Kristinn Guðmundsson, aðstoðarþjálfari HK. „Við hentum þessu eiginlega frá okkur, vorum að gera okkur erfitt fyrir og vantaði meiri grimmd til að klára þetta," sagði Kristinn. „Mjög stór sigur fyrir mig og allt liðið," sagði Gunnar Berg Viktorsson, þjálfari Hauka. „Þetta datt okkar megin í dag, við lögðum meira í þennan leik en hina leikina við HK enda ætluðum við ekki að tapa öllum þrem leikjunum gegn þeim," sagði Gunnar. - kpt

Evrópudeildin í gærkvöldi:

## Liverpool og City úr leik

**FÓTBOLTI Ensku liðin Liverpool og Manchester City duttu bæði út úr sextán liða úrslitum Evrópudeildarinnar í gærkvöldi. Liverpool náði aðeins markalausu jafntefli á móti Braga á Anfield en Portúgalirnir unnu fyrri leikinn 1-0.**

**Manchester City féll úr keppni þrátt fyrir 1-0 sigur á úkraínska liðinu Dynamo Kiev. Dynamo Kiev vann fyrri leikinn 2-0 og þar með 2-1 samanlagt. Mario Balotelli fékk beint rautt spjald á 36. mínútu en Aleksandar Kolarov skoraði eina mark leiksins. Benfica, Spartak Moskva, Twente, Porto, PSV Eindhoven og Villarreal komust líka áfram í gær.** - óój

Grindavík er komið í 1-0 eftir hörkuleik við Stjörnuna í gær í fyrsta leik liðanna í átta liða úrslitunum:

# Baráttan aftur komin í Grindavíkurliðið

**KÖRFUBOLTI** „Fyrir áramót var þessi barátta til staðar hjá okkur en svo hvarf hún. Nú er hún komin aftur og vonandi heldur þetta svona áfram," sagði Helgi Jónas Guðfinnsson, þjálfari Grindavíkur, eftir sigur sinna manna á Stjörnunni í gær, 90-83.

Grindavík sýndi þá takta sem svipaði til spilamennsku liðsins í upphafi tímabilsins þegar liðið var nánast ósigrandi. Síðan þá hafa þeir gulklæddu gefið eftir en þeir ætla sér að berjast fyrir sínu í úrslitakeppninni og sýndu í gær að þeir eru til alls líklegir á góðum degi.

Nick Bradford átti góðan leik með Grindavík í gær og sýndi að þó svo að hann hafi oft verið í betra formi kann hann enn að spila góða vörn, leita félagana uppi og keyra upp að körfunni. Allt þetta gerði hann í gær með góðum árangri en fleiri hjá Grindavík spiluðu vel í gær.

Grindavík hafðið undirtökin lengst af í leiknum og gaf tóninn



**ÁNÆGÐUR MEÐ SÍNA MENN** Helgi Jónas Guðfinnsson er tábrotinn og gat ekki spilað í gær en stýrði sínum mönnum til sigurs af bekknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

með því að skora sex þriggja stiga körfur í fyrsta leikhluta. Leikarnir jöfnuðust í síðari hálfleik og komust Stjörnumenn fljótt yfir, 51-49. Þá tók harðjaxlinn Páll Axel Vilbergsson til sinna mála og skoraði næstu níu stig Grindavíkur, öll utan þriggja stiga línunnar. Stjarnan átti reyndar aftur eftir að komast yfir í upphafi fjórða leikhluta en aftur höfðu Grindvíkingar betur í baráttunni á báðum endum vallarins og unnu að lokum sjö stiga sigur.

„Það voru allir að standa sig vel í kvöld og allir að skila sínu. Við þurfum að kíkja á ákveðna punkta sem við þurfum að laga og ef við gerum það þá erum við í góðum málum fyrir framhaldið," sagði Helgi Jónas en kollegi hans hjá Stjörnunni, Teitur Örlygsson, segir að sínir menn geti miklu betur.

„Ég er auðvitað hundfúll því að við spiluðum ekki nógu vel í kvöld. Við getum bætt okkar leik á mörgum sviðum og nú fáum við tvo daga til að gera það áður en næsti leikur kemur," sagði Teitur. „Við náðum þó að halda í við þá í kvöld þó svo að við hefðum ekki verið að spila vel. Það er kannski það eina sem manni líður vel yfir, að vita að við getum gert svo miklu betur þegar við mætum þeim heima á sunnudaginn."

- esá



BT
í Skeifunni
ÚTSALA
spil
30% afsláttur
leikföng
playmobil
Barbie
LEGO
30% afsláttur
púsl
30% afsláttur
34.999
19.999
DRUM ROCKER
PREMIUM DRUM SET
TILBOÐ
ION
Tölvuhátalarar
17.999
4.999
spilað & skilað
2 fyrir 1
DVD tónlist
30% afsláttur
ódýrt DVD
frá 299kr.
heimilistæki
sýningartæki
25% afsláttur
kæliskápar
uppþvottavélar
þvottavélar
þurrkarar
SAMSUNG
ZANUSSI
BT Skeifan - BT Glerártorg - S: 550-4444 - www.bt.is

## > Blake Lively

„Ég átti marga vini í menntaskóla en ég var aldrei þessi villta partístelpa. Hef aldrei verið hún, mun aldrei verða hún!“

***Blake Lively leikur Bridget, sem eyðir sumrinu fjarri þremur bestu vinkonum sínum en þær senda á milli sín gallabuxur sem stúlkurnar telja að færi þeim lukku í kvikmyndinni Sisterhood of the Traveling Pants 2 sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** JÚLÍA MARGRÉT ALEXANDERSDÓTTIR ÆTLAR AÐ FYLGJAST MEÐ HAMINGJULEIT ANNARRA

## *Rykið dustað af sjónvarpstækinu*

Það verður að segjast eins og er að síðustu árin hef ég lítið horft á sjónvarp. Ég hef aldrei náð svo mikið sem heilum þætti af vinsælustu þáttunum, svo sem Desperate Housewives, Mad men eða Læknamiðstöðinni. Ástæðan er líklega sú að ég er internetfíkill sem heldur ekki athygli yfir einni rás í einu. Internetfíkill opnar marga glugga í tölvunni í einu, les fimm fréttir, þrjá tölvupósta, msn-spjall og badabingsbrandara – allt á sömu mínútu. Það múltítaskar enginn á þennan hátt á sjónvarpsfjarstýringunni og ég held ekki athygli yfir einni rás í einu.

Þar til nú. Þar til að mér var bannað að hanga í tölvunni. Nú þegar ljóst er að tölvuseta yfir átta tíma vinnudag er nóg af því góða þarf ég að finna mér eitthvað annað að gera á kvöldin en vera á Facebook og Wikipediu. Og þar af leiðandi hef ég meiri tíma fyrir sjónvarpið. Ég kem mér fyrir í sófanum, kveiki á sjónvarpinu og líður eins og ég sé stödd á Árbæjarsafni að skoða gömul útvörp. Ég handleik fjarstýringuna og reyni að stoppa lengur en fimm sekúndur á hverri stöð. Eins og ég gerði einhvern tímann fyrir öld internetsins.



Ég verð að segja að ég hef bæði orðið fyrir djúpum vonbrigðum með sjónvarpsþætti sem kunningjar mínir hafa lofsamað og fundið óvænta ánægju yfir öðrum. Ég hef hreint út sagt skemmt mér betur við að líma á mig plástur en að horfa á læknaþáttinn á Stöð 2 og þurfti að beita mig hörðu til að þræla mér í gegnum Desperate Housewives. Svo hef ég látið aðra þætti koma mér skemmtilega á óvart þar sem þjóðlífsþátturinn Landinn fer þar með þeim fremstu. Á miðvikudagskvöld hóf svo göngu sína þáttur sem ég spenntist öll yfir. Hamingjan sanna heitir hann og ég get bara ekki beðið eftir þeim næsta. Enda gefst mér þar tækifæri til að fylgjast með hamingjuleit fyrrverandi skólafélaga míns. Það er ekki oft sem slíkt gerist í útsendingu, þótt ég hafi einu sinni getað það á Facebook.

### SJÓNVARPIÐ

**16.50 Kallakaffi** (3:12)
**17.20 Sportið** (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Otrabörnin** (13:26)
**18.22 Pálína** (8:28)
**18.30 Hanna Montana**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**

**20.10 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna. Umsjónarmenn: Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.

**21.15 Lífs eða liðin** (Over Her Dead Body) Bandarísk gamanmynd frá 2008. Framliðin kona reynir að spilla ástarsambandi fyrrverandi kærasta síns og miðils. Leikstjóri er Jeff Lowell og meðal leikenda eru Eva Longoria, Paul Rudd, Lake Bell og Jason Biggs.

**22.50 Hernumið land** (1:2) (Occupation) Bresk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum um þrjá fyrrverandi hermenn sem snúa aftur til Basra í Írak, hver af sinni ástæðu. Leikstjóri er Nick Murphy og aðalhlutverk leika James Nesbitt, Stephen Graham og Warren Brown. Myndin hlaut BAFTA-verðlaunin. Seinni hlutinn verður sýndur að viku liðinni.

**00.25 Ökufantar í Tókýó** (The Fast and the Furious: Tokyo Drift) Bandarísk hasarmynd frá 2006. Ungur maður flýr til pabba síns í Tókýó til að koma sér undan fangelsisvist og lendir í slagtogi við ökufanta. Leikstjóri er Justin Lin og aðalhlutverk leikur Lucas Black. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. (e)

**02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.00 Mr. Deeds**
**10.00 Jurassic Park 3**
**12.00 G-Force**
**14.00 Mr. Deeds**
**16.00 Jurassic Park 3**
**18.00 G-Force**
**20.00 Sisterhood of the Trav. Pants 2**
**22.00 Shoot ,Em Up**
**00.00 The Groomsmen**
**02.00 No Country for Old Men**
**04.00 Shoot ,Em Up**
**06.00 Meet the Spartans**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 'Til Death** (9:15)
**11.25 Auddi og Sveppi**
**11.50 Mercy** (22:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Oliver!**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (9:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Auddi og Sveppi**
**19.50 American Idol** (18:45)
**21.15 American Idol** (19:45)

**22.00 The Big Bounce** Gamanmynd með Charlie Sheen, Owen Wilson og Morgan Freeman sem fjallar um brimbrettakappa og smáglæpamann sem fer til Havaí í leit að nýjum tækifærum. Þar fær hann vinnu við að annast virðulegan eldri dómara en kynnist um leið þokkadís sem er unnusta ríkisbubba.

**23.25 Strip Search** Áhrifamikil kvikmynd þar sem fjallað er á áleitinn hátt um þá örvæntingu sem gripið hefur um sig í öryggismálum í kjölfar hryðjuverkanna 11. september.

**00.55 Good Luck Chuck** Rómantísk gamanmynd með Dane Cook og Jessicu Alba í aðalhlutverkum. Cook leikur eftirsóttan piparsvein sem getur valið sér hjásvæfur vegna þess að spurst hefur út að sá næsti sem þær hitta á eftir honum sé sá eini rétti.

**02.30 The Cable Guy** Sprenghlægileg mynd um manninn sem kemur inn á heimili fólks og tengir sjónvarpskapalinn. Við fylgjumst með því þegar hann kemur inn á heimili Stevens, gerir sig heimakominn og setur allt á annan endann.

**04.00 Go**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

### 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Liverpool - Braga**

**15.35 Man. City - Dynamo Kiev** Útsending frá leik Manchester City og Dynamo Kiev í Evrópudeildinni.

**17.20 Liverpool - Braga** Útsending frá leik Liverpool og Braga í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.

**19.05 Evrópudeildarmörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Evrópudeildinni í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.

**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.

**20.30 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.

**21.00 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

**21.45 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.

**23.50 KR - Njarðvík** Útsending frá fyrsta leik KR og Njarðvíkur í úrslitakeppni Iceland Expressdeildar karla í körfuknattleik.

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Tottenham - Blackburn** Útsending fra leik Tottenham og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.

**18.45 Man. City - Everton** Útsending frá leik Manchester City og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

**20.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.

**21.00 Premier League Preview 2010/11**

**21.30 Premier League World 2010/11**

**22.00 Garrincha** Þættir um bestu knattspyrnumenn sögunnar en að þessu sinni er komið að Garrincha.

**22.30 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara og stuðningsmenn teknir tali.

**23.00 West Ham - Arsenal**

### SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (8:14) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (8:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 Dr. Phil**
**17.25 Survivor** (15:16) (e)
**18.45 How To Look Good Naked** (5:12) (e)
**19.35 America's Funniest Home Videos** (7:50)
**20.00 Will & Grace** (8:24)
**20.25 Got To Dance** (11:15)

**21.15 HA?** (9:15) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi. Gestir þáttarins að þessu sinni eru Hannes í Buffi og Ingó Veðurguð.

**22.05 The Bachelorette** (10:12)
**23.35 Makalaus** (3:10) (e)
**00.05 30 Rock** (15:22) (e)
**00.30 The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret** (5:6) (e)
**00.55 Dirty Pretty Things** (e)
**02.35 Saturday Night Live** (11:22) (e)
**03.30 Will & Grace** (8:24) (e)
**03.50 Jay Leno** (e)
**04.35 Jay Leno** (e)
**05.20 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁR*GOLF*

**06.00 ESPN America**
**08.00 Transition Championship** (1:4)
**11.00 Golfing World**
**11.50 Golfing World**
**12.40 PGA Tour - Highlights** (10:45)
**13.35 World Golf Championship 2011** (4:4)
**17.45 Inside the PGA Tour** (11:42)
**18.10 Golfing World**
**19.00 Transition Championship** (2:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 The Open Championship Official Film 2010**
**23.45 ESPN America**

### 2 EXTRA

**19.30 The Doctors**

**20.15 Pressa** (6:6) Rammíslensk spennuþáttaröð í sex hlutum eftir Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson. Í þáttaröðinni fylgjumst við með Láru, nýgræðingi í blaðamennsku, sem tekur að sér að rannsaka dularfullt mannshvarf, sem brátt breytist í morðrannsókn.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**

**21.50 NCIS** (6:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöundu seríu.

**22.35 Fringe** (6:22).

**23.20 Life on Mars** (14:17) Bandarískur sakamálaþáttur sem fjalla um lögregluvarðstjórann Sam sem lendir í bílslysi í miðri morðrannsókn og vaknar upp sem lögreglumaður snemma á 8. áratugnum. Þættirnir eru frábær endurgerð á samnefndum breskum þáttum.

**00.05 Pressa** (6:6)
**00.50 Auddi og Sveppi**
**01.30 The Doctors**
**02.10 Fréttir Stöðvar 2**
**03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.

**21.00 Ævintýraboxið** Stefán Drengsson og félagar.

**21.30 Punkturinn** Ærsli og ólátabelgir.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### ÍNN

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jönu Gísladóttur.

**Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 19.50**

### American Idol

Tólf söngvarar eru eftir í American Idol og að þessu sinni fá þeir það verkefni að flytja lög sem eru jafngömul þeim. Í úrslitaþættinum koma meðal annars fram The Black Eyed Peas og Lee DeWyze.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Þær höfðu áhrif **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Eyðieyjan **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**14.15** Deal or No Deal **14.50** Deal or No Deal **15.25** Keeping Up Appearances **15.55** Keeping Up Appearances **16.30** Whose Line Is It Anyway? **16.55** Whose Line Is It Anyway? **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** Keeping Up Appearances **19.00** Keeping Up Appearances **19.30** Ruddy Hell! It's Harry and Paul **20.00** How Not to Live Your Life **20.30** Ashes to Ashes **21.20** The Office **21.50** Whose Line Is It Anyway? **22.15** Whose Line Is It Anyway? **22.40** Whose Line Is It Anyway? **23.05** Ashes to Ashes

### DR 1

**12.00** Vagn i Japan **12.30** Søren Ryge **13.00** Vores Liv **13.30** Gintberg på kanten **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Den lille røde traktor **15.10** Rasmus Klump **15.15** Alfons Åberg **15.30** Peter Pedal **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Geniale dyr **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor Afgørelsen **20.55** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **21.40** Enough **23.30** The Sweetest Thing

### NRK 1

**08.55** V-cupfinale alpint **10.00** NRK nyheter **10.10** V-cupfinale alpint **11.15** NRK nyheter **11.20** V-cupfinale alpint **12.15** NRK nyheter **12.20** V-cupfinale langrenn **13.15** NRK nyheter **13.20** V-cupfinale langrenn **14.25** V-cupfinale hopp **16.00** NRK nyheter **16.10** Skiskyting & Young Star **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.40** Norge rundt **19.05** Popstokk **19.55** Nytt på nytt **20.30** Skavlan **21.30** Finnmarksløpet **22.00** Kveldsnytt

### SVT 1

**09.30** Sverige! **10.00** Vinterstudion **10.25** Alpint: Världscupen **11.20** Vinterstudion **11.25** Alpint: Världscupen **12.20** Skidor: Världscupen **13.20** Vinterstudion **13.25** Skidor: Världscupen **14.30** Vinterstudion **15.00** Rapport **15.05** Debatt **15.50** Anslagstavlan **15.55** Antikrundan **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Så ska det låta **20.00** Skavlan **21.00** Den perfekta stormen





NÝIR OG SPENNANDI STAÐIR

Hvernig væri að fljúga út í heim og skoða framandi staði og töfrandi heimsborgir?

Skoðaðu nýja og spennandi staði og taktu þér far með einhverju af þeim 15 flugfélögum sem fljúga frá Íslandi á árinu.

**Prófaðu Dohop leitarvélina á Vísi, flug og gisting, öll hagstæðustu tilboðin á einum stað.**

dohop

vísir.is
Meiri Vísir.

Frá
Reykjavík
Til
Brottför
08.08.11
Til Baka
15.08.11
Leita





*„Það er Mother North með Satyricon. Flottur texti, flottur gítar, melódía og þungi. Allt við þetta lag er geðveikt.“*

Gyða Hrund Þorvaldsdóttir, gítarleikari Angistar.

# Hurts-drengir vilja tíu hvítar rósir

Tíu hvítar rósir eru á meðal þess sem meðlimir hljómsveitarinnar Hurts fara fram á að bíði þeirra í búningsherberginu á tónleikum þeirra á Íslandi.

Hurts kemur fram í Vodafonehöllinni á sunnudaginn. Dikta og Retro Stefson hita upp fyrir bresku drengina, en í gær var tilkynnt að um 400 miðar væru eftir.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins láta meðlimir Hurts sér ekki nægja að biðja um rósabúntið. Þeir fara einnig fram á að þrjár myndir af frægum súpermódelum hangi á vegg í búningsherberginu. Þeir taka sérstaklega fram að myndirnar megi ekki vera klámfengnar. Hurts-drengirnir eru annáluð snyrtimenni og því ætti ekki að koma á óvart að þeir biðja um straujárn, straubretti og stóran spegil. Þá verður sérstakt rakatæki fyrir andlit að vera í búningsherberginu ásamt fimm íslenskum póstkortum með frímerkjum, tilbúin til póstlagningar.

Áfengiskröfur hljómsveita komast oft í fréttirnar. Hurts-drengir eru tiltölulega hógværir, en biðja þó um lítilræði af gini, vodka og viskíi.



Hurts nýtur vaxandi vinsælda í Evrópu, en hljómsveitin kom fyrst fram á Íslandi á Iceland Airwaves-hátíðinni í fyrra. Hurts var nýlega valin nýliði ársins á tónlistarhátíð breska tímaritsins NME og hefur átt góðu gengi að fagna á öldum ljósvakans með lögunum Sunday og Wonderful Life. Miðasala fer fram á Midi.is. **- afb**



**SÉRSTAKAR KRÖFUR** Tíu hvítar rósir, straujárn, póstkort og rakatæki fyrir andlit er á meðal þess sem strákarnir í Hurts fara fram á að bíði þeirra í búningsherberginu.

FASTUS

Pottar og pönnur í miklu úrvali

Fjölbreytt úrval af pottum og pönnum fyrir allar gerðir eldavéla.
Allt að 50 lítra pottar.
Góð gæði og frábært verð.



Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

Hljómsveitin Sixties

Stórdansleikur á Kringlukránni
föstudaginn 18. mars og laugardaginn 19. mars.

Aðeins 1500 kr aðgangseyrir

Sjáumst.

Café Restaurant KRINGLU KRÁIN – á góðri stund

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 18.3. Kl. 20:00 4. sýn | Fös 1.4. Kl. 20:00 8. sýn | Mið 27.4. Kl. 20:00 |
| Lau 19.3. Kl. 20:00 5. sýn | Lau 2.4. Kl. 20:00 | Lau 30.4. Kl. 20:00 |
| Fim 24.3. Kl. 20:00 6. sýn | Mið 13.4. Kl. 20:00 | |
| Fös 25.3. Kl. 20:00 7. sýn | Fim 14.4. Kl. 20:00 | |



**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Mið 23.3. Kl. 19:00 Aukas. | Fim 31.3. Kl. 19:00 Síð.sýn |
| Lau 26.3. Kl. 19:00 | |



**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 20.3. Kl. 14:00 | Sun 3.4. Kl. 14:00 | Sun 17.4. Kl. 14:00 |
| Sun 20.3. Kl. 17:00 | Sun 3.4. Kl. 17:00 | Sun 17.4. Kl. 17:00 |
| Sun 27.3. Kl. 14:00 | Sun 10.4. Kl. 14:00 | |
| Sun 27.3. Kl. 17:00 | Sun 10.4. Kl. 17:00 | |



**Hedda Gabler** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 19.3. Kl. 20:00 | Sun 27.3. Kl. 20:00 | Sun 10.4. Kl. 20:00 |
| Sun 20.3. Kl. 20:00 | Mið 30.3. Kl. 20:00 | Lau 16.4. Kl. 20:00 |
| Fim 24.3. Kl. 20:00 Aukas. | Lau 2.4. Kl. 20:00 | Sun 17.4. Kl. 20:00 |
| Fös 25.3. Kl. 20:00 | Lau 9.4. Kl. 20:00 | |



**Brák** (Kúlan)

| | |
|---|---|
| Fös 18.3. Kl. 20:00 | Fös 8.4. Kl. 20:00 |
| Lau 26.3. Kl. 20:00 Aukas. | Fös 15.4. Kl. 20:00 |



**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 20.3. Kl. 13:30 | Sun 3.4. Kl. 13:30 | Sun 17.4. Kl. 13:30 |
| Sun 20.3. Kl. 15:00 | un 3.4. Kl. 15:00 | Sun 17.4. Kl. 15:00 |
| Sun 27.3. Kl. 13:30 | Sun 10.4. Kl. 13:30 | |
| Sun 27.3. Kl. 15:00 | Sun 10.4. Kl. 15:00 | |


ODDUR SNÆR MAGNÚSSON: ÞURFTI AÐ GERA ÞETTA FYRIR ÞRÍTUGT

# Lét drauminn rætast og gerði plötu með pabba

„Þetta er hlutur sem ég þurfti að gera áður en ég varð þrítugur,“ segir Oddur Snær Magnússon, sonur tónlistarmannsins Magnúsar Kjartanssonar.

Oddur Snær heldur útgáfuhóf í kvöld, daginn fyrir þrítugsafmælið sitt, í tilefni af sinni fyrstu sólóplötu, Tækifæri. Hún hefur að geyma tökulög sem hafa lengi verið í uppáhaldi hjá honum og verða þau afhjúpuð í útgáfuhófinu í kvöld.

„Þetta var seinasti séns til að gera eitthvað svona og þá var náttúrulega slegið til. Ég byrjaði að vinna í þessu í janúar,“ segir Oddur Snær, sem er ekki þekktur fyrir sönghæfileika sína. Hann ákvað að ganga alla leið með „gríninið“ því hann pantaði hljóðverstíma hjá föður sínum, lét útbúa plötuumslag með mynd af sér og sendi út fréttatilkynningu til vina og vandamanna, sem komu algjörlega af fjöllum.

Aðspurður segir hann að kostulegt hafi verið að vinna með föður sínum í fyrsta sinn. „Þarna var ég með einn reyndasta upptökustjóra Íslands sem hefur unnið með Geirmundi Valtýssyni, Megasi og Hallbirni Hjartarsyni. Ég var þarna í góðra manna hópi undir hans leiðsögn,“ segir hann léttur og telur sig hafa hitt í mark hjá föður sínum. „Ég held ég hafi komið honum einstaklega á óvart með leyndum sönghæfileikum sem ég er búinn að liggja á eins og ormur á gulli í þrjátíu ár.“

Oddur Snær hefur lengi staðið í skugganum af systur sinni Margréti Gauju hvað sönghæfileika varðar því hann var fjögurra ára þegar hún söng Sólarsömbu með föður þeirra í Eurovision-keppninni. „Það mætti segja að ég sé að hefna mín núna. Hún er augljóslega að farast úr öfundsýki út af þessari plötu.“

Oddur á reyndar stuttan feril að baki sem tónlistarmaður því hann vann Músíktilraunir með hljómsveitinni Stæner árið 1998 þar sem hann spilaði á hljómborð. Einnig syngur hann með karlakór Kaffibarsins. „Þetta blundar þarna undir niðri. Það er bara spurning um að virkja það.“

Maggi Kjartans hafði gaman af því að vinna með syni sínum og er sérlega ánægður með bassaródd hans. „Þegar hann tilkynnti mér að hann væri kominn í kór hélt ég að ég væri að heyra vitlaust því ég hafði aldrei heyrt hann syngja,“ segir hann. „Ég ætla ekki að fella neinn dóm um sönghæfileika hans nema bara að hann heldur lagi og er með þessa bassarödd. En diskurinn og öll þessi uppákoma er ein stór kómedía sem hann er að búa til.“

**freyr@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**TÓK ÓVÆNT UPP SÓLÓPLÖTU**

**Oddur Snær Magnússon** lét drauminn rætast og tók upp sólóplötu fyrir þrítugsafmæli sitt. Plötuna tók hann upp með pabba sínum, goðsögninni **Magnúsi Kjartanssyni**.

# Einleikurinn Afinn til útlanda

Einleikurinn Afinn er á leiðinni á fjalirnar á Norðurlöndunum og í Þýskalandi. Skrifað verður undir samninga um réttinn á einleiknum á næstunni. Fyrsta sýningin verður í Svíþjóð á næsta ári.

„Það eru afar í öllum löndum og þeir eru margir hverjir að glíma við sama hlutinn,“ segir leikstjórinn og höfundurinn Bjarni Haukur Þórsson, ánægður með framvindu mála.

Tæplega tíu þúsund manns hafa séð Afann síðan hann var frumsýndur í Borgarleikhúsinu 14. janúar með Sigurjón Sigurðsson í aðahlutverki. Ákveðið hefur verið að færa einleikinn af litla sviðinu yfir á það stóra í mars og apríl vegna mikillar aðsóknar. „Þetta hefur gengið svo vel að við þurftum að flytja í stærri sal,“ segir Bjarni Haukur.

Rúmlega þrjátíu þúsund manns sáu einleikinn Pabbann, þar sem Sigurjón leikstýrði Bjarna Hauki. Hann gekk fyrir fullu húsi í tæp tvö ár. Spurður hvort Afinn eigi eftir að ná Pabbanum í vinsældum segir Bjarni: „Hann fer hægar yfir en með þessu áframhaldi gæti hann gert það.“ **- fb**



**AFINN** Sigurjón Sigurjónsson í hlutverki afans, sem tíu þúsund Íslendingar hafa séð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SÁTTUR** Leikstjórinn Bjarni Haukur er ánægður með framvindu mála.




HEIMAPIZZA steikt beikon 120g **275,-**



# 295,-

**STÄM** pizzahnífur L17cm. Ýmsir litir




**HEIMAPIZZA** pizzaostur 300g **445,-**



**STRÅLANDE** rifjárn L28cm Ryðfrítt stál/dökkgrátt **895,-**

# Pizza heima hjá þér um helgina?



**STRÅLANDE** saxari H20cm. Hvítt **1.290,-**




HELGARTILBOÐ

# 95,-

**HEIMAPIZZA** pizzadeig 400g ~~175,-~~




**HEIMAPIZZA** hvítlauksolía 300ml **595,-**




**HEIMAPIZZA** maískurl 300g **295,-**



**SNITTA** hnífar L22cm Ryðfrítt stál/plast **895,-/6 í pk.**



**MAGASIN** kökukefli L43cm. Gegnheilt birki **695,-**




**HEIMAPIZZA** fajitas kjúklingur 120g **295,-**




**FRANK'S** sterk vængjasósa 354ml **525,-**




# 685,-

**HEIMAPIZZA** sterkir vængir 800g




**HEIMAPIZZA** rótsterkt pepperoni 120g **285,-**




# 595,-

**HEIMAPIZZA** brauðstangaolía 400g



**SMARTA** framreiðsludiskur Ø30cm. Hvítt **995,-**



**DRÄLLA** mjúk skurðarbretti B29×L37cm Ýmsir litir **495,-/2 í pk.**




**HEIMAPIZZA**
pizzanet 12" **995,-**
pizzanet 14" **1.145,-**

## Ókeypis máltíð fyrir börnin



Þegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.

## Pizzakynning um helgina



Laugardag og sunnudag kl. 13-17 ætlum við að baka pizzur og kynna nýjar áleggstegundir. Einnig sýnum við hvernig búa má til brauðstangir úr pizzadeiginu og brauðstangarolíu og kynnum nýja sterka kjúklingavængi. **Komdu og smakkaðu!**

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2011

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kolbfaðir í Spaugstofunni

Augljóst er að Spaugstofumenn eru í stöðugri naflaskoðun. Nýjum aukaleikurum bregður reglulega fyrir og Örn, Pálmi, Siggi og Karl Ágúst eru óhræddir við að ögra sjálfum sér og brjótast úr viðjum vanans. Nýjasta útspil Spaugstofumanna er til marks um þetta, en sjónvarps- og athafnamaðurinn **Ásgeir Kolbeinsson** kemur fram í næsta þætti. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Kolbfaðirinn ekki þurfa að leita langt yfir skammt í leit að innblæstri þar sem hann mun túlka sjálfan sig.



### Nýr Sætran á leiðinni

Það er skammt stórra högga á milli hjá matreiðslumeistaranum **Hrefnu Rósu Sætran**. Á næstunni opnar hún nýjan veitingastað í Austurstræti og eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni hafa hún og sambýlismaðurinn Björn Árnason fest kaup á nýrri íbúð í Litla-Skerjafirði. Nú hefur komið í ljós að þeim veitir ekki af meira plássi því Hrefna á von á sínu fyrsta barni. Erfinginn er væntanlegur í september.



**- afb, hdm**

## Mest lesið vísir


1. Dýralæknir vill láta lóga Rottweiler-tíkinni
2. Flutningabíll með mysu valt í Víkurskarði
3. Björgunarsveitir aðstoða fólk í föstum bílum
4. Berlusconi keypti Ruby hjartaþjóf 13 sinnum
5. Örvænting breytist í reiði meðal Japana








Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

# FERMINGAR-DAGAR

Mikið úrval af vönduðum fermingargjöfum í Ellingsen. Útivistarvörur, gönguskór, bakpokar, stangveiðivörur og gjafabréf.



**19.596 kr.**
LEATHERMAN WAVE VASAHNÍFUR
Ryðfrítt stál
17 verkfæri

**29.990 kr.**
MINOX SJÓNAUKI
8x25

**4.990 kr.**
HAVKE SJÓNAUKI
10x25



**36.990 kr.**
TATONKA 36 L DÖMUBAKPOKI
Léttur dagspoki með stillanlegri burðaról
Þyngd: 1,9 kg



**18.990 kr.**
DIDRIKSONS NORBA ÚTIVISTARSETT
Hlífðarbuxur + jakki, herra



**18.990 kr.**
DIDRIKSONS NORBA ÚTIVISTARSETT
Hlífðarbuxur + jakki, dömu



**37.990 kr.**
COLUMBIA DASKA GÖNGUSKÓR
Góðir, hálfstífir, háir gönguskór sem styðja vel við ökkla
Dömu- og herraskór



**29.990 kr.**
COLUMBIA WALLAWALLA GÖNGUSKÓR
Þægilegir og léttir gönguskór sem fara vel á fæti.



Verð frá **4.990 kr.**
DEVOLD ACTIVE UNDIRFATNAÐUR
Síðerma bolur



Verð frá **4.990 kr.**
DEVOLD ACTIVE UNDIRFATNAÐUR
Síðbuxur

ÞÚ FÆRÐ FERMINGARGJÖFINA HJÁ OKKUR.